

# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1977  
REYKJAVÍK 1978

*Setning, prentun, bókband:*  
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

## EFNISYFIRLIT

<b>Skýrsla bankastjórnar</b> . . . . .	5
Yfirlit yfir þróun efnahagsmála . . . . .	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag . . . . .	13
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrismál . . . . .	21
Fjármál ríkisins . . . . .	29
Peningamál . . . . .	37
Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir . . . . .	47
Yfirlit yfir lánamarkaðinn . . . . .	56
Gengismál . . . . .	62
Erlend mál og samningar . . . . .	64
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð . . . . .	67
Ýmis starfsemi bankans . . . . .	74
Stjórn bankans og starfslið . . . . .	79
Skýringar með ársreikningum . . . . .	81
<b>Reikningar 1977</b> . . . . .	84
Efnahagur 31. desember 1977 . . . . .	84
Rekstrarreikningur árið 1977 . . . . .	86
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. desember 1977	88
<b>Töflur</b> (sjá yfirlit á næstu síðu) . . . . .	90

## TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun . . . . .	90
2. tafla. Vísitölur verðlags og kaupgjalds . . . . .	91
3. tafla. Magn- og verðvísitölur sjávarafurðafframleiðslu . . . . .	91
4. tafla. Fjármunamyndun . . . . .	92
5. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1973—1977 . . . . .	93
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd. Ársfjórðungsyfirlit 1976—1977 . . . . .	94
7. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna . . . . .	95
8. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun . . . . .	96
9. tafla. Útflutningur. Skipting á helztu vöruflokka . . . . .	96
10. tafla. Staða þjóðarþúsins út á við . . . . .	96
11. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum . . . . .	97
12. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkisins . . . . .	98
13. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum . . . . .	98
14. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum . . . . .	99
15. tafla. Seðlar og mynt . . . . .	99
16. tafla. Skipting seðlamagnsins eftir seðlastærðum í árslok . . . . .	100
17. tafla. Skipting myntar eftir myntstærð í árslok . . . . .	100
18. tafla. Ávísanaskipti . . . . .	100
19. tafla. Úr peningamálum . . . . .	101
20. tafla. Úr reikningum Seðlabankans . . . . .	102
21. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana . . . . .	103
22. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana . . . . .	104
23. tafla. Skipting spariinnlána eftir innlánsformum í árslok . . . . .	104
24. tafla. Inn- og útlán innlánsstofnana . . . . .	105
25. tafla. Greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða . . . . .	106
26. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða . . . . .	107
27. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða . . . . .	107
28. tafla. Greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða 1977 . . . . .	108
29. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða . . . . .	110
30. tafla. Úr reikningum lánastofnana . . . . .	110
31. tafla. Útlánaflokkun lánastofnana . . . . .	111
32. tafla. Efnahagsreikningur Seðlabankans 1971—1977 . . . . .	112 og 114
33. tafla. Meðalgengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Seðlabankans . . . . .	116
34. tafla. Vextir á helztu flokkum inn- og útlána í bankakerfinu . . . . .	118
35. tafla. Út- og innflutningsverð og viðskiptakjör . . . . .	119
36. tafla. Vísitölur meðalgengis erlendra gjaldmiðla . . . . .	119

## SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

### YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

#### Efnahagsástandið í umheiminum

Efnahagsframvindan í heiminum hefur undanfarin tvö ár einkennt af fremur hægum endurbata eftir efnahagssamdrátt árunna 1974—1975. Í þeirri lögð tóku efnahagsvandamál á sig alvarlegri mynd en þekkt hafði um langt skeið, þar sem bæði var við að etja verðbólgu- og misvægisvandamál, er voru arfleifð þensluskeiðsins á undan, og stökkbreytingu olíuverðs, sem átti sér stað í lok þess. Þótt djúptæk áhrif efnahagslögðarinnar á atvinnu, framleiðslu og eftirspurn hafi verið öflug brýning til þess að örva endurbatann, hefur viðvarandi misvægi greiðslujafnaðar og gengismála milli helztu viðskiptaþjóða heims, ásamt verðbólgunni og ótta við endurnýjaða mögnun hennar, á hinn bóginn reynzt alvarlegur hemill á aðgerðir til endurbenslu og árangur þeirra.

Endurbatinn fór greitt af stað með 4,4% ársvexti þjóðarframleiðslu OECD-svæðisins á síðari helmingi 1975 og 6,3% á fyrri helmingi 1976, en síðan dró mjög úr vextinum, svo að hann varð aðeins um 3,1% á síðari helmingi 1976, um 4% á fyrri hluta 1977 og innan við 3% á síðari hluta þessa árs, og er þá miðað við ársígildi vaxtar eftir útjöfnun árstíðasveiflna. Stóðu framangreind verðbólgu- og misvægisvandamál einkum í vegi fyrir því, að betri árangur næðist. Þessi takmarkaði hagvöxtur hefur ekki veitt færi á að draga úr atvinnuleysi, sem hefur fremur aukzt á heildina litið og er áætlað um 5½% að meðaltali á OECD-svæðinu árið 1977. Til þess að bæta að marki úr atvinnuástandinu svo og til þess að ná betra samræmi í viðskiptajöfnuði og gengismálum höfðu OECD-löndin sameinazt um að stefna að 4% heildarvexti árið 1977 og 5% árið 1978. Eftir reynsluna af aðeins um 3,5% hagvexti árið 1977 er ekki búizt við, að unnt muni að ná

meiri hagvexti en um 4% á árinu 1978, og eru frekar líkindi til, að hann verði þar fyrir neðan.

Mjög hefur skipt í tvö horn um efnahagsástand, greiðslujöfnuð og styrk gjaldmiðla OECD-landanna. Koma í annan stað lönd með styrka stöðu útflutningsframleiðslu, hagstæðan viðskiptajöfnuð og sterka gjaldmiðla með hækkandi gengi, svo sem Japan, Þýzkaland, Sviss og Holland. Hinn flokkinn fylla lönd með þrálátan halla á viðskiptajöfnuði og fallandi gengi gjaldmiðla sinna, svo sem Frakkland, Ítalía og Bretland lengst af, auk ýmissa hinna minni landa, þ. á m. Miðjarðarhafslandanna. Bandaríkin eru í þessu tilliti í sérflokki í krafti yfirgnæfandi stærðar sinnar og styrks til þess að taka á sig viðskiptahalla til að örva endurbatann. Þessi munur á stöðunni út á við hefur staðið í allnánu sambandi við misjafnan hagvöxt og aðstöðu landanna til endurbata. Styrkari löndin hafa í meiri mæli nærzt af staðgóðri útflutningsþróun, en þau hafa jafnframt sýnt mikla varkárni gagnvart innri þenslu og hættu á verðbólguþróun og tregðu til að afsala sér hagstæðri samkeppnisaðstöðu út á við. Þar sem treyst var á, að þessi lönd gengju ásamt Bandaríkjunum á undan með ráðstafanir til að efla hagvöxt, hefur þessi tregða óhjákvæmilega orðið til hindrunar almenns endurbata í heiminum.

Á hinn bóginn höfðu lönd með veikari ytri aðstöðu gjarnan nýtt þenslusvigrúm sitt að fullu eða úr hófi fram og eru jafnframt haldin meiri og þrálátari tilhneigingu til verðbólgu. Hafa flest þeirra þannig verið háð því, að gerðar væru samtímis ráðstafanir til bættrar samkeppnisaðstöðu, svo sem með gengisbreytingum og viðnámi gegn verðbólgu, og til aukinnar eftirspurnar í viðskiptalöndum þeirra, þ.e. einkum í löndum með sterkari ytri stöðu. Þessi flókna samstæða vandamálanna hefur gert þau sérstaklega örðug úrlausnar og vex þeirri skoðun fylgi, að mikilvægt sé, að öll lönd, sem nokkurs mega sín, reyni samtímis að efla hagvöxt, fremur en beðið sé eftir leiðandi hlutverki þeirra, sem betur mega sín. Það eykur mjög á líkur á árangri, að Bandaríkin ganga djarft fram í trausti þessarar stefnu þrátt fyrir verulegan viðskiptahalla, er henni fylgir í byrjun. Ennfremur hefur viðskiptajöfnuður Bretlands snúizt í afgang um leið og tekjustefna og aðrar verðbólguaðgerðir hafa skilað talsverðum árangri, svo að svigrúm hefur skapazt til endurvaxins hagvaxtar. Jöfnun viðskiptahalla annarra landa, svo sem Ítalíu og Frakklands, vekur einnig vonir um samstillingu til aukins hagvaxtar. Þörf verður eigi að síður á áframhaldandi atfylgi við heilbrigða þróun eftirspurnar og hagvaxtar jafnframt stöðugri árvekni gagnvart misvægi og verðbólgu, einkum með þeim þjóðum, sem búið hafa við öra verðbólguþróun og óhagstæðan viðskiptajöfnuð.

**Grundvallar-  
skilyrði  
þjóðarbúsins**

Efnahagsástandið í umheiminum snýr svo við íslenzku þjóð-  
arþúi, að tiltölulega hagstæð eftirspurnarþróun ríkir í helztu  
markaðslöndum útflutningsafurða okkar, og styður það þá skoðun,  
að viðunandi markaðsástand haldist enn um sinn. Hins vegar  
verkar veik staða gjaldmiðla þessara landa og þá einkum Banda-  
ríkjanna á gjaldeyrismörkuðum andstætt á viðskiptakjör þjóð-  
arbúsins í heild, þar sem innflutningur er í hlutfallslega meiri  
mæli frá löndum með sterkari gjaldmiðla. Nokkur verðhækkun  
þarf því að verða á útflutningsafurðum umfram hækkun inn-  
flutningsverðs, hvort um sig metið í hlutaðeigandi gjaldmiðlum,  
til þess eins að viðskiptakjör þjóðarbúsins standi í stað. Raunar  
hefur óhagstæð gjaldeyrisafkoma markaðslanda skreiðar og salt-  
fisks þegar valdið alvarlegri röskun viðskipta við þau. Á heildina  
litið bötнуðu viðskiptakjörin um 10% að meðaltali ársins 1977  
og voru þannig nærri þeim beztu, sem þekkt hafa áður, en það  
var árið 1973. Eru því engar teljandi líkur á því, að viðskipta-  
kjörin muni batna enn frekar að sinni, heldur má fremur telja  
tæpt hald á þeim kjörum, sem náðst hafa.

Náttúruskilyrðin, einkum fiskstofnarnir, eru annar megingrund-  
völlur afkomu þjóðarbúsins. Á árinu 1977 minnkaði sókn í botn-  
fiskstofna verulega við brotthvarf Breta af miðunum og aðra  
frankvæmd útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Á hinn bóginn varð  
sóknaraukning við fjölgun innlendra veiðiskipa, og reyndist þörf  
fyrir vaxandi verndunaraðgerðir og beint þorsveiðibann um  
tíma. Hrygningarstofn þorsks er í lágmarki til öruggrar viðkomu  
stofnsins í framtíðinni, og svo mun líklega enn verða næstu árin.  
Verður því þörf áframhaldandi takmarkana, einkum á veiðum  
smáfisks og hrygningarfisks. Við þessi skilyrði er nýting flotans  
léleg og óhagkvæm, en nokkurrar úrbótar er að vænta við færslu  
sóknar til annarra tegunda, svo sem ufsa og karfa. Loðnuveiðar  
utan fyrri aðalveiðitíma og -svæðis skiluðu einstökum árangri á  
árinu, og varð loðnuafllinn 809 þús. tonn og heildarsjávarafli þar  
með 1.365 þús. tonn eða 10% meiri að þyngd en á fyrra metári  
1966, er hann var 1.240 þús. tonn. Raunveruleg framleiðsluauk-  
ning nam þó aðeins um helmingi þeirrar 38% aukningar, sem varð  
á þungamagni aflans frá árinu áður, þ.e. nærri 16% að aflaverð-  
mæti og 19% að afurðaverðmæti á föstu verðlagi. Á undan-  
förnu árabili stofnrýrnunar þorsks og fleiri botnfisktegunda hef-  
ur í raun orðið að taka framleiðsluaukningu með þeim fyrirvara,  
að þar hafi að verulegum hluta verið dregið á höfuðstól auðlind-  
anna. Mótsvarandi því má, ef svo vel tekst til, líta á takmörkun  
veiða til endurnýjunar fiskstofna og aukins afraksturs síðar sem  
fjárfestingu, væntanlega hina hagstæðustu, sem völ er á. Það  
árábil, sem sú endurnýjun mun taka, verða menn að gera sér

### Sveiflutoppurinn

ljósa grein fyrir þörfinni á að beina kröftunum í meiri mæli að öðrum viðfangsefnum og geta ekki gert kröfu til skiptingar þeirra verðmæta, sem þannig verða lögð til hliðar til afraksturs í framtíðinni.

Flest bendir til, að aflabrogð og viðskiptakjör hafi verið nærri tímabundnu hámarki á árinu 1977. Komu nokkur veikleikamerki þegar í ljós á árinu, t.d. í mikilli aukningu útflutningsvörubirgða, að verulegum hluta sökum tregra söluskilyrða. Var þessi birgðaaukning íþyngjandi fyrir peningakerfi landsmanna, enda umfram samtíma sparnað við ríkjandi skilyrði peningamarkaðar. Stefna hins opinbera í efnahagsmálum á undanförunum árum hefur falið í sér tilraun til þess að jafna út hagsveifluna með mildandi aðgerðum, þegar að kreppti, en á móti þurfti svo að taka kúfinn af sveiflutoppnum. Þessi stefna hefur þó ekki átt nægum skilningi að fagna í reynd, þegar tækifæri hafa gefizt til að leggja til hliðar í samfélagslega sjóði. Aukning raunverulegra þjóðar-tekna á árinu 1977 varð með því hæsta, sem reynsla er af, eða 7,9%. Ekki stóð á því, að eyðslan fylgdi fast á eftir, þar sem einkaneyzla jókst um 8% og fjármunamyndun um 7,5%, en að meðtöldum birgðabreytingum er áætlað, að þjóðarútgjöldin hafi aukizt um 10%. Varð aukning þessara stærða mun meiri en fyrirfram var gert ráð fyrir í stefnumótandi þjóðhagsspá, en þar var gert ráð fyrir 3% aukningu einkaneyzlu og nærri 6% samdrætti fjármunamyndunar. Leiddi af þessu viðskiptahalla um 9.655 m.kr. Að vísu má koma við ýmsum skýringum um sérstaka þætti í myndun þessa halla, en þau skýringaratriði haggja ekki þeirri meginstaðreynd, að færri uppgangstímans hefur ekki nýtt sem skyldi til þess að styrkja fjárhagslega afkomu og gjaldeyrislega stöðu þjóðarbúsins. Framundan er sá vandi að fyrirbyggja, að hagsveiflan brotni fram yfir sig og lendi í öldudal, en tryggja í þess stað, að orðið geti sem jöfnust framþróun frá því stigi, sem náðst hefur. Svipar efnahagsvanda þjóðarinnar að þessu leyti til vandamála umheimsins, sem lýst er hér að framan, og er hann þeim mun brýnni úrlausnar vegna þess, að verðbólguhneigð er hér með mesta móti og staðan veik út á við.

### Árstíðasveiflan

Þjóðarbúskapurinn einkennist af nokkuð reglufastri árstíðasveiflu ýmissa veigamikilla hagstærða. Á fyrstu mánuðum ársins verður gjarnan mikið peningaúttreymi úr bankakerfinu og Seðlabankanum sérstaklega, þegar mikil útflutningsframleiðsla, gjaldeyriskaup og afurðalán fara saman við árstíðabundnar þarfir ríkisbúskaparins. Á síðari hluta ársins er þess svo að vænta við eðlileg skilyrði, að jafnvægi náist í fjármálum, peningamálum og þjóðarbúskapnum almennt. Þegar árstíðabundin uppsveifla fer saman við uppgangskafli hagsveiflunnar, er þenslunni hins veg-



ar mjög hætt við að magnast út fyrir mörk efnahagslegs jafnvægis. Þessa varð mjög vart á fyrstu mánuðum ársins 1977. Að vísu er ekki hætt við miklum beinum verðhækkunaráhrifum af völdum slíkrar þenslu í svo opnu hagkerfi sem hið íslenska er orðið, enda hægði á verðbólgunni allt fram um mitt árið. Hin peningalega þensla og fordæmi uppgripatekna á takmörkuðum sviðum átti hvort tveggja tvímælalaust þátt í að undirbúa jarðveginn fyrir hina miklu kaupsprengingu, sem gerðist með nýjum kjarasamningum síðla í júnímánuði. Með þeim og öðrum kjarasamningum, er á eftir fóru, var kostnaður við alla framleiðslu- og þjónustustarfsemi í landinu stórhækkaður, og fólst í því alvarlegasta röskun efnahagsjafnvægisins á síðastliðnu ári.

### Kjarasamningarnir

Eftir gildistöku nýju kjarasamninganna varð þenslan ekki aftur tekin, heldur hlaut hún að halda áfram, en varð annars eðlis en áður. Í stað þess að nærast af framleiðslustarfsemi og hagstæðum ytri skilyrðum, magnaðist hún þaðan af fyrst og fremst af innri tekjuþenslu, eyðsluhneigð og spákaupmennsku í von um verðbólgu- og gengisávinning. Um mitt árið þrengdi af þessum sökum mjög að peningakerfinu, en úr greiddist að nokkru leyti aftur, þegar varnaraðgerðum varð við komið með vaxtabreytingum í ágúst og aftur í nóvember. Með þeim var tekinn upp almennur, en að vísu takmarkaður, verðbótaþáttur vaxta, er endurvakti traust almennings á viðnámi við verðrýrnun fjármagns. Þrátt fyrir þær verðhækkarnir, sem fylgdu í kjölfarið, héldu auknar rauntekjur gildi sínu og hækkuðu enn með áfangahækkunum út árið og ollu mestu um, að þjóðarútgjöld fóru svo fram úr áætlun og jafnvægismarki, sem að er vikið hér að framan. Peningalaun hækkuðu enn verulega vegna verðbótahækkana síðar á árinu, einkum þó í desemberbyrjun. Með kjarasamningunum var söðlað snöggt um til óhagstæðari afkomu og fjárhags atvinnuveganna, einkum útflutningsgreinanna. Ágerðust þær þrengingar óðum, eftir því sem á árið leið, svo að við lok ársins var mikill hluti fiskiðnaðarins að komast í fjárhagslegt þrot.

### Vísitöluskrúfan

Kerfi verðlagsuppbóta á laun í samræmi við eitthvert afbrigði framfærslukostnaðarvísitölu hefur verið við lýði með meiri eða minni takmörkunum, allt frá því að það var löghelgað í samræmi við júnísamkomulagið 1964, en þar áður hafði tenging launa við verðlag verið bönnuð frá ársbyrjun 1960. Frá því að vísitölukerfið hófst til vegs í upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar hefur það ýmist verið ákveðið með löggjöf eða kjarasamningum, og í síðara tilvikinu hefur íhlutun löggjafans verið tíð. Slík íhlutun í kerfi frjálsra kjarasamninga helgast af því, að hér er um algerlega almennar meginreglur að ræða, sameiginlegar fyrir öll svið kjarasamninga, og er enginn einn vettvangur þeirra

bær um að ráða þeim til lykta, svo að almennt gildi hafi. Efnislega hefur margt verið fundið þessu kerfi til foráttu: að það færi almenningi tekjuhækkun af tilefni versnunar ytri skilyrða þjóðarbúsins, að það eyði áhrifum opinberra fjármálaaðgerða eða velti byrðum þeirra á atvinnureksturinn og bindi þar með hendur löggjafans með ótilhlýðilegum hætti, og að ekki megi komast á víxlverkun búvöruverðs og launa, sem á hinn bóginn eru tengd í ákvörðun verðlagsgrundvallar búvaranna. Öll er þessi gagnrýni þó sprottin af rót þeirrar hagrænu meginreglu, að engin framleiðslustarfsemi verði rekin né verð afurða eða þjónustu þeirra ákveðið nema með náinni hliðsjón af framleiðslukostnaði, en þar eru launin grunnþáttur og meginstærð, þegar atvinnulífið er skoðað sem heild. Ákvörðun verðlags á grundvelli kauplags og kauplags aftur á grundvelli verðlags felur þannig í sér vélgenga framrás verðbólgunnar, hvað sem líður almennt eftirspurn og öðrum skilyrðum efnahagslegs jafnvægis. Verðtrygging launa ræður þannig ekki nema að mjög litlu leyti varðveizlu kaupmáttar, heldur fyrst og fremst hraða verðbólgunnar, enda má einsýnt vera, að heil þjóð, eða allar launastéttir hennar, getur ekki tryggt sér hvaða lífskjör sem vera skal með því einu að festa þau á pappír. Staðhæft hefur verið með réttu, að óhóflegar grunnlaunahækkanir geti ekki síður valdið verðbólgu. Reynslan er því miður sú, að vísitölubætur nægja ekki til að koma í veg fyrir óhóflegar grunnkaupshækkanir, svo að álykta verður, að auk afnáms eða skynsamlegra takmarkana á vítahring sjálfvirkra víxlhækkana þurfi stefnumótun hinna áhrifamiklu almennasamtaka að taka mið af þjóðhagslegum aðstæðum í ríkari mæli en verið hefur. Þjóðin getur ekki treyst vélrænni formúlu fyrir framtíð sinni, og það því síður sem kvörnin malar salt verðbólgunnar, unz í óefni er komið.

### **Tekjumálastefna**

Öll rök hníga að því, að hér sé þörf breytinga og virkari tekjumálastefnu, þar sem leitast sé við að sætta og samræma hagræn og félagsleg markmið þjóðfélagsins í heild og einstakra hagsmunahópa, en á þessu sviði hagstjórnar er við víðtæka reynslu að styðjast meðal nágrannaþjóðanna. Hérlendis hefur tekjumálastefna sjaldnast verið rekin opinskátt með skýr þjóðfélagsleg markmið að leiðarljósi, heldur hefur í lengstu lög verið reynt að forðast opinbera íhlutun um kjaramál og jafnvel um grundvallarreglur samskipta á vinnumarkaði. Að vísu hefur ríkisvaldið oftast reynt að greiða fyrir samningum með aðgerðum til hagsbóta fyrir launþega, en án þess þó að ná með því nokkrum teljandi áhrifum í áttina til ábyrgari kjarasamninga. Reynslan sýnir, að þrátt fyrir þetta íhlutunarleysi koma örðugustu úrlausnar-efnin til kasta ríkisvaldsins, en þá í miklum mun óhagstæðari

mynd heldur en vera þyrfti með tímabærri mótun jákvæðrar tekjumálastefnu. Veruleg viðurkenning þessara viðhorfa kom fram í skipun Verðbólgunefndar í október 1976 svo og í tillögum nefndarinnar (meirihlutans) um samvinnunefnd og skipulegt samráð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Á meðan verðbólgan fer svo fram sem verið hefur og enn horfir, er óhjákvæmileg nauðsyn aðlögunar gengis og fjármagnskjara. Þessar aðgerðir eru í eðli sínu skammtíma varnaraðgerðir gjald-eyris- og peningamála, eins konar nauðvörn peningakerfisins gegn beinni hættu á eyðingu af völdum verðbólgunnar, annars vegar að því er varðar áhrif hennar á afkomu atvinnuveganna, en hins vegar á innlendan sparnað og fjármagnsmyndun. Allt frá formlegri gengislækkun um 20% hinn 14. febrúar 1975 og til jafnlengdar yfirstandandi árs (10. febrúar 1978) hefur gengið sigið hægt, en þó með nokkuð misjöfnum hraða eftir breytilegri afstöðu viðskiptakjara og framleiðslukostnaðar. Sigið var sérstaklega hægfara á fyrri hluta ársins 1977, enda var verðbólga þá minnkandi og viðskiptakjör hagstæð. Úr því fór ör hækkun framleiðslukostnaðar hins vegar að segja alvarlega til sín, og gengisfellingar gjaldmiðla Norðurlanda lögðust á sömu sveifina, svo að gengissig varð allverulegt, einkum síðustu fjóra mánuði ársins.

Breytilegt gengi eða gengissig er ein af ástæðunum til þess, að fjármagnskjör verða að laga sig að verðbólguþróun, þar eð hindra verður margþætta spákaupmennsku með gjaldeyri og birgðahald í opnu hagkerfi. Almennasta og veigamesta ástæðan er þó sú, að fjármagnskjörin, þ.e. vextir og verðtrygging í breytilegum hlutföllum, eru áhrifamesta hagstjórnartækið til jafnvægis á fjármagnsmarkaði og verka jöfnum höndum til aukins sparnaðar í óbundnu fjármagnsformi og til bættrar nýtingar fjármagnsins. Peninga- og lánsfjármarkaðarkafar þessarar skýrslu segja athyglisverða sögu um árangur undanfarandi aðgerða á þessu sviði. Sá árangur getur þó aðeins talizt upphafið að heilbrigðri og traustri uppbyggingu innlends fjármagnsstofns eftir áralangt eyðingarstarf verðbólgunnar.

Þær skammtímaaðgerðir, sem hér hefur verið rætt um, og ekki síður það óvæna efnahagsástand, er gaf tilefni til þeirra, benda mjög eindregið til þarfar á verulegum og varanlegum umbótum hagstjórnarháttá, enda hafa skipulagsumbætur á því sviði komið til umræðu á opinberum vettvangi í vaxandi mæli, þar með sérstaklega og á skipulegan hátt í skýrslu Verðbólgunefndar. Hér er ekki rúm til víðfeðmrar umræðu um þetta efni, heldur aðeins til að minna á þau atriði, sem standa í nánustu sambandi við efni þessarar skýrslu og ekki eru þegar komin fram.

## Umbætur hagstjórnarháttá

Á vettvangi fjármagnsmarkaðar er þörf áframhaldandi þróunar til fyllri verðtryggingar og hækkunar verðbótaþáttar vaxta, en aðeins sú tilhögun fjármagnskjara stenz hinar miklu og snöggu sviptingar verðbólgunnar, sem orðið geta. Stefna þessi, raunvaxtastefnan, tekur þannig mið af að ná jákvæðum raunvöxtum, en þeir geta þá verið sáralágir. Kerfi verðtryggingar er þó engan veginn fullkomnað nema reikningshald fyrirtækja, skattauppgjör og verðlagskerfi sé lagað að sömu meginreglum, en að öðrum kosti brenglast niðurstöður stórlega við mikla verðbólgu og ganga í berhögg við megintilgang raunvaxtastefnunnar. Gerð árlegrar lánsfjáráætlunar er önnur nýbreytni, sem leitt hefur til bættrar stjórnar lánamarkaðarins. Eigi að síður er mikið svigrúm til umbóta, ekki sízt í mati, vali og fjármögnun framkvæmda, jafnt í einkageiranum sem hinum opinbera, en einnig í skipulagi og uppbyggingu bankakerfisins. Bæði á sviði rekstrarlána og stofnlána eru sjálfvirkar úthlutunarreglur mikils ráðandi og hafa óæskileg áhrif á allt í senn: skipulagsbyggingu og hagkvæmni atvinnurekstrar, þróun og fjárhagsbyggingu banka- og sjóðakerfis og skilyrði almenrrar hagstjórnar.

Á vettvangi opinberra fjármála er þörf margvíslegra úrbóta umfram það, sem að framan er að vikið. Til ríkissjóðs eru gerðar stöðugt vaxandi kröfur vegna þróunar hvers konar félagsmálakerfa og samhjálpur. Við efnahagsáföll eru byrðar lagðar á ríkissjóð vegna aðgerða til að milda áhrif minnkandi þjóðartekna og á uppgangstímum sömuleiðis kallað á útgjöld ríkisins í því skyni að auðvelda skiptin milli meginstéttanna. Allar þessar byrðar hafa reynzt ríkissjóði um megn og átt verulegan þátt í misvægi í peningamálum og hallamyndun þjóðarbúsins. Við þessum vanda þarf að snúast með strangara mati útgjaldaþarfa, meiri sjálfsfjármögnun þjónustugreina og ráðstöfunum til tekjuöflunar, þ. á m. til sveiflujöfnunar af völdum óvæntra breytinga innan fjárlagaárs.

Aðrar umbætur í stjórn efnahagsmála, sem hér er ekki rúm til að grípa frekar á, varða m.a. skipulag og leikreglur vinnuamarkaðarins, sem ásamt virkri samkeppni og annarri heilbrigðri skipan verðlagsmála ættu að vera til þess fallnar að lægja öldur verðbólgunnar. Ennfremur virðist komið að þeim þáttaskilum hagþróunar, að þörf sé virkari stefnu í þróunarmálum atvinnuvega og sveigjanlegri aðlögunar mannafla og fjármagns að þeim þörfum og tækifærum, sem hagþróunin ber með sér.

## FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG


### Almenn þróun



Sú hagstæða þróun framleiðslu og viðskiptajafnaðar, sem hófst á árinu 1976, hélt áfram fram eftir árinu 1977. Bráðabirgðatölur benda til þess, að verg þjóðarframleiðsla hafi aukizt um 4,8% samanborið við 2,4% aukningu 1976.<sup>1)</sup> Vegna bættra viðskiptakjara varð aukning vergra þjóðartekna allmiklu meiri eða 7,9%, en var 5,9% árið 1976. Hagvöxtur og aukning þjóðartekna máttu því teljast vel viðunandi, og hefði að öðru óbreyttu átt að reynast unnt að binda endi á viðskiptahallann og draga úr verðbólgu. Sú varð þó ekki raunin vegna eftirspurnarþenslunnar, sem þegar hafði búið um sig í efnahagskerfinu á árinu 1976 og magnaðist, þegar leið á árið 1977. Á sama hátt og rýrnun viðskiptakjara var að verulegu leyti undirrot erfiðleika áramna 1974 og 1975 leiddi batni þeirra nú til batnandi efnahagsástands og skapaði skilyrði til bættra lífskjara. Á árunum 1974 og 1975 átti sér stað hægfara aðlögun að ört versnandi ytri aðstæðum, og hafði hún í för með sér halla í fjármálum ríkissjóðs, viðskiptahalla við útlönd og miklar erlendar lántökur til þess að tryggja bæði atvinnu og greiðslustöðuna út á við. Á árinu 1976 tók að rofa til, og hélzt sú þróun óslitið fram eftir árinu 1977. Stjórnvöldum hefur þó ekki tekizt að koma í veg fyrir, að afrakstur batnandi viðskiptaárferðis rynni óhindraður út í efnahagslífið innanlands. Af þeim sökum gætti mun meiri þenslu við lok ársins 1976 og allt árið 1977 en æskilegt hefði verið. Ekki reyndist heldur unnt að fyrirbyggja, að samið yrði um stórfellda hækkun peningatekna og verðlags umfram þá aukningu rauntekna, sem stefnt var að. Því er fyrirsjáanlegt, að öllum tiltækum ráðum verður að beita til þess að hemja eftirspurnina innanlands, draga úr neyzlu, örva sparnað og gæta þess, að áhrifamestu þættir efnahagslífsins torveldi ekki leiðina að settu marki, en það hefur lengst af verið að færa verðbólguna niður á það stig, sem hún er á í löndunum, sem nánust viðskiptatengsl eru við.

1) Hér eins og annars staðar í skýrslunni er miðað við raunbreytingar þjóðhagsstærða á föstu verðlagi ársins 1969.

## Viðskiptakjörin



## Útflutnings- framleiðslan

## Sjávarafli

Eins og þegar hefur komið fram héldu viðskiptakjörin áfram að batna á árinu 1977. Að meðaltali voru þau 10% betri en 1976, en þá höfðu þau batnað um 12,7%. Þrátt fyrir öran bata bæði þessi ár höfðu meðalviðskiptakjör ársins 1977 enn ekki náð því stigi, sem þau voru á árið 1973, svo sem sjá má af línuritinu á spássiunni og 35. töflu í töfluviðauka skýrslunnar.

Nokkuð hægði á bata viðskiptakjara, eftir því sem leið á árið, og munu þau raunar hafa náð hámarki um miðbik þess og staðið nokkurn veginn í stað eftir það. Vart mun þó ástæða til þess að ætla, að þróunin sé að snúast við. Á mikilvægasta markaðnum, þ.e. bandaríska fiskmarkaðnum, var verðlag hátt og ekki horfur á, að þar yrði breyting til hins verra. Sala saltfisks og skreiðar gekk að vísu ekki sem skyldi á árinu vegna markaðsörðugleika, en að líkindum er þó aðeins um tímabundin vandamál að ræða. Mjöl- og lýsismarkaðir voru sterkir og ekki horfur á miklum sviptingum í bráð. Að því er útflutningsverð áhrærir er því fremur útlit fyrir stöðugleika, ef ekki slær í bakseglin í þróun alþjóðlegra efnahagsmála.

Innflutningsverð í erlendri mynt hækkaði aðeins örar 1977 en árið á undan eða um 7%, en hækkun útflutningsverðs varð svipuð og 1976 eða 18%. Útflutningsverð sjávarafurða hækkaði nokkuð ört á fyrri hluta ársins og var um mitt ár orðið 19% hærra en það var að meðaltali á árinu 1976, og er þetta raunar sama hækkun og varð á milli ársmeðaltala 1976 og 1977. Verð annarrar útflutningsvöru hækkaði nokkru minna, t.d. hækkaði útflutningsverð annarrar iðnaðarvöru en áls aðeins um 9%.

Hækkun innflutningsverðs í erlendri mynt verður sennilega svipuð á árinu 1978 og hún var 1977 eða 7% og er það líkt því, sem spáð er um útflutningsverð.

Ætla má, að útflutningsframleiðslan í heild hafi aukizt um 16% að magni á árinu 1977, og er það mun meiri aukning en spáð hafði verið fyrirfram vegna miklu meiri sjávarafurðaframleiðslu en gert var ráð fyrir, en hún er talin hafa aukizt um 19% á föstu verðlagi frá fyrra ári. Álframleiðslan jókst um 7% frá árinu áður og varð nálægt 71 þúsund tonnum, en framleiðsla kísilgúrs dróst saman um 13%. Önnur framleiðsla til útflutnings er talin hafa aukizt um 10%.

Heildarfiskafli landsmanna á árinu 1977 nam 1.365 þús. tonn-um, sem er 38% (380 þús. tonnum) meira en á árinu 1976. Breytingar á tonnatölu gefa þó engan veginn til kynna breytingar framleiðsluverðmætis á föstu verðlagi, enda stafar meginhluti aukningar fiskaflans af mun meiri loðnuafli en áður, en afli og framleiðsla hinna verðmætari tegunda jukust minna. Talið er,

að aflaverðmætið hafi aukizt um 15—16% á föstu verðlagi frá fyrra ári. Loðnuafllinn jókst úr 459 þús. tonnum 1976 í 809 þús. tonn árið 1977 eða um 350 þús. tonn. Þessi mikla aukning stafar einkum af meiri sumar- og haustveiðum en áður. Þorskaflinn jókst úr 284 þús. tonnum árið 1976 í um 325 þús. tonn árið 1977. Að vísu minnkaði heildarþorskaflí á Íslandsmiðum úr 348 þús. tonnum 1976 í um 335 þús. tonn 1977 vegna minnkandi veiða útlendinga við landið, en engu að síður var aflinn mun meiri en fiskifræðingar höfðu lagt til og því augljóst, að á komandi árum verður að gæta mikillar varkárni við nýtingu þorskstofnsins. Í þessu sambandi má geta þess, að á árabílinu frá 1967 til 1976 var meðalársafli þorsks á Íslandsmiðum 391 þús. tonn. Ekki urðu stórvægilegar breytingar á veiðum annarra tegunda á árinu. Hlutur togaranna í heildarafla landsmanna var 248 þús. tonn 1977 og hafði vaxið um 35 þús. tonn frá fyrra ári. Þess skal þó getið, að togurunum fjölgaði um 11 á árinu.

#### Fiskiðnaður


Sem fyrr sagði jókst framleiðsluverðmæti sjávarafurða um 19% á föstu verðlagi. Af einstökum greinum má nefna, að framleiðsla á frystum fiski, að loðnu undanskilinni, jókst um 21%, á saltfiski og skreið um 6%, á fiskmjóli og lýsi um 82%, en á nýjum og ísuðum fiski dróst hún saman um tæpan helming. Að slepptri loðnunni varð heildarframleiðsluaukningin 12%. Frystur fiskur hefur jafnan verið mikilvægasti þáttur framleiðslunnar og numið allt að helmingi heildarverðmætis hennar síðustu árin. Þá hefur framleiðsla saltfisks og skreiðar verið mjög mikilvæg, en framleiðsla loðnuafurða ekki vegið þungt þrátt fyrir mikinn afla í tonnum þar til 1977, að hlutur loðnuafurðanna jókst talsvert í kjölfar hinnar miklu aukningar loðnuafllans. Þrátt fyrir hækkað markaðsverð og aukinn afla kom mikil hækkingun innlendra kostnaðarliða í veg fyrir, að afkoma sjávarútvegsins í heild batnaði nokkuð frá árinu áður. Afkoma einstakra greina var þó mjög misjöfn, t.d. var árið hagstætt fiskveiðum vegna fiskverðshækkana og aflaukningar, en afkoma fiskvinnslunnar, ef frá er talin loðnuvinnsla, versnaði á árinu, einkum á síðari hluta þess, aðallega vegna mikillar hækkunar launakostnaðar. Framleiðsla landbúnaðarvara jókst á árinu 1977 um 2,5% samanborið við 3,5% aukningu 1976. Orsök aukningarinnar má að hluta rekja til stækkunar bústofns, og kann hún að leiða til enn frekari framleiðsluaukningar 1978. Aflagn innveginna mjólkur jókst um 6% í samanburði við 0,4% aukningu árið áður, en sala mjólkurafurða dróst nokkuð saman, sala nýmjólkur um 4%, rjóma um 3% og smjörs um nálægt 20%. Sala lambakjöts á innlendum markaði varð svipuð og árið áður, en útflutningur minnkaði lítillega. Hins vegar jókst útflutningur á osti mjög

#### Landbúnaður

	<p>mikið frá fyrra ári. Vegna dræmrar sölu, þegar á heildina er litið, varð því mikil aukning á birgðum landbúnaðarafurða. Á árinu 1977 virðast tekjur bænda hafa aukizt nokkru meira en tekjur viðmiðunarstéttanna, gagnstætt því sem gerðist á árunum 1975 og 1976.</p>
<b>Iðnaður</b>	<p>Iðnaðarvöruframleiðslan í heild mun hafa aukizt um 4—5% (3—4% án áls) á árinu, en sökum mikillar innlendrar kostnaðarhækkunar, bæði vegna launa og hráefnis, versnaði afkoma iðnaðarins frá árinu áður, svo og vegna lítillar verðhækkunar á vörum útflutningsatvinnugreinanna. Lítil munur virðist vera á útkomu þjónustu- og vöregreina heimamarkaðarins. Verðhækkun á afurðum útflutningsgreinanna stóð hvergi nærri undir kostnaðarhækkun, og versnaði afkoma þeirra mun meira en afkoma heimamarkaðsgreinanna. Einkum á þetta þó við um ullar-, fata- og skinnaiðnað, en staða þessara greina var mjög slæm í lok ársins. Álverið starfaði með fullum afköstum, og framan af árinu voru markaðsaðstæður góðar. Undir árslokin tók þó að gæta nokkurrar sölutregðu og þar af leiðandi birgðaukningar. Vegna þess hve innlendir kostnaðarliðir vega hlutfallslega minna í rekstri álbræðslunnar en í öðrum greinum iðnaðar voru áhrif mikillar hækkunar þeirra á afkomu álversins tiltölulega léttvæg. Að líkindum hefur hagur verzlunar heldur vænkazt á árinu 1977. Veltuaukning var mikil, og hlutfall vergs hagnaðar og veltu hækkaði lítið eitt. Afkoman var þó nokkuð breytileg eftir greinum, en ljóst er, að árið varð smásöluverzlun hagstæðara en undangengið ár. Kostnaðarhækkunum var að mestu eða öllu leyti mætt með hækkun álagningar og mikilli veltuaukningu, að því er tekur til ársins í heild.</p>
<b>Verzlun</b>	<p>Bráðabirgðatölur benda til þess, að innlend verðmætaráðstöfun hafi aukizt um 7,3% á árinu, og eru þá frátaldar breytingar útflutningsvörubirgða og bústofns. Á árinu 1976 var þessi sama aukning ekki nema 0,3%. Að birgðabreytingum meðtöldum var aukningin 1977 10%.</p>
<b>Innlend verðmætaráðstöfun</b>	<p>Einkaneyzlan jókst mikið á árinu eða um 8% samanborið við 1% 1976 og 10% samdrátt á árinu 1975. Þessi mikli vöxtur átti ekki eingöngu rætur að rekja til kaupmáttaraukningarinnar, sem fylgdi í kjölfar kjarasamninga á árinu, því að þegar í upphafi ársins var um mikla aukningu að ræða. Aukning útgjalda beindist að miklu leyti að innflutningi, einkum til kaupa á varanlegum neyzluvörum. Neyzla landbúnaðarafurða minnkaði sem fyrr sagði, en útgjöld til annarrar innlendrar vöru og þjónustu jukust. Samneyzlan, þ.e. kaup hins opinbera á vöru og þjónustu, önnur en til fjárfestingar, jókst mun minna en einkaneyzlan eða um 2%, en hafði aukizt um 5% á árinu 1976. Verðhækkun sam-</p>
<b>Einkaneyzla</b>	
<b>Samneyzla</b>	



## Fjármunamyndun




## Launasamningar

neyzlunnar varð hins vegar miklu meiri en annarra þátta verðmætaráðstöfunar og aukning fjárhæðar hennar þar með hlutfallslega mest.

Í lánsfjáráætlun ársins var gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í fjármunamyndun, einkum vegna þess að mikil minnkun virkjunarframkvæmda var fyrirsjáanleg. Hins vegar brá svo við, að skipakaup landsmanna fóru langt fram úr því, sem ætlað var við upphaf ársins, bæði fiski- og flutningaskipa. Fjármunamyndun jókst því um 7,5% frá fyrra ári skv. bráðabirgðatölum. Ef innflutningur skipa og flugvéla er talinn frá, varð hins vegar samdráttur, er nam 2%. Aukningu heildarfjárfestingarinnar má því að fullu skýra með auknum innflutningi skipa og flugvéla. Fjármunamyndun atvinnuveganna jókst um 37%, einkum vegna ofangreinds innflutnings skipa, en einnig vegna byggingar járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Fjárfesting fiskvinnslufyrirtækja jókst og mjög vegna endurnýjunar og stækkunar fiskimjolsverksmiðja í kjölfar mjög aukins loðnuaflla. Íbúðabyggingar stóðu í stað samanborið við 2% aukningu 1976 og 7% samdrátt 1975. Eins og vikið hefur verið að minnkuðu útgjöld hins opinbera til fjárfestingar í virkjunum og rafveitum. Ástæður þess eru, að framkvæmdum var að mestu lokið við Sigöldu og Kröflu og ekki var hafizt handa við byggingu nýrra orkuvera á árinu 1977. Þá munu samgönguframkvæmdir enn hafa dregizt saman og í heild er ætlað, að fjármunamyndun hins opinbera hafi minnkað um 16% frá fyrra ári. Til samanburðar má geta þess, að á árunum 1972—1976 jókst opinber fjárfesting um 62%, en heildarfjárfestingin í landinu aðeins um 18%.

Fyrri kjarasamningar aðildarféлага ASÍ og vinnuveitenda giltu til 1. maí 1977. Nýtt samkomulag var undirritað 22. júní, og frá þeim degi að telja hækkuðu allir mánaðarkauptaxtar um kr. 18.000 og skyldu síðan hækka um kr. 5.000 1. desember 1977 og 1. júní 1978 og kr. 4.000 1. september 1978, en gildistími samningsins er til 1. desember 1978. Í fyrsta áfanga munu meðallaun ASÍ-féлага hafa hækkað um 26%. Í samningunum eru ákvæði um greiðslu verðbóta á laun í samræmi við hækkun sérstakrar verðbótavísitölu. Verðbótaákvæðin voru hert nokkuð með nýmæli um verðbótaauka eftir á. Verðbætur skyldu verða föst krónutala á alla flokka 1. september og 1. desember 1977, en eftir það greiðast hlutfallslega jafnt á öll laun.

Í júlímánuði tókust samningar við sjómenn á fiskiskipaflotanum, og fólst einkum í þeim gagnger breyting á greiðslu kauptryggingar og aflahlutar, en hvort tveggja er nú gert upp mánaðarlega. Þessi breyting leiddi af sér 2—3% hækkun launa, og kauptryggingin hækkaði um 24%. Samhliða samningunum hækkaði fisk-



## Kaupmáttur

verð um 20% að meðaltali, þannig að meðalhækkun sjómanna-launa varð 23%.

Samningar BSRB og ríkisins svo og Sambands íslenzkra bankamanna og bankanna runnu út 1. júlí 1977. Samningar BSRB og ríkisins, sem náðust 26. október og bundu endi á hálfmánaðar verkfall, fólu í sér 18% meðalhækkun frá 1. júlí að telja og eru þá undanskildar hækkunir, sem komu til framkvæmda 1. júlí skv. eldra samkomulagi. Síðan skyldu laun hækka um 2,8% 1. september, 1,5% 1. desember 1977 og 3% 1. júní og 1. september 1978 og 1. apríl 1979. Verðtryggingarákvæði samningsins eru hin sömu og í samkomulagi ASÍ og vinnuveitenda að öðru leyti en því, að verðbætur greiddast ætíð hlutfallslega á öll laun. Gildistími samningsins er til 1. júlí 1979. Ætla má, að launahækkunin í fyrsta áfanga samningsins hafi að öllu samanlögðu verið nálægt 5% umfram júnísamningana. Í kjölfar samninga BSRB og ríkisins tókust samningar við bankamenn, og svipaði þeim í aðalatríðum til samninga BSRB.

Samkvæmt úrskurði Kjaradóms hækkuðu launataxtar BHM svipað og BSRB-taxtarnir frá 1. júlí að telja. Síðan hækkuðu BHM-laun um 4,3% frá 1. nóvember. Verðtrygging BHM-launa er með sama hætti og hjá BSRB.

Þegar á allt er litið, munu kauptaxtar launþega hafa hækkað að meðaltali um 28% í júní og júlí, og eru þá áhrif sérkjarasamninga ASÍ talin með. Kauptaxtar hækkuðu enn fremur hinn 1. september vegna 3,9% hækkunar verðbótavísitölu frá 1. maí til 1. ágúst, og 1. desember vegna 9,63% hækkunar vísitölnnar frá 1. ágúst til 1. nóvember. Hækkun kauptaxta allra launþega varð um 44% milli ársmeðaltala 1976 og 1977, en frá upphafi til loka ársins hækkuðu kauptaxtar um nálægt 60%, og er það mesta kauphækkun á einu ári frá því á styrjaldarárunum. Tekjur launþega munu hafa aukizt um 43% að meðaltali eða litlu minna en sem nemur hækkun kauptaxta.

Auk breytinga kauptaxta hafa aðrir þættir tekjuþróunar að jafnaði skilað nokkurri aukningu, svo sem hagstæðari samsetning eftir launaflokkum og vinnutíma, ákvæðislaun og hlutatekjur og loks launaskrið, þ.e. uppflokkun starfsfólks eða yfirborganir að tiltölu við samningsákvæði. Ennfremur hefur lengd vinnutímans áhrif á heildartekjur, og breytilegt hlutfall beinna skatta hefur áhrif á svonefndar ráðstöfunartekjur, sem eru endanlegur mælikvarði á kaupmátt teknanna. Taflan, sem hér fer á eftir, sýnir ljóslega, hver þróunin hefur verið á síðustu árum.

Eins og fram kemur hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann vaxið um 12,5% frá ársmeðaltali 1972 til meðaltals 1977, en kaupmáttur kauptaxta rýrnað um 6%. Það er því mjög mikil-

*Þjóðarframleiðsla, viðskiptakjör,  
þjóðartekjur og kaupmáttur 1972—1977*

Vísitölur 1972 = 100

	<i>Þjóðar- framl. á mann</i>	<i>Viðsk.- kjör</i>	<i>Þjóðar- tekjur á mann</i>	<i>Kaupmáttur ráðst.tekna á mann<sup>1)</sup></i>	<i>Kaupmáttur kauptaxta allra launþega<sup>2)</sup></i>
1972	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
1973	104,1	115,3	108,0	107,1	101,1
1974	106,1	104,0	107,4	114,4	105,0
1975	102,5	88,8	99,6	101,6	89,6
1976	104,0	100,1	104,4	103,7	85,4
1977	107,9	110,0	111,5	112,5	93,9

1) M.v. verðlag einkaneyzlu. 2) M.v. vísitölu framfærslukostnaðar.

vægt, að skýr greinarmunur sé gerður hér á, þegar þessi mál eru til umfjöllunar, svo miklu hefur munað um ofangreinda launaþætti. Á árinu 1977 jókst kaupmáttur kauptaxta um 10% samanborið við 4,7% lækkun 1976 og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 8,5% samanborið við um 2% hækkun 1976. Hækkun ráðstöfunartekna hefur verið langt umfram hækkun umsaminna launataxta á árabílinu, sem sýnt er á töflunni, þrátt fyrir breytingarnar milli 1976 og 1977, en hækkun kauptaxta umfram ráðstöfunartekjur þá á að hluta rætur að rekja til yfirvinnubanns, sem í gildi var fyrir miðbik ársins.

**Atvinna**

Eins og undanfarin ár var atvinnuleysi mjög lítið á árinu 1977 eða aðeins um 0,4% af framboði vinnuafis að meðaltali samanborið við 0,6% 1976 og 0,7% 1975. Örðugleikar útflutningsatvinnuveganna hafa því ekki komið niður á atvinnuástandinu á árinu 1977 og atvinnuleysis, sem hrjáð hefur nágrannaþjóðirnar síðustu árin, hefur tæpast orðið vart hér á landi.

**Verðþróun**

Á undanförunum árum hefur eitt helzta stefnumark stjórnvalda verið að draga sem mest úr hinni öru verðbólgu, sem hér hefur ríkt. Á árinu 1976 tókst þetta að nokkru marki, en hvergi nærri eins og vænt hafði verið. Framan af árinu 1977 minnkaði hraði verðbólgunnar enn nokkuð, og um mitt árið var hann kominn vel niður fyrir 30% á ári. Hinn 1. febrúar 1977 var vísitala framfærslukostnaðar 34% hærri en ári áður, 1. maí 29% hærri og 1. ágúst 26,7% hærri. Verðbólga fór þannig lækkandi með dvínandi víxlverkunum kaupgjalds og verðlags þrátt fyrir verulega peningþenslu á fyrri hluta ársins, en bætt viðskiptakjör og mun minna gengissig en svaraði verðhlutföllum miðað við útlönd áttu mikinn þátt í að gera þetta kleift. Í kjölfar mikillar samningsbundinnar hækkunar tekna frá miðju ári snerist þessi þróun við, og verðbólguhraðinn jókst á ný. Frá 1. ágúst til 1. nóvember hækkaði framfærsluvísitalan um 9,7%, hækkun hennar frá 1.

nóvember 1976 til jafnlengdar 1977 nam 30,2%, og frá upphafi til loka ársins var hækkunin um 35%. Að meðaltali var framfærslukostnaður 31% hærri 1977 heldur en árið áður, og það ár hafði hann hækkað um 32%.

Þrátt fyrir að nokkuð hafi dregið úr verðbólgu fram eftir árinu voru þó mikil þensluöfl til staðar í hagkerfinu, enda var innlend eftirspurn umtalsverð eins og sést af miklum innflutningi og minnkandi aukningu spariinnlána fyrir og um mitt árið. Þjóðhagslegt svigrúm var því ekki fyrir hendi til þess að mæta hinni miklu hækkun tekna, án þess að áhrifa hennar gætti í vaxandi verðbólgu. Þá skipti snögglega um til hins verra í afkomu útflutningsatvinnuveganna, svo að örara gengissig varð að koma til á síðustu mánuðum ársins, og hafði það töluverð verðbólguáhrif. Það er mjög alvarleg staðreynd, að ekki skuli hafa tekizt að þoka verðbólgunni niður fyrir sem svarar 26% á ári, áður en hún jókst á ný. Því lengur sem verðbólgan er langt ofan við það, sem gerist meðal helztu viðskiptaþjóða okkar, þeim mun erfiðari verður hún viðureignar. Muninum á verðbólguhraðanum hér á landi og í viðskiptalöndunum umfram það, sem bætt viðskiptakjör fá jafnað, hefur hingað til að mestu verið mætt með lækkunum á gengi íslenskrar krónu, en um leið og sú aðgerð leiðréttir misræmi milli landa hefur hún verðbólguhvetjandi áhrif heima fyrir. Þetta eykur því enn á nauðsyn samstillts átaks til þess að draga úr verðbólgunni og færa hana niður á það stig, sem gerist í nágrannalöndunum. Í upphafi kaflans kom fram, að innflutningsverð í erlendri mynt hækkaði um 7% á árinu 1977, og í OECD-löndunum hækkaði verðlag að meðaltali um tæp 9% á sama ári. Einn er því ærið verkefni fyrir höndum.


## GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISMÁL

### Hagstæður heildar- greiðslujöfnuður

Á árinu 1976 tókst að snúa þróun greiðslujafnaðar mjög til betri vegar eftir hinn mikla viðskiptahalla áramna 1974 og 1975. Þennan árangur tókst, ef á heildina er litið, að varðveita á árinu 1977, þótt viðskiptahallinn ykist nokkuð hlutfallslega vegna mikillar aukningar útflutningsvörubirgða. Kemur þessi þróun vel fram í eftirfarandi tölum um viðskiptahallann sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hvers árs. Bæði árin 1974 og 1975 er viðskiptahallinn þannig reiknaður 11—12% af þjóðarframleiðslu, en lækkaði síðan ofan í 1,7% árið 1976 og 2,6% árið 1977. Alla aukningu viðskiptahallans og rúmlega það frá árinu 1976 til 1977 má rekja til aukningar útflutningsvörubirgða síðara árið. Á árinu 1977 varð heildargreiðslujöfnuður, eins og hann kemur fram í breytingu á gjaldeyrisstöðu, hagstæður um 5.950 m.kr., og nam nettógjaldeyriseign bankanna 6.066 m.kr. í árslok 1977 reiknað á gengi í árslokin. Viðskiptajöfnuður varð hins vegar óhagstæður um 9.655 m.kr., og á því bati gjaldeyrisstöðunnar rætur að rekja til aukinnar skuldafnunar, einkum í formi langtímalána. Heildarstaða þjóðarvörubúsins út á við versnaði um 17.200 m.kr. miðað við gengi í árslok, og nam nettóskuld þá um 128.900 m.kr. eða sem svarar 35% af vergri þjóðarframleiðslu ársins. Þótt viðskiptajöfnuðurinn 1977 sé nokkru óhagstæðari en 1976 samkvæmt beinu greiðslujafnaðaruppgjöri, reynist þróunin þó hagstæðari á árinu 1977, ef tekið er tillit til óvenjumikils skipainnflutnings og breytinga á útflutningsvörubirgðum. Verður nánari grein gerð fyrir því hér á eftir.

### Þróun viðskipta- jafnaðar

Á árinu 1976 varð viðskiptajöfnuður, þ.e. jöfnuður vöru- og þjónustuviðskipta, óhagstæður um 4.390 m.kr., en árið 1977 óhagstæður um 9.655 m.kr. og því 5.265 m.kr. lakari en árið áður. Hér er miðað við gengi hvors árs um sig. Ólík birgðapróun útflutningsvara og sveiflur á innflutningi sérstakra fjárfestingarvara höfðu veruleg áhrif á niðurstöðu beggja áramna. Útflutningsvörubirgðir jukust um 7.295 m.kr. 1977, en 1976 minnkuðu birgðir um 1.354 m.kr. Innfluttar hráefnabirgðir álbræðslu minnkuðu



um 650 m.kr. 1977, en 612 m.kr. árið áður. Birgðabreytingar hvors árs eru metnar á meðalútflutnings- og innflutningsverði viðkomandi árs, en í báðum tilvikum reiknað á meðalviðskiptagengi ársins 1977. Sé viðskiptajöfnuður árána 1976 og 1977 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða ásamt breytingu á hráefnisbirgðum álbræðslu og jafnframt reiknaður á meðalgengi 1977 í báðum tilvikum, reynist viðskiptahallinn 6.819 m.kr. 1976 og 3.010 m.kr. 1977. Séu sveiflur í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara ennfremur jafnaðar milli ára miðað við þriggja ára meðaltal, reynist viðskiptahalli 8.660 m.kr. 1976 og 565 m.kr. 1977. Með þessum samanburði fæst þannig mun betri útkoma á viðskiptajöfnuði árið 1977 en samkvæmt beinu greiðslujafnaðaruppgjöri, og er hallinn samkvæmt leiðréttum viðskiptajöfnuði aðeins 0,2% af vergri þjóðarframleiðslu í stað 2,7% samkvæmt beinu uppgjöri. Samsvarandi tölur fyrir árið 1976 eru hins vegar þær, að samkvæmt leiðréttum viðskiptajöfnuði nam hallinn 3% í stað 1,7% samkvæmt beinu uppgjöri; sjá línurit á spássíu.

### Verðmæti útflutningsframleiðslu

Gjaldeyrisverðmæti útflutningsframleiðslu jókst í heild um 35% frá árinu áður. Framleiðsluverðmæti sjávarafurða jókst um nálægt 40%, en aukning framleiðslumagns er áætluð 19%. Verðmætisaukning álframleiðslu varð nálægt 24%, og verðmæti annarrar iðnaðarvöru til útflutnings jókst um 21%. Áætlað er, að útflutningsverðlag hafi hækkað um 18% og sjávarafurða sérstaklega um 19%.

### Aukning útflutningsverðmætis

Heildarverðmæti útflutnings nam 101.890 m.kr. á árinu 1977. Er um að ræða 25,4% aukningu frá fyrra ári reiknað á meðalgengi ársins 1977. Verðmætisaukning útfluttra sjávarafurða varð 27,4%, verðmæti álútflutnings jókst um 9,3%, og verðmætisaukning annarra vöruflokka en sjávarafurða og áls nam 37,8%.

#### Útflutningur helztu vöruflokka

(F.o.b.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1977)

	1973	1974	1975	1976	1977
Sjávarafurðir . . . . .	41.776	48.205	46.773	58.985	75.128
Landbúnaðarafurðir . . . . .	1.666	1.852	1.721	2.069	2.398
Iðnaðarvörur . . . . .	12.593	12.808	10.091	18.774	22.343
Þar af ál . . . . .	9.668	9.387	6.322	13.665	14.933
Aðrar vörur . . . . .	651	1.579	837	1.408	2.020
Útflutningur, alls . . . . .	56.686	64.444	59.422	81.236	101.889

Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu útflutnings á helztu vöruflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til meðalgengis ársins 1977. Verðmæti sjávarafurða 1977 nam tæpum 74% af heildarverðmæti útflutnings á móti tæpum 73%

### Skipting útflutnings á lönd

árið áður. Verðmæti álútflutnings lækkaði úr tæpum 17% í tæp 15% af verðmæti heildarútflutnings, en verðmæti annarra iðnaðarvара jókst úr 6,2% í 7,2% af heildarútflutningi.

Útflutningur til Bandaríkjanna jókst úr 28,8% í 30,2% af heildarútflutningi. Hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins (EBE) lækkaði úr 31,1% í 30,0%. Mesta hlutfallsbreyting útflutnings á árinu 1977 varð á útflutningi til landa Fríverzlunarsamtakanna (EFTA), en þar lækkaði hlutfallið úr 20,8% 1976 í 14,6% 1977. Hluttur Sovétríkjanna í heildarútflutningi hækkaði úr 5,5% 1976 í 7,0% 1977, og hluttur Austur-Evrópulanda í heild jókst úr 10,2% í 12,1%.

### Útflutningsvörubirgðir

Eftirfarandi tafla sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, en umreiknað miðað við skráð gengi á bandarískum dollara í árslok 1977. Aukning á birgðum sjávarafurða varð sérstaklega mikil á árinu 1977 eða um 83% miðað við gjaldeyrisverðmæti, og leiddi það til aukningar heildarbirgða um 55%. Hér er um óeðlilega mikla aukningu að ræða, að nokkru leyti tengda söluerfiðleikum, einkum á skreið. Hefur þessi birgðaþróun haft óhagstæð áhrif á viðskiptajöfnuð ársins eins og áður er getið og dregið úr bata gjaldeyrisstöðunnar og jafnframt leitt til meiri afurðalána en ella, samanber kaflann um peningamál.

#### Útflutningsvörubirgðir

(Í m.kr. á gengi í árslok 1977)

	1973	1974	1975	1976	1977
Sjávarafurðir	6.101	8.629	7.275	10.510	19.216
Landbúnaðarafurðir	1.171	617	1.207	1.217	1.385
Kísilgúr	30	12	94	75	26
Ál	1.041	1.734	4.044	3.026	2.413
Alls kr.	8.343	10.992	12.620	14.828	23.040

### Þróun innflutnings


Meðfylgjandi tafla sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1976 og 1977, skipt á olíuinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi 1977, þ.e. tölur fyrir hvern mánuð 1976 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs gengis viðkomandi mánaðar 1977 samkvæmt vísitölu meðalgengis þess mánaðar. Utan almenns innflutnings telst innflutningur á skipum, flugvélum, fjárfestingarvörum til stórframkvæmda, ásamt hráefni og rekstrarvörum álbræðslu.

Verðmæti almenns innflutnings jókst um rúmlega 30% á árinu 1976 reiknað á meðalgengi ársins 1977. Verðmæti olíuinnflutnings hækkaði um 33,9%, en á öðrum almennum innflutningi varð 29,4% aukning. Þessi aukning frá samsvarandi tíma fyrra árs skiptist nokkuð jafnt á ársfjórðunga, er hlutfallslega mest á

### Almennur innflutningur


(C.i.f.-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1977)

	1976			1977			Hlutfallsleg breyt. (%) frá fyrra ári		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Jan.	833	4073	4906	779	5100	5879	-6,5	25,2	19,8
Febr.	1045	2999	4044	753	5334	6087	-27,9	77,9	50,5
Marz	1213	5706	6919	1991	6523	8514	64,1	14,3	23,0
Apríl	867	4527	5394	695	6279	6974	-19,8	38,7	29,3
Mái	971	6026	6997	1484	6862	8346	52,8	13,9	19,3
Júní	608	6140	6748	2158	8214	10372	254,9	33,8	53,7
Júli	1202	5116	6318	884	7748	8632	-26,4	51,4	36,6
Ágúst	369	5630	5999	1241	6693	7934	236,3	18,9	32,2
Sept.	1418	6159	7577	1073	8374	9447	-24,3	36,0	24,7
Okt.	807	6195	7002	1345	4959	6304	66,7	-20,0	-10,0
Nóv.	1124	6445	7569	1728	9807	11535	53,7	52,2	52,4
Des.	1098	6731	7829	1346	9204	10550	22,6	36,7	34,8
Jan.-marz	3091	12778	15869	3523	16957	20480	14,0	32,7	29,1
Apr.-júní	2446	16693	19139	4337	21355	25692	77,3	27,9	34,2
Júli-sept.	2989	16905	19894	3198	22815	26013	7,0	35,0	30,8
Okt.-des.	3029	19371	22400	4419	23970	28389	45,9	23,7	26,7
Allt árið	11555	65747	77302	15477	85097	100574	33,9	29,4	30,1



þriðja ársfjórðungi, en hlutfallslega minnst á fjórða ársfjórðungi. Mikil sveifla er hins vegar milli einstakra mánaða. Ef borin eru saman árin 1976 og 1977, að því er snertir þróun á öðrum almennum innflutningi en olíu, kemur í ljós mikill munur, þar sem aukning frá fyrra ári varð aðeins 5,4% á árinu 1976, en 29,4% á árinu 1977. Var þó farið að gæta verulega meiri aukningar á síðari hluta ársins 1976, því að aukningin varð aðeins 0,7% á fyrri helmingi ársins, en 10% á síðari helmingi frá samsvarandi tímabilum fyrra árs. Þannig var þegar farið að gæta aukinnar eftirspurnar eftir innflutningi á síðari hluta ársins 1976, sem hefur svo haldið áfram með fullum þunga allt árið 1977. Kveður þar mest að auknum innflutningi bifreiða og annarra varanlegra neyzluvara. Aukinn olíuinnflutningur um tæp 34% á árinu 1977 samanborið við 1% lækkun árið áður getur að einhverju leyti verið vegna mismunandi birgðaðróunar ásamt aukinni notkun stærri fiskiskipaflota. Er þetta í fyrsta skipti síðan 1973, sem magnaukning hefur orðið í olíuinnflutningi, en á árunum 1974 til 1976 hafði magnsamdráttur orðið rúmlega 25%. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jókst í heild um tæp 46%. Aukningin varð eingöngu á innflutningi skipa, sem varð 8.900 m.kr. meiri en árið áður. Innflutningsverðmæti flugvéla lækkaði um 1.640 m.kr., og innflutningur á öðrum fjárfestingarvörum, að mestu vegna virkjunarframkvæmda, lækkaði um tæplega 3.000





#### Skipting innflutnings á lönd

m.kr. Þessar tölur eru allar miðaðar við meðalgengi 1977. Skipting innflutnings eftir notkun varð þessi 1977: Neyzluvörur 32,2%, rekstrarvörur 33,7% og fjárfestingarvörur 34,1%.

Helstu breytingar á skiptingu innflutnings á lönd miðað við árið áður voru þær, að innflutningur frá Bandaríkjunum lækkaði úr 10,5% í 6,6% af heildarinnflutningi, en hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins jókst úr 43,4% í 47,3% af heildarinnflutningi. Hlutdeild landa Fríverzlunarsamtakanna jókst úr 18,6% í 20,5% 1977. Hlutur Sovétríkjanna lækkaði úr 11,7% í 9,0% og hlutdeild Austur-Evrópulanda í heild úr 13,8% í 12,3% af heildarinnflutningi.


#### Vöruskiptajöfnuður

Samkvæmt bráðabirgðatölum greiðslujafnaðar varð vöruskiptajöfnuður óhagstæður um 10.455 m.kr. 1977, en var óhagstæður um 5.118 m.kr. 1976 umreiknaður á meðalgengi ársins 1977. Samkvæmt því er vöruskiptajöfnuðurinn 5.337 m.kr. óhagstæðari 1977 en 1976. Er það að mestu leyti vegna aukins innflutnings á fjárfestingarvörum eins og fyrr segir og skýrir jafnframt þann mun, sem varð á vöruskiptajöfnuði miðað við lánsfjáráætlun ársins. Í greiðslujafnaðartölum eru bæði inn- og útflutnings-tölur reiknaðar á f.o.b.-verði.

#### Þjónustujöfnuður

Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum, tryggingum, vaxtagreiðslur, tekjur af viðskiptum við varnarliðið o.fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað, að þjónustutekjur hafi numið 43.380 m.kr., en þjónustugjöld 42.580 m.kr. Er þjónustujöfnuður þá hagstæður um 800 m.kr. reiknað á meðalviðskiptagengi ársins. Á samsvarandi gengi var þjónustujöfnuður 1976 hagstæður um 265 m.kr. Með gjöldum 1977 eru talin gjöld vegna álbræðslu 2.285 m.kr., en voru 2.580 m.kr.

## Fjármagnshreyfingar



1976. Af einstökum liðum þjónustujafnaðar vegur samgönguliðurinn þyngst eða 40% gjaldamegin og 54% teknamegin. Hagstæðan þjónustujöfnuð má einkum rekja til aukinna tekna af samgöngum, og vega þar þyngst tekjur af flugi. Á ferða- og dvalarkostnaðarliðnum er aðeins talinn til tekna sá hluti tekna af erlendum ferðamönnum, sem skilað er til banka, þar með taldar tekjur frihafnar á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar eru fargjöld, sem erlendir ferðamenn greiða fyrir ferðir með íslenskum farartækjum milli landa, talin í samgöngulið og eru mikilvægur hluti hans. Með gjöldum vegna ferðalaga er talinn námskostnaður, sem nam 1.219 m.kr. 1977, og sjúkrakostnaður að upphæð 156 m.kr. Vaxtagjöld jukust um 970 m.kr. 1977 miðað við árið áður, en á árinu 1976 höfðu þau aukizt um 2.285 m.kr. reiknað á meðalgengi 1977. Tekjur af varnarliði jukust um 2.050 m.kr. 1977 miðað við árið áður, sem er um 30% aukning reiknað á meðalgengi 1977.

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfurfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana og gjafalé, urðu óhagstæð um 10 m.kr. á árinu 1977.


Helztu liðir fjármagnsjafnaðar eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðslur slíkra lána, stutt vörukaupalán, ógreiddur útflutningur og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Eftirfarandi yfirlit sýnir hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1977 skipt á opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila, eftir því hverjir af þessum aðilum hafa tekið lánin hjá hinum erlendu lánveitendum.

### Hreyfingar langra erlendra lána 1977

(Í m.kr. á meðalgengi ársins)

	Innkomið	Afborganir	Nettóaukning
Opinber lán	19.385	—4.195	15.190
Lánastofnanir	4.535	—3.320	1.215
Einkaaðilar	6.450	—3.585	2.865
Samtals	30.370	—11.100	19.270

Samkvæmt yfirlitinu hafa skuldir í formi erlendra lána til eins árs eða lengri tíma hækkað um 19.270 m.kr. 1977 reiknað á meðalgengi ársins. Stutt vörukaupalán innflytjenda jukust um 5.480 m.kr. og ógreiddur útflutningur um 3.325 m.kr. Nettófjármagnsinnstreymi á þessum þremur mikilvægu liðum fjármagnsjafnaðarins nam því 21.425 m.kr. Á 10. töflu um stöðu þjóðarbúsins út á við eru sýndar stöðutölur fyrir þessa liði. Á öðrum liðum fjármagnsjafnaðarins, sem eru erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar og ýmsar stuttar reikningshreyfingar, varð nettó-



útstreymi 5.810 m.kr. Í heild nam því nettóinnstreymi á fjármagnsjöfnuði 15.615 m.kr. Utan við fjármagnsjöfnuðinn eru svo greiðsluhreyfingar bankakerfisins, sem valda breytingu gjaldreyrisstöðunnar, samanber liðinn heildargreiðslujöfnuður á meðfylgjandi töflu, sem sýnir bráðabirgðayfirlit helztu þátta greiðslujafnaðarins 1977, þar sem einnig eru tilgreindar tölur fyrir árið 1976. Til þess að auðvelda samanburð hafa tölur ársins 1976 verið umreiknaðar til meðalviðskiptagengis ársins 1977.

*Greiðslujöfnuður við útlönd*

(Í m.kr. á meðalgengi 1977)

	1976	1977
Innfluttar vörur, f.o.b. ....	-86.354	-112.345
Útfluttar vörur, f.o.b. ....	81.236	101.890
Vöruskiptajöfnuður .....	-5.118	-10.455
Þjónustujöfnuður .....	265	800
Viðskiptajöfnuður .....	-4.853	-9.655
Framlög án endurgjalds .....	50	-10
Fjármagnsjöfnuður .....	8.505	15.615
Heildargreiðslujöfnuður .....	3.702	5.950

Á 5. töflu aftast í skýrslunni er nánara yfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á árunum 1973—1977, og á 6. töflu er ársfjórðungslegt yfirlit yfir greiðslujöfnuð 1976 og 1977.


Meðfylgjandi yfirlit sýnir gjaldeyrisstöðu bankauma sl. þrjú ár. Tölur í þessu yfirliti eru umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1977 og eru því á samþæringu gengi.

*Gjaldeyrisstaða bankanna*

(Í m.kr. á gengi í árslok 1977)

	1975	1976	1977
Seðlabankinn			
Gjaldeyrisforði	10.104	17.844	21.285
Skuldir í frjálsum gjaldeyri	-13.544	-19.778	-16.983
Vöruskiptareikningar, nettó	-2.136	—	—
Viðskiptabankar, nettó	1.289	1.609	1.764
Gjaldeyrisstaða bankanna, nettó	-4.287	-325	6.066

**Gjaldeyrisstaðan**



Skuld Seðlabankans við Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var óbreytt frá fyrra ári, 62,2 milljónir SDR-eininga. Upphæð langra erlendra lána, sem tekin voru á árinu 1977 og komu inn í gjaldeyriskaupum bankanna og höfðu þannig bein áhrif á bata gjaldeyrisstöðunnar, námu 13.947 m.kr. reiknað á gengi í árslok. Nákvæmar upplýsingar eru ekki fyrir hendi um vaxtagreiðslur og afborganir erlendra lána, sem fóru í gegnum bankakerfið, en áætlað er, að þær hafi numið 15.800 m.kr., þar af afborganir 9.200 m.kr.

Hinn 30. nóvember 1977 var gerð breyting á reglugerð nr. 79 frá 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o.fl. Var breytingin fólgin í því, að þeim aðilum, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri og ekki er beinlínis skylt að selja hann innlendum gjaldeyrisbönkum, er heimilað að stofna gjaldeyrisreikninga í eftirtöldum gjaldmiðlum: Bandarískum dollurum, þýzkum mörkum, sterlingspundum og dönskum krónum. Er hér fyrst og fremst um að ræða erlend vinnulaun og þóknun, afgang af áhafna- og ferðagjaldeyri, arf erlendis frá, fé, sem tekið er með við flutning til landsins, svo og umboðslaun og erlendar tekjur skipa- og flugfélaga og váttryggingarfélaga. Hinum síðast töldu aðilum hefur verið og er nú jafnframt heimilt að geyma gjaldeyri á erlendum bankareikningum og hjá erlendum umboðsmönnum, enda séu slíkar innstæður í samræmi við rekstrarfjárfarir. Eigendum gjaldeyrisreikninga er frjálst að ráðstafa reikningsinnstæðu til greiðslu fyrir vöru og þjónustu innan ramma gjaldeyrisreglna, en samþykki gjaldeyrisyfirvalda þarf til annarra ráðstafana. Byrjað var að taka á móti fé á gjaldeyrisreikninga 28. desember 1977, og var því eðlilega ekki um að ræða umtalsverða upphæð, sem komin var inn í gjaldeyrisstöðuna í árslok 1977. Þess má geta, að í 21 af 24 þátttökuríkjum OECD er almenningi nú heimilt að eiga gjaldeyrisinnstæður í einhverri mynd. Aðeins í Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Írlandi eru gjaldeyrisreikningar innlendra aðila ekki leyfðir.

## FJÁRMÁL RÍKISINS

### Afkoma ríkissjóðs

Mikil breyting til batnaðar varð sem kunnugt er í fjármálum ríkissjóðs á árinu 1976, frá því sem verið hafði á undangengnum tveimur árum. Enda þótt um greiðsluhalla væri að ræða, nam hann ekki nema um 0,2% af vergri þjóðarframleiðslu ársins samanborið við 2,5—3% á árunum 1974 og 1975. Á árinu 1977 var talið afar mikilvægt, að þessi þróun héldi áfram, svo að í stað greiðsluhalla gæti ríkissjóður grynnt á skuldum sínum, en skuldir hans við Seðlabankann voru þegar orðnar mjög miklar. Ennfremur var af þjóðhagslegum ástæðum nauðsynlegt, að ríkissjóður skilaði greiðsluafgangi, svo að áhrif hans á þjóðarþúskaðinn gætu vegið á móti vaxandi þenslu. Af ýmsum ástæðum, sem að nokkru verða raktar hér á eftir, náðist ekki sá árangur, sem vænt hafði verið. Samkvæmt fyrstu tölum, sem birtar hafa verið, varð rekstrarhalli á árinu að fjárhæð 2,8 milljarðar króna. Nettóinnstreymi á lána- og viðskiptareikningum nam 0,7 milljörðum, þannig að greiðsluhallinn varð 2,1 milljarður. Á árinu 1976 hafði greiðsluhallinn orðið 0,5 milljarðar króna og 5,5 milljarðar á árinu 1975. Samkvæmt tölum ríkisbókhalds urðu greiðsluhreyfingar við Seðlabankann óhagstæðar um 2,2 milljarða á árinu 1977. Auk þess nam uppfærsla gengistryggðra lána ríkissjóðs í Seðlabankanum 1,5 milljarði, þannig að stöðuryrnum hans við bankann nam 3,7 milljörðum króna.

Í fjárlögum ársins 1977 var gert ráð fyrir greiðsluafgangi hjá ríkissjóði að fjárhæð 2,6 milljarðar króna að meðtalinni bættri stöðu við Seðlabankann, er næmi 2,4 milljörðum. Útkoman varð þannig töluvert miklu verri en ætlað hafði verið, og verður því á árinu 1978 að stefna mjög ákveðið að því marki, að ríkissjóður skili greiðsluafgangi, svo sem honum er ætlað í fjárlögum ársins. Með tilliti til hinna miklu þensluafla, sem voru að verki á árinu 1977 og mögnuðust, eftir því sem á árið leið, mátti telja eðlilegt, að ríkisfjármálunum yrði beitt í aðhaldsskyni. Hins vegar voru gerðar meiri kröfur til ríkisvaldsins en gert hafði verið ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga ársins, bæði í sambandi við almenna kjarasamninga og samninga opinberra starfsmanna. Í þessu sambandi

er einnig rétt að líta til þess, hversu fárra tækja fjármálayfirvöld geta gripið til í þeim tilgangi að hafa skammtímaáhrif á þróun ríkisfjármálanna. Það hlýtur því að vera brýnt úrlausnarefni að gera stjórnvöldum kleift að bregðast við röskun á þróun ríkisfjármálanna, frá því sem fyrir er séð við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Framan af árinu 1977 var þróun ríkisfjármálanna nokkru betri en búizt var við í upphafi ársins, einkum vegna tekjuinnheimtu umfram áætlun. Það átti m.a. rætur að rekja til meiri innflutnings en gert var ráð fyrir, sérstaklega innflutnings á hátollavörum. Ráðstafanirnar, sem gripið var til í tengslum við samningagerð ASÍ og vinnuveitenda í júnímánuði og fólu í sér nokkurn tekjumissi og útgjaldaaukningu ríkissjóðs, eyddu hins vegar að miklu leyti því svigrúmi, sem myndast hafði til þess að bæta afkomu og stöðu ríkissjóðs. Í októbermánuði kom sem kunnugt er til verkfalls opinberra starfsmanna. Launahækkunirnar, sem samið var um, reyndust nokkru meiri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun þeirri um afkomu ríkissjóðs á árinu, sem birt var í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir 1978. Þá varð innheimtur söluskattur á síðari hluta ársins minni en ætlað var, einkum desemberinnheimtan, er mun að nokkru hafa flutt yfir til janúar 1978. Rekstrarafkoman yrði því betri á rekstrargrunni heldur en á greiðslugrunni. Þá má og nefna, að vaxtagreiðslur ríkissjóðs urðu mun hærri á árinu 1977 en gert var ráð fyrir í áætlun.

Taflan, sem hér fer á eftir, sýnir yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni árin 1971—1977. Tölur áráanna 1971—1976 eru byggðar á ríkisreikningum viðkomandi ára, en tölur ársins 1977 eru fyrstu tölur um niðurstöður þess árs, enda hefur ríkisreikningur fyrir 1977 ekki verið lagður fram, þegar þetta er ritað,

**Nokkrar yfirlitstölur**

*Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs*

(Á greiðslugrunni í m.kr.)

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977
1. Tekjur	12.955	17.837	24.046	35.784	49.343	68.282	95.521
2. Gjöld	13.197	18.223	24.814	40.289	57.577	69.846	98.288
3. Rekstrarafg. (1-2)	-242	-386	-768	-4.505	-8.234	-1.564	-2.767
4. Hreyf. á viðsk.-reikn. og lána- utan Seðlab.	100	503	467	1.114	2.730	1.046	664
5. Gr.afg. (3+4)	-142	117	-301	-3.391	-5.504	-518	-2.103
51. Greiðsluhr. við Seðlab.	-208	58	364	-3.514	-5.531	-896	-2.245
52. Breytingar bankainnstæðna og sjóðs	66	59	63	123	27	378	142

og því að venju verið stuðzt við bráðabirgðauppgjör ríkisbókhaldsins, sem gerð var grein fyrir í skýrslu fjármálaráðherra til Alþingis um afkomu ríkissjóðs 1977.

Eins og fram kemur á töflunni nam rekstrarhallinn 2.767 m.kr. á árinu 1977 eða 2,9% af innheimtum tekjum. Á árunum 1976 og 1975 nam hallinn 2,3% og 16,7% af innheimtum tekjum. Minna innstreymi varð á lána- og viðskiptareikningum en síðustu tvö árin, og varð greiðsluhallinn 2.103 m.kr., eins og áður er að vikið. Reikningstölur Seðlabankans að meðtalinni gengisuppfærslu sýna heildarskuldaaukningu ríkissjóðs við bankann um 3.601 m.kr. samanborið við 1.713 m.kr. skuldaaukningu á árinu 1976, og námu skuldirnar alls 14.600 m.kr. í árslok 1977. Á töflunni er stöðubreytingin við Seðlabankann ekki sundurlíðuð. Á árinu 1977 jukust skuldabréfin um 1.727 m.kr., og samkvæmt tölum ríkisbókhalds versnaði staðan á aðalviðskiptareikningi um 518 m.kr., svo að stöðuversnun varð samtals að fjárhæð 2.245 m.kr. Hinum miklu yfirdráttarskuldum árunum 1974 og 1975 var á sínum tíma breytt í föst lán með útgáfu skuldbréfa. Svo var hins vegar ekki gert við lok ársins 1976, og stóð sú skuld á aðalviðskiptareikningi allt fram til ársloka 1977, er henni var breytt í lán til nokkurra ára. Verðbréfasuld ríkissjóðs í Seðlabankanum nam í árslok 1977 12,5 milljörðum króna.

Í fjárlögum síðustu ára hefur jafnan verið gert ráð fyrir afborgunum af lánum ríkissjóðs í Seðlabankanum, en mjög hefur skort á, að þær hafi verið greiddar svo sem til var ætlazt, þar eð afkoma ríkissjóðs hefur ekki gert það kleift. Taflan, sem hér fer á eftir, sýnir samanburð á tölum fjárlaga fyrir árin 1974—1977 og raunverulegri útkomu sömu ára á greiðslugrunni.

*Samanburður fjárlaga og raunverulegrar niðurstöðu*

M.kr.	1974		1975		1976		1977	
	Fjárl.	Útk.	Fjárl.	Útk.	Fjárl.	Útk.	Fjárl.	Útk.
1 Tekjur	29180	35784	47626	49343	60342	68282	89956	95521
2 Gjöld	29402	40289	47225	57577	58857	69846	89153	98288
3 Rekstr.jöfn.	—222	—4505	401	—8234	1485	—1564	803	—2767
4 Hreyfingar								
lána og lausask.	670	1114	—21	2730	887	1046	1750	664
5 Greiðslujöfn.	448	—3391	380	—5504	2372	—518	2553	—2103
51 Gagnv. Seðlab.	355	—3514	250	—5531	2000	—896	2380	—2245
52 Sjóður	93	123	130	27	372	378	173	142

Samkvæmt tölum þessa yfirlits fóru tekjur rúm 6% fram úr áætlun fjárlaga fyrir 1977 og gjöld rúm 10%. Þessi frávik eru minni en oft áður, einkum vegna þess að fjárlagatölurnar voru nú byggðar á forsendum um launa- og verðlagsþróun á fjárlaga-

árinu sjálfu. Orsakir þess, að tölurnar fóru fram úr áætlun, umfram þær, sem getið er framfar í þessum kafla, má nær eingöngu rekja til örari verðlagsþróunar og meiri innlendra eftirspurnar en útlit var fyrir við gerð fjárlaga. Af einstökum teknaliðum má nefna, að tekju- og eignarskattar gáfu tæplega 7% minna af sér en ætlað var, og má í því sambandi vísa til málsgreinarinnar hér að aftan, sem fjallar um aðgerðir á árinu. Af óbeinu sköttunum fóru innflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum mest fram úr áætlun eða 52% og almenn aðflutningsgjöld 26%. Frávik annarra teknaliða var minna, en geta má þess, að 8,5% skorti á, að fjárlagatölur um hagnað af ÁTVR stæðust. Hér veldur einkum minnkandi tóbakssala svo og hitt, að verð á söluvörum ÁTVR var ekki hækkað til jafns við áætlun fjárlaga.

Af aðalmálefnaflokkum gjalda fór kostnaður vegna almennrar stjórnar og löggæzlu 29% fram úr áætlun, útgjöld til mennta- og menningarmála 22% og heilbrigðismála 23%. Útgjöld vegna landbúnaðarmála, þar með taldar útflutningsuppbætur, fóru 22% fram úr fjárlögum, útgjöld vegna sjávarútvegs mála 26%, en kostnaður vegna annarra höfuðliða fór mun minna fram úr fjárlagatölunum.

Við gerð fjárlaga fyrir árið 1977 var miðað við 30% hækkun skattvísitölnnar í samræmi við áætlaða hækkun tekna 1976 og 1.000 m.kr. lækkun tolltekna, aðallega vegna samninga Íslands við EFTA og EBE. Álagning sérstaks vörugjalds 18% og sjúkra- tryggingagjalds 1% var framlengd til ársloka 1977.

Til þess að greiða fyrir samningagerð ASÍ og vinnuveitenda í júní gaf ríkisstjórnin fyrirheit um ýmsar ráðstafanir. Eftirgreindar ráðstafanir höfðu áhrif á fjármál ríkissjóðs á árinu: Niðurgreiðslur voru auknar um 1.500 m.kr. Tekjuskattur einstaklinga var lækkaður með breytingu á skattstiga, og var nýtt 30% skattþrep tekið upp í þessu skyni. Vegna skattstigabreytinganna var tekjuskattur einstaklinga talinn lækka um 2.000 m.kr. 1977. Þá voru bætur almannatrygginga hækkaðar í samræmi við hækkun lægstu launa í kjarasamningunum, auk þess sem teknar voru upp nýjar bætur, heimilisuppbót á lífeyri einhleypra tekjutryggingarþega.

Síðustu tvo áratugi hafa umsvif ríkissjóðs, eins og þau eru mæld af hlutfalli tekna hans og þjóðarframleiðslu annars vegar og gjalda og þjóðarútgjalda hins vegar, farið vaxandi, þó ekki allra síðustu árin. Á töflunni á næstu síðu eru þessi hlutföll sýnd fyrir árabilið 1970—1977. Ennfremur eru sýnd hlutföll tekju- afgangs og greiðsluafgangs annars vegar og þjóðarframleiðslu hins vegar.

Byggt er á greiðslugrunnstólum eins og þær eru unnar upp úr



#### **Aðgerðir á sviði ríkisfjármála**

#### **Langtímaviðhorf**



### Hlutföll ríkissfjármála og þjóðhagsstærða (%)


	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977
Tekjur/þjóðarframl.	22,2	23,9	26,4	25,5	26,1	26,4	26,5	26,1
Gjöld/þjóðarútgj.	21,8	22,7	26,3	25,6	26,4	27,7	26,7	26,2
Tekjuafg./þj.framl.	0,7	-0,4	-0,6	-0,8	-3,3	-4,4	-0,6	-0,8
Greiðsluafg./þjóðarfrl.	1,1	-0,3	0,2	-0,3	-2,5	-2,9	-0,2	-0,6




ríkisreikningi fyrir hvert ár. Tölur ársins 1977 eru þó að sjálf-sögðu bróðabirgðatölur. Af töflunni má sjá, að síðustu 6 árin hefur hlutfall ríkistekna og vergrar þjóðarframleiðslu haldizt því sem næst óbreytt, en hafði þar áður hækkað snögg. Hlutfall gjalda og þjóðarútgjalda jókst hins vegar að heita má óslitið fram til 1975, en hefur lækkað nokkuð tvö síðustu árin. Mikil greiðsluhalli árána 1974 og 1975 fór sem kunnugt er saman við mikið misvægi í þjóðarbúskapnum. Mjög svipaðar hlutfallstölur tekna og gjalda flest árin benda til þess, að viðbrögð hins opinbera við hagsveiflunni hafi verið svipuð og einkageirans, þó þannig, að hið opinbera hefur í ríkari mæli jafnað sveifluna með hallamyndun á samdráttarskeiðinu 1974—1975.

Á erfiðleikatímum getur verið mjög eðlilegt, að ríkissjóður sé rekinn með halla, en honum verður þá að mæta með afgangi á uppgangstímum. Á erfiðleikaárunum 1967—1969 myndaðist til-tölulega lítill halli, og strax á árinu 1970 varð umtalsverður af-gangur á ný. Í vaxandi góðæri árána 1971—1973 var útkoman hvergi nærri viðunandi og gerði mun erfiðara um vik að bregðast við áföllunum, sem dundu yfir árin 1974 og 1975. Í ljósi þessa má telja höfuðveilu fjármálastjórnarinnar hafa falizt í því jöfnum höndum að láta rekstrar- og greiðsluafkomu ríkissjóðs skila svo tæpri stöðu eftir fyrra góðæri, sem og að láta afkomu og stöðu versna svo mjög á erfiðleikatímanum, að engin fordæmi eru fyrir jöfnun slíks halla á næstu uppsveiflu. Þetta reyndist þeim mun örðugra sem vextir stórauðinnar ríkisskuldur bættust við rekstrar- og greiðslubyrðina. Það átak til hallajöfnunar, sem síðan hefur verið gert, er fyllilega sambærilegt við fyrri árangur af því tagi. Rekstrarhalli 1976 telst 0,6% af þjóðarframleiðslu til samanburðar við 4,4% árið áður, svo að í einum ársáfangi var náð bata, sem nemur 3,8 prósentustigum af þjóðarframleiðslu. Því miður reyndist ekki unnt að beita sama aðhaldi á árinu 1977. Á því ári voru erfiðleikar þjóðarbúsins almennt tald-ir yfirstignir, og kröfugerð og eftirspurn jukust mjög.

Tveim ástæðum hefur einkum verið borið við til réttlætningar hinum mikla halla 1974 og 1975. Ríkissjóður hafi verið notaður sem höggdeyfir þjóðarbúsins, annars vegar til þess að bægja atvinnuleysi frá og hins vegar til þess að draga úr



### Árstíðasveifla



kjaraskerðingu og um leið úr sjálfvirkum víxlgangi kauplags og verðlags. Eftir á að hyggja sést betur, að rök þessi eru haldminni en ætla mátti. Ef frá er talið árið 1975, hefur óttinn við atvinnubrest reynzt ástæðulitill, þar sem varla hefur linnt ofeftirspurn. Nokkur slökun eftirspurnarspennu hefði þvert á móti veitt æskilegt svigrúm til ýmiss konar umþóttunar í atvinnulíf-inu. Að hinu leytnu varð reyndin sú, að skera varð á víxlverkanir verðbólgunnar.

Ef dæma má af reynslu síðasta aldarfjórðungs, þá má rekstrarhalli ríkissjóðs helzt ekki fara fram úr sem svarar 2% af þjóðarframleiðslu, jafnvel þótt efnahagsáföll séu veruleg. Annars er örvænt um, að jákvæður jöfnuður á eftir nái að jafna skuldstöðuna. Nú stendur t.d. einnig eftir það viðfangsefni að jafna á allöngum tíma ríkisskuldina, sem safnast hefur fyrir frá 1974 að meðtöldu endurbataskeiði síðustu hagsveiflu, þ.e. á árunum 1976 og 1977.

Samkvæmt reynslu fyrri ára hefur greiðsluflæði ríkissjóðs verið nokkuð árstíðabundið. Gjöld hafa að vísu dreifzt fremur jafnt á árið, en samt verið ívið meiri á síðari hluta ársins en hinum fyrri. Framan af áratugnum innheimtist jafnan fremur lítill hluti heildartekna hvers árs á fyrstu mánuðunum, en síðan hefur sú breyting orðið, að sveiflan hefur jafnast nokkuð og minni munur er nú á tekjuinnstreymi á fyrri árshelmingi og hinum síðari en áður var. Þó er því enn svo háttáð, að á fyrstu mánuðum hvers árs er jafnan um mikinn rekstrarhalla (þ.e. mismun tekna og gjalda) hjá ríkissjóði að ræða, og er hann einkum fjármagnaður með yfirdrætti í Seðlabankanum og útgáfu ríkisvixla, sem tíðast eru keyptir af sparisjóðum. Vegna ferils ríkisfjármálanna innan ársins er jafnan skuld á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum allt fram undir árslok, jafnvel þegar tekjur og gjöld kynnu að standast á yfir árið í heild. Aðstæðurnar eru með öðrum orðum þær, að enda þótt tekjur og gjöld stæðust á og greiðslujöfnuður kæmi út á sléttu á áramótum, þá væri samt sem áður um töluverða skuld ríkissjóðs við Seðlabankann og e.t.v. innlánsstofnanir (ríkisvixlar) innan ársins að ræða, svo að meðaldagsskuld ársins skiptir nokkrum milljörðum á núgildandi verðlagi.

Ekki er aðeins um reglulega sveiflu innan hvers árs að ræða, heldur einnig innan hvers mánaðar, ef dæma má af hreyfingum á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum. Þegar lítið er á hvern mánuð fyrir sig, kemur í ljós, að staðan á aðalviðskiptareikningi er allajafnan bezt í lok hans. Hún versnar hratt fram eftir mánuðinum og batnar sömuleiðis ört í lokin, sérstaklega vegna innheimtu söluskatts síðustu daga hvers mánaðar.

Þessar reglubundnu hreyfingar eru að því leyti óhagstæðar ríkissjóði, að hann verður að sjálfsgöðu að greiða vexti af yfirdráttarskuldum sínum og annarri fjármögnun árstíðabundins halla. Eðlilegt væri að stefna að því að draga úr sveiflu innan mánaðar á þann veg, að meiri háttar útgjöld féllu frekar til á dögum mikils tekjuinnstreymis.

#### Ríkisstofnanir

Mjög takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um afkomu ríkisstofnana, enda birtist uppgjör þeirra jafnan ekki fyrr en B-hluti ríkisreiknings er lagður fram. Reikningar Seðlabankans sýna þó, að kröfur hans á ríkisstofnanir lækkuðu um tæplega 1.600 m.kr. á árinu 1977 eða úr tæpum 1.900 m.kr. niður í tæpar 300 m.kr. Heildarkröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir að frádregnum innstæðum sömu aðila námu tæplega 14.900 m.kr. í árslok 1977.

#### Lánsfjármögnun ríkisframkvæmda

Meðfylgjandi tafla sýnir lánsfjáráætlun ríkisframkvæmda 1977 og raunverulega útkomu, þ.e.a.s. framkvæmdir á vegum ríkissjóðs, A- og B-hluta fjárlaga. Heildarniðurstaða samþykktra breytinga á áætlun sýnir aukningu um 909 m.kr. upp í 10.939 m.kr. Eins og fram kemur námu útborgaðar ráðstöfunarheimildir í árslok 688 m.kr. Þar af voru 515 m.kr. vegna seinkunar á hlutafjárframlagi ríkissjóðs til Járnblandifélagsins fram á árið 1978 og 173 m.kr. vegna óuppgerðra lána til Kröfluvirkjunar.

#### Lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir 1977 í m.kr.

	Áætlun		Útkoma	
<i>Lánahreyfingar inn:</i>				
<i>Innlend fjáröflun:</i>				
Sala spariskírteina	1.200		2.050	
Sala happdrættisbréfa	500		341	
Innheimtufé spariskírteina	1.710	3.410	1.733	4.124
<i>Erlend fjáröflun:</i>				
Vörukaupalán	763		673 <sup>1)</sup>	
Önnur erlend lán	5.907	6.670	6.356 <sup>2)</sup>	7.029
Lánsfé til langs tíma, alls		10.080		11.153
Endurlán til sveitarfélaga vegna Grundartangahafnar		—50		—50
Bætt staða á hlaupareikningi				—68
Uppgjör bráðabirgðafjármögnunar fyrra árs				—784
Samtals lánahreyfingar inn		10.030		10.251
<i>Lánahreyfingar út:</i>				
<i>A-hluti:</i>				
Laxastigi í Laxá	75		75	
Flugöryggistæki	76		77	

*frh. á næstu bls.*

<i>frh.</i>	<i>Áætlun</i>		<i>Útkoma</i>	
Vegagerð . . . . .	1.600		1.600	
Vegagerð við Grundartanga . . .			20 <sup>3)</sup>	
Landshafnir . . . . .	195		195	
Hafnargerð við Grundartanga . .	150		150	
Dýpkunarskip, kaup . . . . .	300		302 <sup>1)</sup>	
Járnblendifélag, hlutafj.framl. . .	939	3.335	939	3.358
÷ óútborgað í árslok . . . . .				515
A-hluti, afgreidd lán . . . . .				2.843
<i>B-hluti:</i>				
RARIK, alm. framkv. . . . .	1.873		1.825 <sup>1)</sup>	
Sveitarafvæðing . . . . .	200		200	
<i>Byggðalínur:</i>				
Norðurlína . . . . .	1.178		1.178 <sup>1)</sup>	
Grundart.—Vatnshamrar . . . . .			135	
Krafla—Akureyri . . . . .	155		155	
Krafla—Eyrarteigur . . . . .	500		500	
<i>Kröfluvirkjun:</i>				
Stöðvarbús og vélar . . . . .	1.376		2.442	
Borholur og aðveitukerfi . . . . .	913	6.695	1.146	7.581
÷ óútborgað í árslok . . . . .				173
B-hluti, afgreidd lán . . . . .				7.408
Lánsfjáráætlun, alls . . . . .		10.030		10.939
÷ óútborgað í árslok . . . . .				688
Samtals lánaþreyingar út . . . . .		10.030		10.251

- 1) Beinar lántökur framkvæmdaáðila: Dýpkunarskip 135 m.kr., RARIK 254 m.kr. og Norðurlína 284 m.kr. Að öðru leyti sýnir yfirlitið reikning lánsfjáráætlunar á vegum Seðlabanka.
- 2) Þar af 777 m.kr. endurlánað erlent lánsfé á vegum Seðlabanka. Lántaka Framkvæmdasjóðs hefur verið tekin út úr.
- 3) Tekið af heimild hafnargerðar 1976, en framkvæmt og greitt 1977.


## PENINGAMÁL

Stefnan í peningamálum á árinu 1977 var mörkuð svo í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar, að bankakerfið tryggði atvinnuvegunum nauðsynleg rekstrarlán, án þess að kæmi til eftirspurnarþenslu af völdum útlána eða annars peningaúttreymis né lausafjárstaða innlánsstofnana yrði rýrð. Almenn útlán bankakerfisins, sem áherzla var lögð á í lánsfjáráætlun, jukust mun meira en að var stefnt auk þess sem peningamyndun vegna endurkaupa og gjaldeyrisviðskipta varð afar mikil. Um tíma var lausafjárstaða einkageirans því mjög rúm, og hefur það vafalaust ýtt undir almenna eftirspurn, ekki sízt þegar hættan á vaxandi verðbólgu varð ljós. Með vaxtabreytingum á síðari hluta ársins tókst hins vegar að efla sparnað við innlánsstofnanir, því að yfir árið í heild jókst raungildi sparifjár um 4,5% samanborið við 0,8% aukningu árið áður og stöðuga lækkun næstu þrjú ár á undan.

### Hreyfingar innan ársins

Þegar litið er á helztu þætti peningamálanna innan ársins, kemur í ljós, að árinu má skipta í þrjú ólíka kafla. Á fyrstu mánuðunum átti sér stað afar mikið peningaúttreymi úr Seðlabankanum, er saman fór mikil aukning endurkaupa og lána til ríkisins umfram venjulegar árstíðabundnar þarfir, sem einmitt eru mestar um þetta leyti árs, auk mikilla gjaldeyriskaupa umfram-sölu, sem stöfuðu af erlendum lánnum. Af þessum sökum jukust innlán í innlánsstofnunum og lausafjárstaða þeirra batnaði þrátt fyrir geysilega útlánaaukningu. Um miðbik ársins dró verulega úr peningaúttreymi Seðlabankans, en útlán innlánsstofnana héldu sínum öra vexti, enda þótt mjög drægi úr aukningu innlána. Þá þegar varð ljóst, að útlánaaukning innlánsstofnana yrði meiri en stefnt var að, enda voru forsendur lánsfjáráætlunar orðnar óraunhæfar vegna örari hækkunar tekna og verðlags og mikillar birgðasöfnunar í landinu. Seðlabankinn hækkaði vexti í ágúst og aftur í nóvember, og höfðu breytingarnar jákvæð áhrif á þróun innlána, sem jukust á síðustu fjórum mánuðunum um álíka fjárhæð og á öllu árinu 1976. Lausafjárstaða innláns-

## Lánsfjáráætlun



## Gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans

## Staða ríkisins

stofnana, sem orðin var mjög rýr í ágúst, batnaði verulega á síðustu mánuðunum, bæði vegna hagstæðari þróunar innlána og vegna peningaústreymis úr Seðlabankanum í desember. Skal nú vikið að einstökum atriðum peningamála á síðasta ári.

Á árinu 1977 var stefnan í peningamálum í annað skipti ákveðin innan ramma heildaráætlunar um lánamarkaðinn, sem lagður var með lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Markmið peningamálastefnunnar var að bæta viðskiptajöfnuð við útlönd og gjaldeyrisstöðu bankanna og ennfremur að bæta lausafjárstöðu innlánsstofnana, sem verið hefur rýr vegna óhagstæðra gjaldeyrisviðskipta á síðustu árum. Til að þetta mætti takast var sett fram ákveðið hámark fyrir útlánaaukningu bankakerfisins og höfuðáherzla lögð á að takmarka lán Seðlabanka til ríkisins og almenn útlán viðskiptabanka, þ.e. útlán að frádregnum endurseljanlegum afurða- og rekstrarlánnum. Báðir þessir þættir fóru langt fram úr settu marki, auk þess sem endurkeypt afurða- og rekstrarlán jukust mun meira en gert hafði verið ráð fyrir. Í heild jukust útlán bankakerfisins um 36,4% samanborið við 24,4% árið áður, en stefnt var að 14,2% aukningu í lánsfjáráætlun 1977. Þessa útlánaþenslu má m.a. rekja til aukins birgðahalds bæði í sjávarútvegi og landbúnaði, greiðsluhalla ríkissjóðs og rekstrarerfiðleika í sjávarútvegi á Suðvesturlandi. Þá var útlánageta innlánsstofnana afar mikil framan af árinu vegna peningaústreymis úr Seðlabankanum.


Við fyrstu sýn virðist svo sem gjaldeyriskaup Seðlabankans umfram-sölu hafi myndað stærsta þáttinn í peningaústreymi bankans á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Gjaldeyrisstaða bankans batnaði þá um 6,2 milljarða króna, og stafaði batinn einkum af erlendum lánnum opinberra aðila og sjóða. Þegar þess er hins vegar gætt, að sömu aðilar juku innlán sín í bankanum verulega á sama tíma, hafa erlendu lánin ekki valdið peningalegri þenslu fyrr en síðar á árinu, er gengið var á innstæðurnar, sem myndast höfðu. Á öðrum ársþriðjungi dró verulega úr vexti gjaldeyriskaupanna, en gjaldeyrisala jókst jafnt og þétt fram undir lok ársins. Yfir árið í heild batnaði gjaldeyrisstaða Seðlabankans um 5,4 milljarða kr. og var í árslokinn orðin jákvæð um 4,2 milljarða kr., en um þrenn síðustu áramót hefur hún verið neikvæð.

Seðlabankinn gegnir hér á landi óvenjuríku hlutverki við að mæta fjárþörf ríkissjóðs, A-hluta, vegna greiðsluhalla, bæði innan árs og til lengri tíma. Eins og fram kemur í kaflanum um fjármál ríkisins veldur ríkissjóður jafnan mikilli peningamyndun á fyrri hluta árs, en á seinni árshelmingi dregur greiðsluafgangur ríkissjóðs lausafé af peningamarkaðnum. Á síðustu árum

## Úr reikningum Seðlabankans

### Hreyfingar

	Staða			Hreyfingar		
	31/12	1976	1977	1. árs- þriðj.	2. árs- þriðj.	3. árs- þriðj.
Í milljörðum króna	1977	1976	1977	1977	1977	1977
1 Gjaldeyrisstaða <sup>1)</sup>	4,2	2,9	5,4	6,2	-1,9	1,1
2 Innl. liðir, nettó <sup>2)</sup>	36,8	4,2	8,6	1,9	2,7	4,0
21 Kröfur á ríkissj., nettó	14,9	2,5	2,0	0,2	0,9	0,9
211 A-hluti, greiðsluhr.	14,6	1,1	2,2	3,4	-0,6	-0,6
212 A-hluti, gengisuppf.	—	0,6	1,4	0,2	0,5	0,7
213 B-hluti fjárlaga	0,3	0,8	-1,6	-3,4	1,0	0,8
22 Kröfur á fjárf.l.sjóði	2,4	-0,2	-0,3	0,1	-0,3	-0,1
23 Kröfur á innlánsst.	32,2	3,7	11,1	3,6	3,3	4,2
231 Endurkaup	26,5	3,5	10,5	4,0	0,9	5,6
232 Aðrar kröfur	5,7	0,2	0,6	-0,4	2,4	-1,4
24 Kröfur á aðra aðila	0,1	—	—	—	—	—
25 Sj. í opinb. vörslu (—) <sup>3)</sup>	-7,1	-1,9	-2,6	-1,6	0,5	-1,5
26 Annað, nettó	-5,7	0,1	-1,6	-0,4	-1,7	0,5
3 Grunnfé	41,0	7,1	14,0	8,1	0,8	5,1
31 Innst. innlánsst.	29,1	5,2	10,3	5,3	-1,1	6,1
32 Seðlar og mynt í umferð	8,7	1,2	3,1	0,4	0,9	1,8
33 Innstæður fjárf.l.sjóða	3,2	0,7	0,6	2,4	1,0	-2,8
				Hreyfingar í % á ári <sup>4)</sup>		
Grunnfé (lína 3)		36,3	51,7	127,8	8,9	32,6
Grunnfé án innst. fjárf.l.sj. (lína 3 — lína 33)		36,1	68,3	108,6	0,5	27,2
Endurkaup (lína 231)		27,8	65,5	51,4	84,7	29,5
Seðlar og mynt (lína 32)		28,7	56,5	45,3	46,4	78,3



1) Bókhaldsbreytingar v/gengis eru ekki taldar með. 2) Endurlánuð löng erlend lán eru ekki talin með. 3) Innstæður og innstæðuaukning eru tákn- aðar með mínusmerki. 4) Ársigildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi er reiknað af árstíðaleiðréttum tölum.

hefur orðið sú breyting á árstíðasveiflunni, að í stað greiðsluafgangs í desembermánuði hefur orðið greiðsluhalli, og eykst peningautstreymi úr Seðlabankanum verulega af þeim sökum. Verði greiðsluafkoma ríkissjóðs neikvæð yfir árið í heild eða meginhluta ársins, má ljóst vera, að af henni stafar peningaleg þensla, sem við vissar aðstæður getur verið óheppileg. Nokkrar stærðir úr reikningum Seðlabanka eru sýndar á línuriti hér á jaðri síðunnar, en þar sést, að skuldir ríkisins (A- og B-hluti fjárlaga) jukust afar mikið á árunum 1974 og 1975 (úr 1,4 í 10,4 milljarða kr.). Næstu tvö ár voru mun betri að þessu leyti, því að skuldaaukningin nam 1,8 milljörðum kr. árið 1976 og 0,5 milljörðum kr. 1977, þegar frá er talin gengisuppfærsla lána. Í lánsfjáráætlun fyrir þessi ár var stefnt að skuldalækkun við

### Útlánahámark

bankann, fyrst um 1,4 og síðan um 2,2 milljarða kr. Efnahagsástand þessara ára, sem m.a. einkenndist af mikilli verðbólgu og háu atvinnustigi, gaf ekki tilefni til skuldasöfnunar ríkissjóðs við Seðlabankann, heldur þvert á móti. Með greiðsluafgangi og lækkun skulda við bankann hefði ríkissjóður getað hamlað gegn þensluáhrifum endurkaupa og annarra útstreymisþátta og lagt grundvöll að bættri stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum.

Snemma á árinu 1977 samdi Seðlabankinn við fulltrúa viðskiptabanka og sparisjóða um stefnuna í útlánamálum, þannig að sett var ákveðið hámark fyrir aukningu útlána í samræmi við lánsfjárátun. Samkomulagið náði til fjögurra mánaða í senn, en fyrir árið í heild var miðað við 20% aukningu almennra útlána að meðtöldum svokölluðum viðbótarlánnum, en undanskildum lánnum, endurseldum Seðlabanka. Viðbótarlán veita bankarnir yfirleitt sem ákveðið hlutfall af endurkaupafyrirgreiðslu Seðlabankans. Útlánaaukningunni var skipt á banka í hlutfalli við innlán þeirra og lausafjárstöðu. Svo sem reikningar innlánsstofnana sýna varð aukningin mun meiri en að var stefnt eða tæp 35%, en árið 1976 náðist betri árangur á þessu sviði, því að útlán, sem samkomulagið náði til, jukust aðeins um 24% á því ári. Aukningin varð mest á fyrstu mánuðum ársins 1977, þegar útlánagetan var í hámarki, og virðist svo sem bankarnir hafi látið undan þeim eftirspurnarþrýstingi, sem að þeim stöðjaði. Á móti kemur, að þróun innlána og lausafjárstöðu varð hagstæðari en undanfarin ár, en verulegur munur er þó á stöðu einstakra banka í þessu tiliti. Sé leitað almennra skýringa á þróun útlána út frá eftirspurnarhliðinni, má benda á, að auk þess sem vextir eru ennþá neikvæðir á flestum tegundum útlána, þá varð verðbólga og þar með rekstrarfjárförf atvinnuveganna mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir í upphaflegri lánsfjárátun. Auk þess jukust viðbótarlán út á afurðir mun meira en upphaflega var áætlað, bæði vegna birgðasöfnunar í sjávarútvegi og landbúnaði. Almenn útlán, án viðbótarlána út á afurðir, jukust um tæp 30% lauslega áætlað.

### Endurkaup og bindiskylda

Í framhaldi af mikilli aukningu síðan 1971 jukust endurkaup Seðlabankans á afurðalánnum innlánsstofnana árið 1977 um 65,5%. Á fjórum síðustu árum hafa endurkaupin verið því sem næst jafnhá bundnum innstæðum innlánsstofnana í Seðlabanka, en á 10 ára tímabili þar á undan voru bundnar innstæður jafnan um 70—100% hærrí en endurkaupin. Bindiskyldan er með öðrum orðum ekki lengur öflugt hagstjórnartæki, sem stuðlar að viðunandi stöðu gagnvart útlöndum eins og hún gerði, þar sem bundnar innstæður nægja ekki til að fjármagna fyrirgreiðslu bankans við innlenda aðila. Þetta er þeim mun alvar-



## Endurkaup Seðlabankans

	Hreyfingar					
	Staða 31/12 1977	1976	1977	1. árs- þriðj. 1977	2. árs- þriðj. 1977	3. árs- þriðj. 1977
Í milljörðum króna						
Endurkaup, alls	26,5	3,5	10,5	4,0	0,9	5,6
Landbúnaður	9,8	1,5	3,9	-1,6	0,6	4,9
Sjávarútvegur	13,9	1,6	6,4	5,6	0,3	0,5
Iðnaður	2,6	0,3	0,7	0,6	—	0,1
Önnur	0,2	0,1	-0,5	-0,6	—	0,1

legra, þegar haft er í huga, að bindiskylduhlutfallið var hækkað úr 20% í 25% á árunum 1973—1976, en 25% innlánsfjár er það hámark, sem heimilt er lögum samkvæmt að binda í Seðlabankanum. Þessi öfugþróun hefur leitt til vaxandi skuldasöfnunar við útlönd eins og meðfylgjandi línurit úr reikningum Seðlabankans sýnir ljóslega. Ýmsar ástæður liggja því að baki, að endurkaup hafa aukizt örar en bundna féð þrátt fyrir hækkað bindiskylduhlutfall. Vegna neikvæðra raunvaxta var innlánaþróun mjög óhagstæð á árunum 1973—1975, en á sama tíma jókst verðmæti þeirra afurða, sem lánað er út á, afar mikið. Verðmæti birgða hækkaði og verulega á síðustu tveim árum, bæði vegna verðhækkana og aukins birgðahalds. Birgðaaukning stafar að nokkru af sölutregðu í sjávarútvegi, t.d. á skreið og saltfiski, og offramleiðslu í landbúnaði, en benda má á, að vaxandi bil milli vaxta á afurðalánum og almennra útlánsvaxta á árunum 1973—1976 hefur e.t.v. stuðlað að auknu birgðahaldi. Loks má nefna, að frá og með 1. janúar 1972 hækkaði endurkaupahlutfall Seðlabankans, þannig t.d. að út á útflutningsvörubirgðir voru lánuð 58,5% í stað 55% áður. Í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1978 var lagður grundvöllur að lækkun endurkaupahlutfallsins og hækkun viðbótarlána að sama skapi á þann hátt, að dregið var úr fyrirgreiðslu bankanna við fjárfestingarlána-sjóðakerfið.

Þegar saman eru tekin heildarútlán innlánsstofnana, kemur í ljós, að þau hafa aukizt um 42,2%, sem er nálægt því að vera jafnmikil hlutfallsaukning og varð á árinu 1974, en hin mikla útlánaaukning þá heyrði til undantekninga. Útlánaaukningunni 1977, sem nam tæpum 30 milljörðum kr., má skipta nokkurn veginn að jöfnu milli endurkaupa (10,4 milljarðar kr.), hámarksaukningar viðskiptabanka skv. samkomulagi (9,0 milljarðar kr.) og annarra lána (10,5 milljarðar kr.), þ.e.a.s. lána viðskiptabankanna umfram umsamið hámark, auk útlána annarra innlánsstofnana. Útlán til sjávarútvegs jukust um 10,3 milljarða kr.

### Heildarútlán innlánsstofnana

**Vaxtabreyting  
21. marz 1977**



eða 63,5%, lán til landbúnaðar um 5,7 milljarða kr. eða 59,4%, lán til iðnaðar um 2,7 milljarða kr. eða 31,6% og lán til verzlunar um 2,8 milljarða kr. eða 22,9%.

Frá og með 21. marz 1977 tóku gildi breyttir vextir á viðbótarlánnum viðskiptabankanna út á afurðir og á svokölluðum útgerðarlánnum, sem veitt eru með veði í væntanlegum afla. Eftir breytinguna voru viðbótarlán veitt með venjulegum víxilvöxtum, en höfðu verið með 11% vöxtum. Vextir útgerðarlána hækkuðu úr 11 í 13%. Þessar breytingar voru skref í þá átt að leiðrétta misræmi, sem lengi hefur verið í vaxtakerfinu, en vextir af reglubundnum afurða- og rekstrarlánnum höfðu ekki breytzt síðan 1974.

**Vaxtabreyting  
1. ágúst 1977**

Vísitala framfærslukostnaðar var í ágústbyrjun 1977 26,7% hærrí en árið áður, og var það minnsta árshækkun síðan í ágúst 1973. Eftir stöðuga hjöðnun verðbólgunnar frá árinu 1975 var hins vegar ljóst á miðju síðasta ári, að hún myndi vaxa á ný og stefna hag sparifjäreigenda og fjárhagsgetu bankakerfisins enn í tvísýnu. Bankastjórn Seðlabankans ákvað því að gera nokkrar breytingar á vöxtum, sem tóku gildi 1. ágúst. Með breytingunni er stefnt að því að veita innstæðueigendum verulega tryggingu gegn áhrifum aukinnar verðbólgu í framtíðinni með því að skipta öllum bankavöxtum nema af veltiinnlánum í grunnvexti og verðbótaþátt vaxta. Verðbótaþátturinn var ákveðinn 8% og skyldi endurskoðaður að jafnaði ekki sjaldnar en á þriggja mánaða fresti með hliðsjón af þróun vísitölu framfærslukostnaðar. Miðað er við, að verðbótaþátturinn hækki um nálægt 60% af því, sem verðbólgan kann að verða umfram 26% á ári. Þessi ákvörðun hafði ekki í för með sér breytingu á almennum innlánsvöxtum, þar sem samtala grunnvaxta og verðbótaþáttar gaf sömu vexti og gilt höfðu fram að 1. ágúst. Hins vegar voru heildarvextir af vaxtaaukainnlánnum hækkaðir um 4% eða í 26%, en þar af voru grunnvextir 18%, en verðbótaþáttur 8%. Á móti þeirri hækkun voru forvextir af víxlum hækkaðir um ½%, vextir af vaxtaaukaútlánnum úr 22½% í 27% og aðrir útlánsvextir um 1%. Loks voru jöfnuð til fulls þau lánskjör, sem einstakir atvinnuvegir nutu, að því er varðar birgða- og rekstrarlán, sem endurkaupanleg eru af Seðlabankanum. Vextir af þeim voru á bilinu 8—15%, mismunandi eftir tegund fyrirgreiðslunnar, en frá og með 1. ágúst voru þeir ákveðnir 11%. Meginbreytingin 1. ágúst fólst í tengingu vaxta við verðlagsþróun með skiptingu vaxta í grunnvexti og verðbótaþátt. Verðbótaþættinum verður breytt reglulega, svo að vextirnir í heild verða hreyfanlegir, en grunnvöxtum verður ekki breytt, nema sérstakt tilefni gefist.

## Vaxtabreyting 21. nóvember 1977



Í samræmi við ofangreinda ákvörðun var verðbótaþáttur vaxta hækkaður frá og með 21. nóvember um 3% eða úr 8% í 11%. Þá voru grunnvextir endurseljanlegra lána hækkaðir um 1% í samræmi við þá stefnu að minnka misræmi í vaxtakerfinu og jafna lánskjör atvinnuveganna, en þessir vextir hafa jafnan verið mun lægri en almennir útlánsvextir. Ennfremur voru grunnvextir víxla hækkaðir um ¼% eða í 9,5%, sem að viðbættum 11% verðbótaþætti þýddi, að forvextir víxla fóru í 20,5% úr 17,25%. Loks breyttust kjör yfirdráttarlána þannig, að vextir af heildarfjárhæð yfirdráttarheimildar, svonefnt viðskiptagjald, hækkuðu úr 5% í 7%, en vextir af yfirdrætti úr 14% í 15%, þannig að yfirdráttarheimild, sem er nýtt, ber 22% vexti í stað 19% áður.

Í töfluviðauka hér að aftan er sérstök tafla um vexti (34. tafla), en til nánari skýringar á samsetningu þeirra eftir breytinguna 21. nóvember skulu hér tekin örfá dæmi:

	Grunn- vextir	Verðbóta- þáttur	Heildar- vextir á ári
Almennar sparisjóðsbækur .....	5%	11%	16%
Innstæður á vaxtaaukareikningum .....	18%	11%	29%
Innstæður á sparisjóðsávísana- reikningum og hlaupareikningum .....			3%
Vixlar, forvextir .....	9,5%	11%	20,5%
Endurseljanleg birgða- og rekstrarlán, forvextir .....	4,0%	11%	15%
Vaxtaaukaútlán .....	19%	11%	30%

Bankavextir breyttust ekki á tímabilinu 1966—1973, en þá var tekin upp hreyfanlegri vaxtastefna. Vaxtahækkanir 1973 og 1974 nægðu þó ekki til að vege á móti þeirri verðbólgu, sem ríkti, og raunveruleg ávöxtun sparifjár rýrnaði verulega allt fram á árið 1976, er vaxtaaukareikningar voru teknir upp. Verðbólgan ásamt lágum vöxtum varð afdrifarík fyrir bankakerfið, því að raungildi heildarinnlána lækkaði á árunum 1974 og 1975 samtals um 24%, þegar miðað er við ársmeðaltöl innlána og verðvísitölu þjóðarútgjalda. Á hinn bóginn hefur lánsfjáreftirspurn verið óseðjandi við þessar aðstæður. Viðbrögð almennings við vaxtabreytingum 1976 og 1977 sýna greinilega, að vextirnir hafa verulega þýðingu í baráttunni milli sparnaðar og eyðslu. Eftir breytinguna 21. marz dró mjög úr viðbótarlánnum, en þau jukust þó á ný á síðari hluta ársins, þegar rekstrarerfiðleika tók að gæta í útgerðarfyrirtækjum. Ekki er unnt að sjá, að vaxtahækkanirnar hafi dregið úr öðrum lánnum, enda eru raunvextir ennþá neikvæðir á flestum útlánategundum. Innlánaþróunin er

Úr reikningum innlánsstofnana

Hreyfingar

	Staða		Hreyfingar			
	31/12		1. árs- þriðj.	2. árs- þriðj.	3. árs- þriðj.	
Í milljörðum króna	1977	1976	1977	1977	1977	1977
1 Lausafjárstaða	5,3	0,5	3,2	2,0	-5,0	6,2
11 Gagnvart Seðlabanka	3,5	0,4	2,6	1,6	-5,0	6,0
12 Gagnvart útlöndum	1,8	0,1	0,6	-0,1	—	0,7
13 Ríkisvixlar	—	—	—	0,5	—	-0,5
2 Bundnar innstæður	22,5	4,5	6,6	3,2	1,4	2,0
3 Útlán <sup>1)</sup>	100,7	14,7	29,9	9,6	8,5	11,8
31 Útlánaþak viðskiptabanka	—	7,3	9,0	2,7	4,6	1,7
32 Útl. viðskiptab. umfr. þak	—	1,5	6,7	2,6	2,0	2,1
33 Önnur útlán <sup>2)</sup>	—	5,9	14,2	4,3	1,9	8,0
4 Eignir==skuldir	128,5	19,7	39,7	14,8	4,9	20,0
5 Heildarinnlán	99,2	17,2	29,8	10,6	2,1	17,1
51 Veltiinnlán	22,0	2,5	6,8	4,8	-0,2	2,2
52 Almenn spariinnlán	47,7	7,0	13,7	4,5	1,5	7,7
53 Bundin spariinnlán	29,5	7,7	9,3	1,3	0,8	7,2
6 Endurk. og verðbr. Seðlab.	29,2	3,4	10,1	3,1	1,0	6,0
7 Eigið fé og annað, nettó	0,1	-0,9	-0,2	1,1	1,8	-3,1

Hreyfingar í % á ári<sup>3)</sup>

Útlán (lína 3)	26,2	42,2	33,8	42,0	51,3
Útlánaþak (lína 31)	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0
Þaklán (línur 31 og 32)	24,0	34,9	42,6	33,9	28,9
Heildarinnlán (lína 5)	32,8	42,9	50,5	8,8	66,0
Veltiinnlán (lína 51)	19,3	45,0	69,7	-1,3	81,7
Almenn spariinnlán (lína 52)	25,7	40,1	44,8	22,4	54,7
Bundin spariinnlán (lína 53)	61,9	46,2	42,6	21,3	79,7

1) Endurlánað erlent lánsfé er ekki talið með. 2) Endurseld afurða- og framleiðslulán, lán sparisjóða, innlánsdeilda kaupfélaga og Póstgíróstofunnar. 3) Ársígildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi er reiknað af árstíðaleiðréttum tölum.

**Þróun innlána**

hins vegar órækt vitni um þýðingu ávöxtunarkjaranna. Í árslok 1976 höfðu safnast 10,1 milljarður kr. á vaxtaaukareikninga, og í árslok 1977 nam innstæðan á þeim 19,3 milljörðum kr. eða sem svarar 25,3% af spariinnlánnum og 19,5% af heildarinnlánnum. Heildarinnlán jukust um 42,9% frá ársbyrjun til ársloka 1977, en að meðaltali um 36,7%, sem er 3,4% umfram verðhækkun þjóðarútgjalda. Raungildi þeirra hækkaði um 1,9% árið 1976 og má því segja, að á síðustu tveim árum hafi vörn snúizt í sókn, sem vekur vonir um, að unnt verði á næstu árum að byggja lánastarfsemi í ríkari mæli en áður á innlendum sparnaði í stað erlends lánsfjár.

Ekki liggja enn fyrir upplýsingar úr rekstrarreikningum innláns-

## Gjaldeyrisreikningar

stofnana allra, en á grundvelli fyrirbyggjandi úrtaks má ætla, að vaxtatekjur sparifjáreigenda af innstæðum sínum hafi numið milli 9 og 10 milljörðum kr. á síðasta ári. Væru sparivextir enn þeir sömu og þeir voru 1972, hefðu sömu innlán skilað eigendum sínum 4—5 milljarða kr. vaxtatekjum. Vaxtabreytingar síðustu ára hafa með öðrum orðum á árinu 1977 einu saman komið í veg fyrir 5 milljarða kr. tap sparifjáreigenda af völdum verðbólgunnar, sem þeir hafa sízt allra borið ábyrgð á.

Eins og skýrt er frá í kaflanum um greiðslujöfnuð gaf viðskiptaráðuneytið í nóvember út reglugerð (nr. 418 30. nóvember 1977), sem heimilar íslenskum aðilum að eiga innstæður í erlendum gjaldeyri við gjaldeyrisbankana. Öllum, sem ekki ber skylda lögum samkvæmt til að selja bönkunum þann gjaldeyri, sem þeim áskotnast, er heimilt að opna gjaldeyrisreikninga. Fyrstu reikningarnir af þessu tagi voru opnaðir skömmu fyrir árslok 1977, og fékkst því lítil reynsla af þeim á árinu, en þess er vænt, að þetta nýja innlánsform styrki gjaldeyrisstöðu íslensku bankanna.

## Lausafjárstaða



Lausafjárstaða innlánsstofnana batnaði á árinu 1977 um 3,2 milljarða kr. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1977 batnaði staðan um 2 milljarða kr., en eins og áður sagði fóru þá saman mikil endurkaup Seðlabankans og lánanotkun ríkisins ásamt afar hagstæðum greiðslujöfnuði við útlönd. Á næstu fjórum mánuðum versnaði lausafjárstaðan um 5 milljarða kr., en þá var greiðslujöfnuður óhagstæður og innlánsaukningin aðeins um fimmtungur þess, sem hún hafði verið á fyrsta þriðjungi ársins. Á síðustu fjórum mánuðunum batnaði staðan aftur og þá um 6,2 milljarða kr., vegna þess að sparnaður jókst eftir vaxtabreytingarnar, en einnig vegna peningaútreymis frá Seðlabankanum á síðustu vikum ársins. Peningaútreymið stafaði af greiðsluhalla ríkissjóðs og greiðslujöfnuði við útlönd og ekki sízt af því, að um þriðjungur af útlánum fjárfestingarlánasjóða er greiddur út í nóvember og desember, og ganga sjóðirnir þá mjög á innstæður sínar í Seðlabankanum. Þótt lausafjárstaðan hafi numið 5,3 milljörðum kr. í árslok og aldrei verið jafngóð við lok árs í krónum talið, er hún tæplega nógu sterk til að mæta öllum reglubundnum sveiflum innan ársins nema með breyttri útlánastefnu.

## Ríkisvixlar

Til að forðast yfirdráttarlán í Seðlabanka, sem bera 1% vexti af hæstu skuld á hverjum 10 dögum, geta bankar og sparisjóðir ávaxtað lausafé sitt með kaupum á ríkisvixlum í stað þess að festa það í almennum útlánum, þegar aðeins er um tímabundna aukningu lausafjár að ræða. Vixlarnir eru gefnir út snemma árs, þegar saman fer mikil lánsfjárbörf ríkissjóðs og lausafjármynd-


Úr reikningum bankakerfisins

Hreyfingar

	Staða			Hreyfingar		
	31/12	1976	1977	1. árs- þriðj.	2. árs- þriðj.	3. árs- þriðj.
Í milljörðum króna						
1 Gjaldeyrisstaða <sup>1)</sup>	6,2	3,4	6,0	6,1	-2,1	2,0
2 Innlendir liðir, nettó	104,9	15,7	27,5	7,4	6,0	14,1
21 Lán Seðlabanka <sup>2)</sup>	17,4	2,3	1,6	0,3	0,5	0,8
22 Lán innlánsstofnana <sup>2)</sup>	100,7	14,7	29,9	10,1	8,5	11,3
23 Sj. í opinb. vörzlu (—) <sup>3)</sup>	-7,1	-1,9	-2,6	-1,6	0,5	-1,5
24 Annað, nettó	-6,1	0,6	-1,4	-1,4	-3,5	3,5
3 Peningamagn og sparifé	111,1	19,1	33,5	13,5	3,9	16,1
31 Peningamagn	33,9	4,4	10,5	7,7	1,6	1,2
32 Sparifé	77,2	14,7	23,0	5,8	2,3	14,9

Hreyfingar í % á ári

Innlendir liðir, nettó (lína 2)	25,5	35,6	22,2	35,5	46,7
Peningamagn og sparifé (lína 3)	32,6	43,2	56,4	23,4	51,5
Peningamagn (lína 31)	23,2	45,0	80,5	22,5	38,2
Sparifé (lína 32)	37,1	42,4	47,1	19,6	63,9



1) Bókhaldsbreytingar v/gengis eru ekki taldar með. 2) Endurlánuð löng erlend lán eru ekki talin með. 3) Innstæður og aukning innstæðna eru táknaðar með mínusmerki. 4) Ársígildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi er reiknað af árstíðaleiðréttum tölum.

un innlánsstofnana. Þeir bera venjulega víxilvexti auk  $1\frac{1}{2}\%$  þóknunar og eru endurseljanlegir Seðlabankanum fyrirvaralaust. Ríkisvíxlar hafa nú verið gefnir út árlega síðan 1972, og hafa sparisjóðir notfært sér þennan möguleika til ávöxtunar í tiltölulega miklum mæli. Árið 1977 seldust víxlar fyrir um 600 m.kr. til sparisjóða, og einn banki átti um 1.700 m.kr. í ríkisvixlum í tvo mánuði.

Peningamagn og sparifé jókst um 33,5 milljarða kr. eða 43,2% yfir árið 1977. Aukning ársmeðaltalsins varð heldur lægri eða 38,6%. Aukning þjóðarframleiðslunnar í krónum nam 42%, og hefur því sparnaðarframlag einkaaðila við bankakerfið lækkað enn á árinu í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Hlutfall peningamagns og sparifjár annars vegar og þjóðarframleiðslu hins vegar hefur lækkað stöðugt frá 1967, er það var 42,3%, en á síðasta ári var lækkunin lítil eða úr 25,9 í 25,3%.

**Peningamagn og sparifé**

## FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐIR OG LÍFEYRISSJÓÐIR

Fjárfestingarlánasjóðirnir eru orðnir veigamikill áhrifavaldur á vettvangi fjárfestingar og heildareftirspurnar, svo sem fram kemur af því, að útlán þeirra nema um 20% af verðmæti fjármunamyndunar þjóðarbúsins eða um 6% af þjóðarframleiðslu. Meginstefnan í málefnum þeirra hefur verið mörkuð í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar frá og með árinu 1976. Hefur hún mið-azt við að sinna brýnum fjárfestingarþörfum, jafnframt því að veitt sé það aðhald, sem efnahagsástandið gerir nauðsynlegt. Inn- an ramma lánsfjáráætlunar er þó nokkurt svigrúm til breytinga af völdum efnahagsframvindunnar. Á árinu 1977 varð óvenju- mikil aukning ráðstöfunarfjár með þessum hætti, og nýttu sjóð- irnir það til útlána með óhjákvæmilegum þensluverkunum á fjárfestingu og peningalega eftirspurn. Annar meginþáttur stefnumótunar hefur verið að treysta fjármögnun sjóðanna og færa hana meira á innlendar hendur, svo og að efla eiginfjár- stöðu þeirra með ákvörðun raunhæfari lánskjara. Tengist þessi viðleitni m.a. því að nýta vaxandi sparnað lífeyrissjóðanna.

### Efnahagur og eiginfjárstaða

Fjárfestingarlánasjóðir, er starfa samkvæmt lögum, voru 17 tals- ins á árinu 1977 og varð engin breyting á fjölda þeirra, starfs- sviði né skipan frá árinu áður. Kemur listi yfir sjóðina fram í yfirskrift 26. töflu í viðauka. Utan þeirra marka falla sjóðir, sem miðla lánsfé svo til eingöngu innan opinbera kerfisins, svo sem Orkusjóður og Hafnabótasjóður, eða hafa veitingu ábyrgða að aðalhlutverki eins og Ríkisábyrgðasjóður. Markalínur þessar eru þó engan veginn hreinar. Heildarniðurstöður efnahagsyfirlits fjárfestingarlánasjóðanna námu 63,9 milljörðum króna í árslok 1976 og eru áætlaðar 87,0 milljarðar kr. í árslok 1977. Saman- lagður útlánastofn sjóðanna nam 57,6 milljörðum kr. í árslok 1976 og er áætlaður 78,0 milljarðar kr. í árslok 1977. Útlánastofninn hefur þannig aukizt um 35,0% yfir árið 1977, en að mestu vant- ar uppfærslu verð- og gengistryggðra lána inn í þessar stofntölur og aukningu þeirra.

Eigið fé fjárfestingarlánasjóða hefur jafnan verið verulegur hluti

## Útlán

af heildarfjármagni þeirra, einkum vegna þess að miklar fjárhæðir markaðra tekjustofna og beinna ríkisframlaga hafa runnið til þeirra. Á síðari árum hefur ör verðbólguþróun hins vegar rýrt stórlega það fjármagn, sem sjóðirnir hafa haft með höndum, og hefur það einkum komið niður á eigin fé sjóðanna. Eigið fé þeirra var komið upp í 49% heildareigna árið 1970, en féll niður í 46% 1973 og 41% 1975. Með aðlögun fjármagnskjara frá því ári hefur eiginfjárlutfallið aftur tekið að þokast upp á við og var 41,5% í árslok 1976.

Ný útlán fjárfestingarlánasjóða á árinu 1977 námu 21.024 m.kr. og urðu þannig 42% hærrí en árið 1976, en þá nam aukningin frá fyrra ári um 20%. Útlánin fóru þannig verulega fram úr því marki, sem sett var með lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir 1977, sem var 18.295 m.kr. eða 21,6% aukning frá árinu áður. Hvort sem tekið er mið af meðalhækkun byggingarkostnaðar um 30%, verðlags fjármunamyndunar um 24% eða verðmætaráðstöfunar í heild um 31%, hlýtur aukning fjárfestingarlána um 42% að teljast þenslumyndandi og eiga sinn verulega þátt í því, að fjármunamyndunin náði að aukast að magni um 7,5% í stað áætlaðs samdráttar um 5,7%, þ.e. frávik til aukningar nam 14% eða nánast sama hlutfalli og fjárfestingarlánin fóru fram úr áætlun, um 15%.

Nánari samanburð, sem þó gengur mjög í sömu átt, má fá með athugun þeirrar fjárfestingar, sem sjóðirnir hafa að hlutverki að lána til. Aukning á verðmæti fjárfestingar hlutaðeigandi atvinnuvega umfram markmið lánsfjáráætlunar nam 35%, en 14%, sé sleppt hinum sérstaklega mikla innflutningi fiskiskipa á árinu umfram útflutning þeirra. Verðmæti íbúðabygginga nam 18% umfram áætlun, og samtala framkvæmda á vegum sjóðanna fór þannig 27% fram úr áætlun, en um 16% að slepptum innfluttum fiskiskipum. Að verulegu leyti stafa frávik þessi af verðhækkun umfram forsendur lánsfjáráætlunar svo og af endurskoðun rauntalna fyrra árs, sem byggt var á, en magnaukning umfram áætlun á einkum rót sína að rekja til hins mikla skipainnflutnings. Meðfylgjandi yfirlit sýnir útlán sjóðanna og aukningu þeirra í höfuðdráttum.

Yfirlitið sýnir verulegan mun milli aðalflokka lánþega, þar sem langmest aukning varð á lánum til atvinnuveganna, um 54% og 29% aukning íbúðalána, en samdráttur lána til opinberra aðila um 4,5%. Hið síðast greinda á þó eingöngu við um lán til ríkisaðila, en lán til sveitarfélaga jukust um 14,5%, sem er lægst aukningartalna. Sé jafnframt litið til ársins 1976, kemur í ljós, að röðin var þá þveröfug, svo að metin hafa að miklu leyti jafnast við misjafna aukningu á síðasta ári.



Útlán fjárfestingarlánasjóða eftir greinum

	1976		1977	
	Hækkun		Hækkun	
	M.kr.	i %	M.kr.	i %
Opinberir aðilar .....	1.237	44,9	1.181	-4,5
(Þ.a. bæjar- og sveitarfélög) ..	(944)	93,0	(1.081)	14,5
Atvinnufyrirtæki .....	9.031	10,2	13.946	54,4
Landbúnaður .....	1.595	13,9	2.289	43,5
Sjávarútvegur .....	4.877	3,5	6.965	42,8
(auk þess lán v/skuldabreytinga) ....	(74)	—	—	—
Iðnaður .....	1.620	33,4	2.721	68,0
Verzlun .....	244	130,2	524	114,8
Aðrar greinar .....	695	-8,6	1.447	108,2
Íbúðalán .....	4.578	39,4	5.897	28,8
Alls	14.846	20,4	21.024	41,6

**Aukning  
eftir greinum**

Atvinnuvegirinnir áttu samleið um mikla aukningu fjárfestingarlána, þó þannig, að hinir hefðbundnu atvinnuvegir, sem forgang hafa haft og tekið meginhluta lánanna, fóru ekki eins geyst og yngri atvinnugreinar með miður þróaða lánastarfsemi. Sjávarútvegurinn tók til sín helming allra útlánanna á atvinnuvegasviðinu, en hlutdeild hans og landbúnaðar nam sem næst tveim þriðju. Frumframleiðslugreinar beggja eru í eðli sínu fjármagnsfrékar, og hið sama gildir um vinnslugreinar beggja að tiltölu við almennan léttaiðnað. Ásókn í lánsfé frá frumframleiðslugreinum beggja er svo mikil, að erfitt er að sinna þörfum vinnslugreinanna sem skyldi, og er þannig líkt á með þeim komið og öðrum iðnaði, sem enn á mun knappari aðgang að lánsfé en frumgreinarnar. Aukning útlána til sjávarútvegs og landbúnaðar árið 1977 varð svo til jöfn, um 43%. Hin miklu skipa-kaup ársins og raunar einnig næstu ára á undan eiga þó enn eftir að koma fram í útlánum Fiskveiðasjóðs nokkur ár fram í tímann. Að meginstofni eru lán sjávarútvegsins frá þeim sjóði, en að auki lánaði Byggðasjóður 1.305 m.kr. til sjávarútvegs, og nam það 61% af útlánum þess sjóðs á árinu.

Fjárfestingarlán til iðnaðar jukust verulega, mun meira en svarar meðaltali eða um 68%. Veldur því einkum mikil aukning á vegum Iðnlánasjóðs, sem hefur styrkt að eigin fjármögnun og tekjustofnum fremur en aukningu aðfenginna lána, auk þess sem verulega munar um lán Byggðasjóðs og bein lán Framkvæmdasjóðs til iðnaðar. Frá Iðnþróunarsjóði komu 648 m.kr., en þeim sjóði var frá upphafi ætlað að koma sem sérstök viðbót til þess að rétta hlut iðnaðarins í harðnandi samkeppni utan að. Aðrar greinar hafa einnig sótt til hlutdeilda í stofnlánum í átt til samræmis við umsvif sín. Þannig hefur verzlunin hlotið meira en

## Fjármögnun

tvöföldun nýrra stofnlána annað árið í röð, en fær þó enn aðeins hverfandi hluta í samanburði við framleiðsluatvinnuvegina. Einnig kemur fram tvöföldun lánveitinga til ýmissa annarra greina, sem eftir standa. Mest af því stafar þó af aukningu bráðabirgðalána Húsnæðismálastjórnar til byggingarverktaka íbúðarhúsa, sem að formi til hafa flokkast undir atvinnuvegi, enda þótt í reynd sé um fyrirframgreidd íbúðalán að ræða, yfirfærð á íbúðaeigendur að lokinni byggingu. Að teknu tilliti til þessa jafnast metin talsvert milli lána til atvinnuvega og íbúðabygginga.

Hér hefur einkum verið rætt um flokkun lána eftir lánþegum. Flokkun útlána eftir fjárfestingarlánasjóðum kemur hins vegar fram í 28. töflu í töfluviðauka.

Meginvandamálið í fjármögnunarhlíð fjárfestingarlánasjóðanna felst í hinna stöðugu rýrnun þess fjármagns, er þeir fá til umráða, af völdum verðbólgu og neikvæðra raunvaxtakjara á útlánunum. Svo væg kjör eru hins vegar ekki á aðfengnu lánsfé sjóðanna, sem að miklu leyti er verð- eða gengistryggt. Meginþungi verðrýrnunar útlánastofnsins kemur þannig niður á eigin fé sjóðanna. Árlega fá sjóðirnir í sinn hlut verulegar fjárhæðir í beinum framlögum hins opinbera, þ.á m. með mörkuðum tekjustofnum, sem þeim eru fengnir til ráðstöfunar. Hafa þessi framlög á síðustu árum numið 37—46% af árlegum útlánunum samkvæmt meðfylgjandi yfirliti. Árið 1977 námu bein framlög 8.590 m.kr. eða sem svarar 9% af heildartekjum ríkissjóðs. Væri fé þetta varðveitt að verðgildi, mundi á fáum árum safnast upp fjárstofn, sem sjóðirnir gætu byggt á í vaxandi mæli. Reyndin hefur þó því miður orðið á allt annan veg. Athugun á fjórum af helztu sérsjóðum atvinnuveganna sýndi, að milli ársloka 1970 og 1975 rýrnaði verðgildi

### *Fjármögnun útlána fjárfestingarlánasjóða*

(Hlutföll í %)

	1974	1975	1976	1977
Eigið framlag .....	1	4	4	8
Sjóðsbreytingar .....	—6	—3	—5	—2
Annað .....	7	7	9	10
Bein framlög án endurgjalds .....	46	37	38	41
Lántökur .....	53	59	58	51
Erlend lán .....	15	28	20	13
Innlend lán .....	38	31	38	38
Frá bankakerfinu .....	11	6	8	8
Frá lífeyrissjóðum .....	11	11	14	15
Frá Atvinnuleysisstryggingasjóði .....	4	1	5	3
Innkominn skyldusparnaður .....	12	10	11	12
Annað innlent .....	—	3	—	—
Ný árleg útlán .....	100	100	100	100

eigin fjár um 26% þrátt fyrir árleg bein framlög, en upphaflegt eigið fé að viðbættum framlögum, allt fært til sambærilegs verðlags, rýrnaði um meira en helming, þ.e. um 54%, á þessu tímabili. Reynslan af íbúðalánum er og áþekk þessu.

Þessi afdrifaríka reynsla varð tilefni lagasetningar árið 1975 þess efnis, að fjárfestingarlánasjóðirnir skuli endurlána aðfengið lánsfé með sambærilegum kjörum og þeir sæta sjálfir. Það ákvæði hefur þó komið til framkvæmda í áföngum, svo að eigið framlag úr rekstri sjóðanna hefur ekki þróast örar en fram kemur á yfirlitinu. Þá hefur vaxandi áherzla verið lögð á að draga úr erlendum lántökum sjóðanna, og hafa þær minnkað úr 28% í 13% af útlánum milli 1975 og 1977. Í framhaldi af því var ákveðið í lánsfjáráætlun fyrir 1978, að engin erlend lán skyldu tekin til fjárfestingarlánasjóða. Innlend lán voru hins vegar óbreytt að hlutfalli. Hafa lánveitingar af vaxandi ráðstöfunarfé lífeyrissjóða verið þar helzti aukningarþátturinn.

Undanfarandi yfirlit miðast við hlutfall af útlánum á árinu. Nokkru nánara yfirlit um fjárestreymi sjóðanna, þ.e. uppruna og ráðstöfun fjármagns, fer hér á eftir í millj. kr. og aukningartölum árin 1976 og 1977. Hlutfallsleg aukning varð mest á eigin framlagi úr rekstri, um 55%, en þó ekki eins mikil og árið áður. Bein framlög fylgdu fast á eftir með 50% aukningu, sem er tvöfalt á við aukningu fyrra árs. Sökum vægis þess liðar skilaði sú aukning mestri aukningu fjármagns í krónum talið. Lántökur náðu hins vegar aðeins hálfri aukningu á við framlögin. Þar af minnk- uðu lántökur erlendis lítið eitt annað árið í röð, en innlendar lán- tökur jukust um 40% eða um sama hlutfall og árið áður.

Hér að framan var þess getið, að útlán fjárfestingarlánasjóða hefðu árið 1977 farið um 15% fram úr lánsfjáráætlun ársins. Til þess liggur þó ekki sú ástæða, að gerðar hafi verið ráðstafanir til aukinnar fjáröflunar, heldur varð sjálfkrafa aukning ýmissa fjár- mögnunarliða, og fara helztu liðir þess samanburðar hér á eftir. Þannig stafaði nærfellt helmingur af útlánum umfram áætlun af meiri eigin fjármögnun en fyrir var séð, að öðru leyti var umframfjármagnið af innlendum uppruna. Mun það hafa vegið talsvert á móti þeirri þensluverkun útlánaaukningar, sem að framan er að vikið. Enda þótt eigin fjármögnun sé kærkomið merki um styrkari byggingu og stöðu sjóðanna, er hér aðeins um að ræða upphaf þeirrar þróunar, sem verða þarf.

Lántökur frá bankakerfinu fóru að venju allar til Fram- kvæmdasjóðs, og sama máli gegnir um erlent lánsfé. Lán At- vinnuleysisstryggingasjóðs fór árið 1977 allt til Byggingarsjóðs ríkisins, en hafði árið áður einnig gengið til Framkvæmdasjóðs. Skyldusparnaður ungmenna gengur allur til íbúðalána, og

*Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða*

	1976		1977	
	M.kr.	Hækkun í %	M.kr.	Hækkun í %
Uppruni fjármagns:				
Eigið framlag, nettó .....	1.511	63,4	2.348	55,4
Innkomnar afborganir og vextir .....	8.376		11.711	
—Gr. afb., vextir og kostn. ....	—6.865		—9.363	
Bein framlög án endurgjalds .....	5.733	24,7	8.590	49,8
Skatttekjur og ríkisframlög .....	5.450		8.022	
Framlög annarra .....	283		568	
Tekin löng lán <sup>1)</sup> .....	8.550	14,2	10.733	25,5
Innlend lán .....	5.616	39,9	7.839	39,6
Frá ríkinu (Verðhækk.reikn.) .....	—		90	
Frá innlánsstofnunum .....	1.207		1.638	
Frá lifeyrissjóðum .....	2.058		3.091	
Frá Atvinnuleysistr.sj. ....	697		589	
Innkominn skyldusparnaður .....	1.647		2.421	
Önnur innlend lán .....	7		10	
Erlend lán .....	2.935	—15,5	2.894	—1,4
Endurlánað frá innl. aðilum .....	854		2.894	
Erlend lán tekin beint .....	2.080		—	
Innlend bráðabirgðalán, nettó .....	—		71	
Uppruni = ráðstöfun .....	15.794	23,2	21.742	37,7
Ráðstöfun fjármagns:				
Ný útlán <sup>1)</sup> .....	14.846	20,4	21.024	41,6
Veitt löng lán .....	14.027		19.984	
Bráðabirgðalán, nettó .....	819		1.040	
Veitt framlög og styrkir .....	166		213	
Breytingar á innstæðum og sjóði .....	782		505	

1) Í nýjum útlánnum og teknum löngum lánnum eru hér undanskilin lán Fiskveiðasjóðs vegna skuldabreytinga sjávarútvegsfyrirtækja, 74 m.kr. 1976.

*Fjármögnun útlána 1977 í m.kr.*

	Lánsfjár- áætlun	Reynd	Aukning
Eigin fjármögnun, nettó .....	300	1.630	1.330
Framlög og markaðir tekjustofnar ..	8.005	8.590	585
Lántökur, brúttó .....	9.990	10.804	814
Þar af: Bankakerfið .....	1.300	1.638	338
Skyldusparnaður, brúttó .....	2.000	2.421	421
Annað .....	6.690	6.745	55
Fjármögnun alls = útlán .....	18.295	21.024	2.729

runnu árið 1977 2.252 m.kr. til Byggingarsjóðs og 169 m.kr. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem annast íbúðalán í sveitum. Lánveitingar lifeyrissjóða urðu að fjárhæð næstum jafnmiklar og ráð var fyrir gert í lánsfjáráætlun eða 3.091 m.kr. á móti áætlunum 3.150 m.kr. Hlutfall þeirra af ráðstöfunarfé líf-

## Framkvæmdasjóður

eyrissjóða reyndist hins vegar aðeins 25% samanborið við 30% skv. áætlun. Skiptingin milli lánasjóða varð einnig nokkuð önnur en ráð var fyrir gert, þar sem Framkvæmdasjóður fékk 1.294 m.kr. af 1.538 m.kr. og Byggingarsjóður ríkisins 983 m.kr. af 1.127 m.kr. skv. áætlun, en einstakir atvinnuvegasjóðir aftur á móti 814 m.kr. samanborið við 485 m.kr. skv. áætlun.

Framkvæmdasjóður Íslands hefur nú starfað um aldarfjórðungs-skeið, fyrst sem fjárfestingarbanki, en síðan sem miðlunarsjóður lánsfjármagns fyrir fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna. Árin 1953 til 1966 var hann starfræktur undir nafninu Framkvæmda-banki Íslands, en síðan var Framkvæmdasjóður í umsýslu Seðla-bankans um fimm ára skeið og loks fjárhagsleg eining innan Framkvæmdastofnunar ríkisins frá ársbyrjun 1972. Í lok ársins 1977 var útlánastofn Framkvæmdasjóðs kominn upp í 31.276 m. kr., þar af 27.591 m.kr. lán til fjárfestingarlánasjóða, svo sem þeir eru hér skilgreindir, og 3.685 m.kr. bein útlán.

Á árinu 1977 fékk Framkvæmdasjóður sem endranær mest af starfsfé sínu að láni eða 5.836 m.kr., og eigið fjármagn úr rekstri nam 755 m.kr., en bein framlög eru engin. Af lántökunum voru 1.638 m.kr. frá bönkunum skv. samkomulagi um að lána þannig 10% af innlánsaukningu og 1.294 m.kr. verðtryggð lán frá lífeyrissjóðum, en erlendis var tekið lán að fjárhæð 37 millj. þýzkra marka, sem hér er uppfært sem 2.894 m.kr. Var lánið hluti skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs á erlendum fjármagnsmarkaði, sem nam 50 millj. þýzkra marka. Meðfylgjandi yfirlit sýnir sundurliðun lánveitinga Framkvæmdasjóðs. Enda þótt meginhluti lánanna renni í sömu farvegi og áður, hefur verið reynt að sinna þörfum smærri sjóðanna í hlutfallslega meiri mæli en áður. Nánari tölulegar upplýsingar um fjárfestingarlánasjóðina eru birtar í 25.—28. töflu í töfluviðauka.

### Lánveitingar Framkvæmdasjóðs í m.kr.

	1975	1976	1977
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....	1.387	1.100	1.450
Veðdeild Búnaðarbankans .....	15	20	100
Fiskveiðasjóður .....	2.098	2.609	3.250
Iðnlánasjóður .....	117	250	450
Verzlunarlánasjóður .....	25	40	50
Stofnlánadeild samvinnufélaga .....	25	40	50
Ferðamálasjóður .....	—	—	53
Lánasjóður sveitarfélaga .....	124	250	300
Bygðasjóður .....	244	250	12
Samtals til fjárfestingarlánasjóða .....	4.035	4.559	5.715
Lán til annarra aðila .....	—371	525	642
Alls	4.406	5.084	6.357

## Lífeyrissjóðir

Upplýsingar um starfsemi lífeyrissjóða, sem Seðlabankinn safnar árlega, liggja nokkru seinna fyrir en upplýsingar frá öðrum fjármagnsstofnunum. Hefur þó að undanfögnu í ársskýrslum bankans verið getið um líklegar niðurstöður helztu þátta í fjárstreymi þeirra.


### Fjárstreymi lífeyrissjóða

	1975		Bráðab.t. 1976		Áætlun 1977	
	Hækkun		Hækkun		Hækkun	
Hreyfingar	M.kr.	i %	M.kr.	i %	M.kr.	i %
Uppruni:						
Eigið framlag, nettó . . .	2.205	64	3.210	46	5.000	56
Iðgjaldtekjur . . . . .	5.445	36	7.565	39	11.000	45
—Gr. lífeyrir o.fl. . . . .	—1.430	33	—2.225	56	—3.550	60
Uppruni = Ráðstöfun . . . . .	6.220	46	8.550	37	12.450	46
Ráðstöfun:						
Útlán . . . . .	5.565	57	8.150	46	11.950	47
Innst.- og sjóðsbreyt. . . . .	655	—	400	—	500	25

Af meðfylgjandi yfirliti má sjá, að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða er áætlað um 12.450 m.kr. árið 1977 á móti 8.550 m.kr. 1976. Er þarna um 46% hækkun að ræða eða rúmlega þá hækkun, er áætluð er á iðgjaldtekjum, 45%, en milli ára er talin hafa orðið um 44% hækkun kauptaxta. Sama hlutfallshækkun varð 1975, en nokkru minni eða 37% árið 1976. Undir eigið framlag nettó eru færðar endurgreiðslur og vaxtatekjur fyrri lána frá lífeyrissjóðunum, og er sá þáttur að sjálfsögðu þeim mun drýgri sem meira af lánum er verðtryggt.

Meginhluti ráðstöfunarfjárins fer til útlána í einhverju formi, en innistæðu- og sjóðsbreytingar eru lítilvægur hluti. Af lánveitingum hefur langstærstur hluti gengið til íbúðalána o.þ.h. til sjóðfélaga eða tæp 74% samanborið við 71% næstu tvö ár á undan. Hefur sá hluti þannig ekki minnkað að hlutfalli síðustu árin þrátt fyrir vöxt sjóðanna og sterka áherzlu, sem lögð hefur verið á aukin framlög þeirra til fjármögnunar fjárfestingarlána á opinberum vettvangi. Má í því sambandi minna á, að víðast, þar sem lífeyrissjóðir hafa komið til þroska, eiga þeir veigamiklu hlutverki að gegna á opinberum fjármagnsmarkaði, enda þá unnt að leita beztu kjara fyrir sjóðina, er tryggi sem bezt getu þeirra til að gegna meginhlutverki sínu. Um skiptingu útlána lífeyrissjóða vísast að öðru leyti til þess, sem segir hér að framan um fjármögnun fjárfestingarlána, svo og til 29. töflu í viðauka.

Sparnaður í lífeyrissjóðum, skilgreindur sem nettóiðgjöld og innkomnir vextir að fráregnum kostnaði við starfsemi sjóðanna, u.þ.b. tvöfaldaðist að hlutfalli við brúttósparnað þjóðarbúsins (þ.



e. án tillits til afskrifta) á umliðnum áratug. Síðustu árin hefur þetta hlutfall hins vegar sveiflazt í svipaðri hæð, þ.e. var 11,8%, 10,3% og 10,7% árin 1975—1977. Sparnaður lífeyrissjóða er í eðli sínu mjög stöðugt hlutfall af tekjum, svo að hlutfall hans af þjóðarsparnaði sveiflast mótvarandi við hlutfall hins síðar greinda af þjóðartekjum.

## YFIRLIT YFIR LÁNAMARKAÐINN

Niðurstöðutölur lánamarkaðarins sýna, að ný lán að frádregnum afborgunum árið 1977 voru um 70 milljarðar kr., sem er 72% hækkun frá fyrra ári. Lán til opinberra aðila, þar með talin fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga, voru 25% hærri en 1976 og lán til einkaaðila 100% hærri. Þessa gífurlegu aukningu má rekja til birgðaaukningar í landinu og fjármunamyndunar og einnig til rekstrarerfiðleika fyrirtækja í sjávarútvegi og rekstrarhalla ríkissjóðs. Þjóðhagsreikningar sýna, að birgðir útflutningsvöru og bústofn jukust um 7 milljarða kr. eða 1,9% af þjóðarframleiðslu árið 1977, en minnkuðu um 1,7 milljarða kr. árið áður, þegar mælt er á verðlagi hvors árs. Fjármunamyndun jókst um 7,5%, þegar miðað er við fast verðlag (ársins 1969), og 33% að verðlagsbreytingum meðtöldum. Á ýmsan hátt svipar árinu 1977 til ársins 1974, er fjármunamyndun jókst um 10,8%, birgðaaukning varð 2,6 milljarðar kr. eða 1,9% af þjóðarframleiðslu, vandamál sjávarútvegs voru leyst til bráðabirgða með bankalánnum og rekstrarreikningur ríkissjóðs sýndi verulegan halla. Það ár var nettóaukning lána um 100% meiri en árið á undan, og byggðist aukningin að verulegu leyti á notkun erlends fjármagns. Þegar grannt er skoðað, kemur hins vegar í ljós, að árið 1977 er frábrugðið árinu 1974 að því leyti, að lánastarfsemi byggðist nú í mun minni mæli á erlendu fjármagni.

### Lánsfjáráætlun

Til að forðast stökkbreytingar á lánamarkaði og meðfylgjandi eftirspurnaráhrif, eins og fram komu árið 1974, var á árinu 1975 samin heildaráætlun fyrir lánamarkaðinn, sem lögð var fram sem skýrsla ríkisstjórnarinnar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1976. Sams konar lánsfjáráætlanir voru síðan gerðar fyrir árin 1977 og 1978. Meginmarkmið lánsfjáráætlana hefur verið að bæta viðskiptajöfnuð við útlönd, draga úr verðbólgu og tryggja fulla atvinnu. Áherzla hefur verið lögð á að draga úr heildar-notkun lánsfjár, og hefur opinbera geiranum verið ætlaður verulegur hlutur í því aðhaldi. Skyldi dregið úr erlendum lántökum, eftir því sem við yrði komið, en lánsfjárframboð byggt á innlend-



## Fjárfesting og fjármögnun

<i>Hreyfingar í m.kr.</i>	<i>1974</i>	<i>1975</i>	<i>1976</i>	<i>1977</i>	<i>Upphafleg lánsfjáráætlun áætlun 1977</i>
1. Fjármunamyndun	45.150	63.560	78.010	103.750	85.600
2. Birgðabreytingar	2.578	3.680	-1.710	7.030	—
3. 1+2=4+5 Fjáf. alls	47.728	67.240	76.300	110.780	85.600
4. Innl. sparn., brúttó <sup>1)</sup>	32.198	45.860	71.910	101.125	79.600
5. Viðskiptah. við útlönd <sup>2)</sup>	15.530	21.380	4.390	9.655	6.000
51. Framlög frá útlöndum	1.375	6.365	855	1.500	2.650
52. Erl. lántökur, nettó	14.155	15.015	3.535	8.155	3.350
1) Innl. sparn., % af VÞF	23,5	24,6	27,9	27,6	31,9
2) Viðskiptah., % af VÞF	11,3	11,5	1,7	2,6	2,4

um sparnaði í ríkari mæli en á undanförunum árum. Í köflunum hér að framan er gerð grein fyrir framvindu einstakra þátta lánamála í samanburði við lánsfjáráætlun, og verður hér aðeins stiklað á stóru.

### Framvindan 1976

Á árinu 1976 náðist verulegur árangur í baráttunni við verðbólgu, og viðskiptahallinn við útlönd dróst saman úr 11,5% af þjóðarframleiðslu í 1,7%. Áttu bætt viðskiptakjör hér stærstan hlut að máli. Verðbólga og kostnaðarhækkningar voru engu að síður meiri en forsendur lánsfjáráætlunar sögðu til um, og lánanotkun opinberra aðila fór verulega fram úr settu marki þrátt fyrir mikil umskipti til hins betra í ríkisfjármálum það ár. Í samanburði við upphaflega lánsfjáráætlun varð þróun lánamála því óhagstæð, einkum að því er sneri að opinberum aðilum, en í samanburði við fyrri ár kom þó fram allt önnur og betri mynd. Lántökur ríkisins nettó voru árið 1976 um 5 milljörðum kr. lægri en árið áður og lántökur opinberra aðila í heild um 2,2 milljörðum kr. lægri. Lán einkaaðila voru hins vegar 2,6 milljörðum kr. hærra en verið höfðu 1975. Erlendar lántökur að frádregnum bata gjaldeyrisstöðunnar lækkuðu úr 15 í 3,5 milljarða kr. og er það e.t.v. skýrasti mælikvarðinn á, hve hagstæð þróunin var það ár.

### Framvindan 1977

Framan af árinu 1977 virtist svo sem stöðugt framhald yrði á þeirri þróun, sem hafin var, en það fór á annan veg. Verðbólga tók að vaxa á ný á miðju ári, og eftirspurn jókst verulega bæði vegna kaupmáttaraukningar launa og stórfelldrar aukningar á lánnum. Leiddi þetta til heldur meiri viðskiptahalla en verið hafði árið áður. Vegna aukins rekstrarhalla ríkissjóðs varð lánanotkun ríkissjóðs og ríkisstofnana 1,4 milljörðum kr. meiri en verið hafði 1976, en stefnt var að 1,3 milljarða kr. lækkun á skuldum ríkisins. Lán til ríkisfyrirtækja voru hins vegar 2,3 milljörð-

*Fjárfesting, fjármögnun og lánanotkun einstakra geira*

<i>Hreyfingar í m.kr.</i>	<i>Upphafleg lánsfjáráætlun</i>				
	<i>1974</i>	<i>1975</i>	<i>1976</i>	<i>1977</i>	<i>1977</i>
1. =2+3 Fjárf., alls <sup>1)</sup> . . . . .	47.728	67.240	76.300	110.780	85.600
2. Eigin fjármögnun <sup>2)</sup> . . . . .	16.135	30.406	38.994	46.170	49.887
3. Lántökur, nettó <sup>3)</sup> . . . . .	31.593	36.834	37.306	64.610	35.713
31. Ríkissj. og ríkisst. <sup>4)</sup> . . . . .	5.566	7.626	2.743	4.176	—1.292
32. Ríkisfyrirtæki . . . . .	1.355	6.245	9.867	7.549	5.230
33. Sveitarfélög . . . . .	1.193	411	711	1.471	785
34. Fyrirtæki sveitarfélaga . . . . .	1.242	2.220	1.007	4.188	1.655
35. Einkaaðilar <sup>5)</sup> . . . . .	22.237	20.332	22.978	47.226	29.335
1) Fjárf., % af VÞF . . . . .	34,8	36,0	29,6	30,3	34,3
2) Eigin fjárm., % af VÞF . . . . .	11,8	16,3	15,1	12,6	20,0
3) Lántökur, % af VÞF . . . . .	23,0	19,7	14,5	17,7	14,3
4) Tölurnar í þessari línu sýna lán til ríkissjóðs og ríkisstofnana að frádregnum lánunum, sem ýmsir sjóðir ríkisins veittu sveitarfélögum, lánastofnunum og atvinnufyrirtækjum.					
5) Tölurnar í þessari línu sýna lán til atvinnufyrirtækja í einkaeign, íbúðaeigenda og annarra einkaaðila að frádregnum lánunum einkaaðila til ríkis og lánastofnana í formi skuldabréfakaupa og skyldusparnaðar.					

um kr. lægri en verið höfðu 1976 og lán opinberra aðila í heild 3 milljörðum kr. hærri en verið hafði 1976. Í lánsfjáráætlun 1977 var gert ráð fyrir, að opinberir aðilar þyrftu 6,5 milljarða kr. nettóaukningu lána, en útkoman varð sú, að lán til þeirra jukust um 17,4 milljarða kr. Munar hér mestu um virkjunarframkvæmdir, sem reyndust mun fjárfrekari en búizt hafði verið við í lánsfjáráætlun. Lán til einkaaðila námu 23 milljörðum kr. á árinu 1976, en 47,2 milljörðum kr. 1977. Í lánsfjáráætlun hafði verið reiknað með 29,3 milljörðum kr. til einkaaðila, og skýrist munurinn að verulegu leyti af skipaunflutningi, sem varð mun meiri en ætlað hafði verið, auk áðurnefndrar birgðaaukningar og hallarekstrar. Vegna birgðanna varð aukning endurkaupa Seðla-bankans þreföld á við árið á undan.

Svo sem ofangreindar tölur sýna, vantar mikið á, að tekizt hafi að fara eftir lánsfjáráætlunum þeim, sem gerðar hafa verið. Engu að síður gáfu áætlanirnar gagnlegt yfirlit yfir starfsemi lánastofnana og auðvelduðu stjórn lána- og peningamála. Áberandi er sá ávinningur, að fjárfestingarlánasjóðir hafa í vaxandi mæli byggt starfsemi sína á eigin fjármögnun og innlendu lánsfé, en dregið úr notkun erlends lánsfjár að sama skapi. Sömuleiðis hefur þróun spariinnlána í innlánsstofnunum snúizt til betri vegar, og hefur lausafjárstaða innlánsstofnana batnað nokkuð á síðustu tveim árum eftir samfellda rýrnun í fimm ár. Lánsfjáráætlunin hefur ennfremur gert kleift að varpa skýrara ljósi á þau vanda-

**Árangur af lánsfjáráætlunum**

*Innlend og erlend lán 1976 og 1977,  
flokkuð eftir endanlegum notendum<sup>1)</sup>*  
(Nettóhreyfingar í m.kr.)

Lánveitendur	Lánþegar					Samt.	Lána- stofn
	Ríkissj. og ríkisst.	Sveitar- félög	Atvinnu- fyrir- tæki	Íbúða- eig- endur	Aðrir einka- aðilar		
1976	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)
<b>1 Innl. lán, alls . . . .</b>	<b>3.827</b>	<b>896</b>	<b>17.369</b>	<b>11.242</b>	<b>1.436</b>	<b>34.770</b>	<b>3.648</b>
11 Lánast. alls . . . .	1.904	870	17.023	11.242	1.424	32.463	2.742
111 Bankakerfi . . . .	2.070	148	10.752	1.987	1.424	16.381	595
1111 Seðlabanki . . . .	1.589	—19	952	—	—	2.522	—259
1112 Innlánsstofnanir	481	167	9.800	1.987	1.424	13.859	854
112 Fjárf.lánasjóðir .	—246	722	6.241	4.235	—	10.952	277
113 Lífeyrissjóðir . . .	80	—	30	5.020	—	5.130	1.870
12 Ríki . . . . .	.	26	346	—	12	384	375
13 Einkaáðilar . . . .	1.923	—	.	.	.	1.923	531
<b>2 Erelend lán, alls . .</b>	<b>—325</b>	<b>—185</b>	<b>6.259</b>	<b>—</b>	<b>—</b>	<b>5.749</b>	<b>—2.214</b>
21 Löng erl. lán . . .	—325	—185	10.124	—	—	9.614	1.136
22 Stutt erl. lán . . .	—	—	—3.865	—	—	—3.865	—3.350
<b>3 Samtals (1+2) . .</b>	<b>3.502</b>	<b>711</b>	<b>23.628</b>	<b>11.242</b>	<b>1.436</b>	<b>40.519</b>	<b>1.434</b>
1977							
<b>1 Innl. lán, alls . .</b>	<b>4.390</b>	<b>1.973</b>	<b>33.498</b>	<b>15.867</b>	<b>1.957</b>	<b>57.685</b>	<b>5.174</b>
11 Lánast., alls . . . .	1.886	1.572	32.877	15.867	1.957	54.159	3.666
111 Bankakerfi . . . .	1.981	834	23.019	2.832	1.957	30.623	896
1111 Seðlabanki . . . .	2.119	—2	—125	—	—	1.992	—353
1112 Innlánsstofnanir	—138	836	23.144	2.832	1.957	28.631	1.249
112 Fjárf.lánasjóðir .	—95	738	9.838	5.537	—	16.018	—12
113 Lífeyrissjóðir . . .	—	—	20	7.498	—	7.518	2.782
12 Ríki . . . . .	.	401	621	—	—	1.022	500
13 Einkaáðilar . . . .	2.504	—	.	.	.	2.504	1.008
<b>2 Erl. lán, alls . . . .</b>	<b>1.308</b>	<b>—502</b>	<b>11.153</b>	<b>—</b>	<b>—</b>	<b>11.959</b>	<b>—3.804</b>
21 Löng erl. lán . . .	1.308	—502	16.318	—	—	17.124	2.146
22 Stutt erl. lán . . .	—	—	—5.165	—	—	—5.165	—5.950
<b>3 Samtals (1+2) . .</b>	<b>5.698</b>	<b>1.471</b>	<b>44.651</b>	<b>15.867</b>	<b>1.957</b>	<b>69.644</b>	<b>1.370</b>

1) Vegna rúmleysis eru lán til fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga ekki sýnd sérstaklega í töflunni, heldur talin með lánunum atvinnufyrirtækja. Að öðru leyti er taflan sambærileg þeim, sem birzt hafa í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

mál, sem við er að etja í sambandi við ríkisfjármál og notkun einkageirans á löngum erlendum lánunum. Ríkisbúskapurinn, sem veita átti viðnámi gegn lánaþenslu, hefur þvert á móti stuðlað að þenslu bæði með stöðugri skuldaaukningu ár frá ári og ekki síður með mjög mikilli lánanotkun á fyrri hluta árs, sem endurgreiðist að verulegu leyti á seinni hlutanum. Sú peningamyndun, sem af þessum sveiflum leiðir, getur verið mjög skaðleg, ef

hún gerist samtímis vaxandi verðbólguötta og eftirspurn. Það er því eitt veigamesta úrlausnarefnið á sviði lánamála að fyrirbyggja hallarekstur ríkissjóðs á þenslutímum og jafna út sveiflur á viðskiptareikningi ríkissjóðs við Seðlabankann innan ársins.

### Löng erlend lán

Eftirfarandi tafla sýnir, að löng erlend lán að frádregnum afborgunum námu 19,3 milljörðum kr. á árinu 1977, reiknað á meðalgengi ársins. Hér er um verulega aukningu að ræða, hvort sem miðað er við lánsfjáráætlun ársins, sem sýndi 8,3 milljarða kr., eða fyrra ár, þegar lánin námu 10,8 milljörðum kr. Löng erlend lán til opinberra aðila að meðtöldum fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga námu 12,6 milljörðum kr., en lánsfjáráætlun sýndi 7,6 milljarða kr. og fyrra ár 9,4 milljarða kr. Fjármunamyndun í opinbera geiranum hækkaði árið 1977 um 6 milljarða kr. frá lánsfjáráætlun, aðallega vegna meiri virkjunarframkvæmda en gert hafði verið ráð fyrir, og virðist því sem viðbótin hafi að mestu verið fjármögnuð með erlendum lánnum. Löng erlend lán til einkageirans námu 4,5 milljörðum kr. árið 1977, en 0,2 milljörðum kr. árið áður. Í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir 0,7 milljörðum kr. til einkaaðila, svo að sjá má, að hér er um

#### Löng erlend lán 1976 og 1977

Lántakendur	1976			Bráðabirgðatölur 1977		
	Innk. lán	Afb.	Nettó	Innk. lán	Afb.	Nettó
Opinberir aðilar	10.240	2.805	7.435	19.390	4.000	15.390
Ríkissj., alls	6.280	1.210	5.070	12.145	1.640	10.505
þ.a. ríkissj. sjálfur	0	585	-585	1.920	675	1.245
þ.a. til ríkisf.	6.150	260	5.890	5.405	555	4.850
þ.a. til bæjar- og sveitarfélaga	80	165	-85	1.800	180	1.620
þ.a. til fjárf.lánasj.	--	110	-110	3.020	130	2.890
þ.a. til atvinnuv.	50	90	-40	--	100	-100
Ríkisfyrirtæki	3.600	1.095	2.505	5.040	1.800	3.240
Bæjar- og sveitarf.	360	500	-140	2.205	560	1.645
Lánastofnanir	5.415	2.485	2.930	4.530	3.460	1.070
Seðlabanki	1.670	25	1.645	--	500	-500
Viðskiptabankar	1.590	1.790	-200	4.530	2.200	2.330
Fjárf.lánasj.	2.155	670	1.485	--	760	-760
þ.a. Fiskv.sj.	--	65	-65	--	75	-75
Einkaaðilar	3.330	2.945	385	6.450	3.640	2.810
Fiskiskip	45	795	-750	1.440	890	550
Fiskiðnaður	85	65	20	180	50	130
Skip, önnur en fiskisk.	1.130	900	230	2.880	1.160	1.720
Flugvélar	2.000	675	1.325	50	845	-795
Annað	70	510	-440	1.900	695	1.205
Erl. lán, alls	18.985	8.235	10.750	30.370	11.100	19.270

Umreikningsgengi 1 US\$ 1976 = 181,91 kr., 1977 = 198,78 kr.

mjög verulega og óvænta aukningu að ræða. Mestu munar um innflutning skipa. Gert hafði verið ráð fyrir, að innflutningur skipa og flugvéla yrði 3 milljarðar kr., en reyndin varð 12,3 milljarðar kr. Flutt voru inn fiskiskip fyrir 7,4 milljarða kr. og flutningaskip fyrir 3,9 milljarða kr.


Þegar teknar eru saman allar lánaþreifyngar við útlönd, þar með taldar stuttar hreyfingar eins og t.d. gjaldeyrisstaða bankanna, kemur í ljós, að hrein notkun Íslendinga á erlendu fjármagni nam 8,2 milljörðum kr. árið 1977, en eins og áður sagði nam hún 3,5 milljörðum kr. árið 1976. Þessar tölur eru til muna lægri en sambærilegar tölur næstu tveggja ára á undan, sem voru 14 og 15 milljarðar kr. Aukningin á árinu 1977 lýsir þó að vissu leyti óhagstæðari þróun, en endurspeglar einnig að nokkru leyti fjárfestingu, sem skapar eða sparar gjaldeyri á næstu árum.

## GENGISMÁL


### Alþjóðleg þróun

Árið 1977 einkenndist af miklum innbyrðis breytingum á gengi helztu viðskiptagjaldmiðla erlendis. Mest áberandi var þar lækkun á gengi dollarans, sem varð meiri en þróun verðlags og framleiðni í Bandaríkjunum og helztu viðskiptalöndum þeirra gaf tilefni til. Kom þar við sögu auk annarra atriða, sem að jafnaði hafa áhrif á þróun gengis í kerfi fljótandi gengis, þ.e.a.s. vaxtamunar og skammtímbreytinga í efnahagsstjórn í einstökum ríkjum, mikill viðskiptahalli Bandaríkjanna, óvissa um framtíðarstefnu þeirra í orkumálum og spákaupmennska á alþjóðagjald-eyrismörkuðum. Í upphafi árs 1978 ríkti mikil óvissa um, hvert yrði framhald þessarar þróunar.

Eins og sjá má af meðfylgjandi línuriti hélzt gengi dollarans allstöðugt framan af ári 1977 og fór jafnvel heldur hækkandi, en síðari hluta ársins, einkum síðustu fjóra mánuði þess, lækk-



Hlutfallslegar breytingar á vagnu meðalgengi nokkurra helztu viðskiptagjaldmiðla heims frá því í árslok 1972.



aði dollarinn verulega í verði gagnvart flestum helztu gjaldmiðlum heims. Mest lækkaði dollarinn gagnvart svissneskum franka, japönsku yeni, þýzku marki og sterlingspundi. Þessi þróun hafði áhrif á efnahagssviðinu víða um lönd og var mönnum nokkurt áhyggjuefni.

Í Evrópu, þar sem nokkur ríki hafa formlegt samstarf um gengismál, gerðist það m.a. á árinu, að Svíar sáu sig tilneydda til að hætta aðild að þessu samstarfi í ágúst og felldu þá formlega gengi sænsku krónunnar. Aðrar Norðurlandahjóðir, þar á meðal Íslendingar, fylgdu í kjölfarið og lækkuðu gengi sinna mynta lítils háttar til samræmis. Innan „slöngunnar“, eins og gengissamstarf Evrópuþjóðanna er nefnt, eru nú aðeins myntir V-Þýzka-lands, Hollands, Belgíu, Danmerkur og Noregs.

#### Gengi krónunnar

Á árinu 1977 var gengi íslensku krónunnar áfram sveigjanlegt miðað við helztu gjaldmiðla heims. Í raun þýddi þetta, að meðalgengi krónunnar seig á árinu, en þó mjög hægt framan af. Eftir mitt ár jókst gengisigið nokkuð, svo að vegið meðalgengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskri krónu hækkaði á árinu 1977 um 10,5%, reiknað á grundvelli ársmeðaltala 1976 og 1977. Sakir lækkandi gengis dollara miðað við aðrar myntir hækkaði hann minna miðað við krónuna en þessu nemur eða um 9,3%, sé miðað við meðaltöl áranna 1976 og 1977. Frá upphafi árs til ársloka 1977 varð gengisbreyting nokkru meiri, en á því tímabili varð samvegin hækkun erlendra gjaldmiðla um 14,7%, en Bandaríkjadollara um 12,3%. Mesta gengisbreytingin á árinu varð í kjölfar fellingar gengis sænsku krónunnar, og við hana hækkaði gengi dollara um 2,5%, en vegið meðalgengi um 1,7%. Frá upphafi árs til ársloka hækkaði miðgengi dollara úr 189,70 krónum í 213,10 krónur.

## ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

### Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn á samskipti við ýmsar alþjóðastofnanir á sviði efnahags- og peningamála svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðabankann og systurstofnanir hans, Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), Fjárhagsnefnd Norðurlanda auk fjölda erlendra seðla- og viðskiptabanka. Seðlabankinn á ennfremur samstarf við ýmsa erlenda fjárfestingarbanka, einkum í sambandi við erlendar lántökur, en þær annast hann fyrir ríkissjóð.

Árið 1977 var aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, en varafulltrúi Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans og systurstofnana hans var Ólafur Jóhannesson, viðskiptaráðherra, en varafulltrúi var Matthías Á. Mathiesen, fjármálaráðherra. Sameiginlegur fulltrúi Norðurlanda í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árinu var Frede Hollensen frá Danmörku. Varafulltrúar voru Jörn H. Kjær frá Danmörku til 28. febrúar og Matti Vanhala frá Finnlandi eftir það. Aðalfulltrúi í bankastjórn Alþjóðabankans var Einar Magnussen frá Noregi, en varafulltrúi Jon Aase frá Noregi til 28. febrúar, en Valgeir Ársælsson, deildarstjóri í Viðskiptaráðuneytinu, eftir það. Ársfundur þessara tveggja stofnana var haldinn í Washington í lok september og sóttu hann allir íslenzku fulltrúarnir, sem getið er að ofan, að undanskildum Ólafi Jóhannessyni, en í hans stað sótti Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri, fundinn. Einnig sótti fundinn Sigurgeir Jónsson, aðstoðarseðlabankastjóri.

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var annars vegar unnið áfram að því að gera hinum ýmsu aðildarríkjum kleift að vinna bug á misvægi í greiðsluöfnum, sem enn er talsvert eftir umrót-ið, sem varð í kjölfar olíuverðhækkanna 1973—74 og efnahagserfiðleikanna, sem á eftir fylgdu. Hins vegar var unnið að því að formfesta endurskipulagningu á starfsemi sjóðsins í einstökum aðildarríkjum hans með því að fá samþykki hinna ýmsu þjóðþinga fyrir stofnskrárbreytingu þeirri, sem samþykkt var



á Jamaica á árinu 1976, en þar er hinu sveigjanlega gengis-kerfi fundinn lögformlegur staður. Hinn 31. desember 1977 höfðu 64 hinna 132 aðildarríkja sjóðsins samþykkt stofnskrár-breytinguna og þar á meðal Ísland samkvæmt heimild í lögum nr. 15/1977. Þessi 64 ríki ráða samtals yfir 64,76% atkvæðamagns í sjóðnum. Á sama tíma höfðu 59 aðildarríki, sem ráða yfir 62,49% atkvæðamagns, fallizt á aukningu kvóta hvers lands hjá sjóðnum í samræmi við nýjustu endurskoðun reglna hans um þau efni, og var Ísland einnig í þeim hópi, samkvæmt heimild í lögum nr. 7/1977. Í samræmi við þessa breytingu eykst kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 23 í 29 milljónir SDR — sérstakra dráttarréttinda.

Ný útlán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjárhagsárinu, sem lauk 30. apríl 1977, voru samtals 4,9 milljarðar SDR og höfðu minnk-að um nær fjórðung frá fyrra ári. Stafar það m.a. af því, að hætt var að veita svonefnd oliulán, og sömuleiðis af minna misvægi í alþjóðaviðskiptum en undanfarin ár. Notkun aðildarríkja á sérstökum dráttarréttindum dróst einnig lítils háttar saman, varð á síðasta fjárhagsári 1,2 milljarðar SDR í stað 1,3 milljarðar á fyrra ári.

Ísland tók engin ný lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á árinu 1977, en heildarskuld landsins við sjóðinn er nú rúmlega 62 milljónir SDR, sem jafngilti um 15.900 m.kr. á gengi í árslok. Skuld þessi er í formi almennra yfirdráttarlána, oliulána og sérstakra jöfnunarlána, en gert er ráð fyrir, að greiðsla þessarar skuldar hefjist 1978 og verði að fullu lokið á árinu 1983.

Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans, Alþjóðaþróunarstofnunin (IDA) og Alþjóðafjármálastofnunin (IFC) lánuðu samtals á því fjárhagsári, sem lauk 30. apríl 1977, tæplega 7,3 milljarða dollara, en 6,1 milljarð árið á undan.

Stofnfé bankans var aukið nokkuð á árinu, og samkvæmt heimild í lögum nr. 7/1977 hækkar hluti Íslands í stofnfé bankans úr 18,4 í 22,2 milljónir dollara miðað við gullgengi hans 1. maí 1944.

Ísland fékk engin lán frá Alþjóðabankanum á árinu og fær væntanlega ekki framar, þar eð talið er, að landið geti aflað sér nauðsynlegs fjármagns á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum af eigin rammleik. Framkvæmdum fyrir síðasta lánið, sem tekið var hjá Alþjóðabankanum, lauk á árinu, en það var veitt til Sigölduvirkjunar.

Framlag Íslands til Alþjóðaþróunarstofnunarinnar á því þriggja ára fjárhagstímabili, sem lauk 30. júní 1977, var samtals 113 m.kr. Á árinu 1977 var samið um framlög fyrir næstu þrjú ár, og nema þau 421 m.kr.

## Alþjóðabankinn

<b>Gjaldeyrislán</b>	<p>Síðari hluta árs 1975 gerði Seðlabankinn samkomulag við nokkra banka í Bandaríkjunum og Evrópu um 45 milljóna dollara lántökuheimild til að styrkja stöðu þjóðarbúsins út á við og til að tryggja, að nægilegt fjármagn væri til taks til öryggis, ef gjaldeyrisforði landsmanna rýrnaði verulega. Ekki hefur þurft að grípa til þessa láns, og í ágúst 1977 var endursamið um lánið með hagstæðari kjörum en áður og þar með tryggt, að fjármagn sé fyrir hendi til að taka á móti fyrstu áföllum, ef á móti skyldi blása á ný í efnahagsmálum.</p>
<b>Önnur erlend lán</b>	<p>Seðlabankinn aflaði lána erlendis á árinu til ýmissa framkvæmda ríkisins og átti aðild að öflun fjár m.a. fyrir Landsvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja. Helztu lánin, sem Seðlabankinn átti aðild að, voru 20 milljóna dollara og 50 milljóna marka skuldabréfaútgáfur ríkissjóðs í Evrópu, 22,5 milljóna dollara lán fyrir Landsvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja, sem fengið var með beinni skuldabréfasölu ríkissjóðs í Bandaríkjunum, og lán að upphæð 20 milljónir svissneskra franka, sem Landsvirkjun fékk með skuldabréfaútgáfu í Sviss.</p>
<b>Norrænt samstarf</b>	<p>Hinn árlegi seðlabankafundur Norðurlanda var haldinn í Finnlandi sumarið 1977, og voru þar að vanda rædd ýmis sameiginleg vandamál í starfsemi bankanna og samvinna þeirra innbyrðis.</p> <p>Bankinn tók á árinu einnig þátt í starfi Fjárhagsnefndar Norðurlanda, sem hélt þrjá fundi á árinu, þar af einn í Reykjavík. Nefndin fjallar einkum um samstarf landanna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum og þau verkefni á sviði gjaldeyris- og fjármála, sem að þeim lúta, en einnig um önnur fjárhagssvið, sem snerta Norðurlöndin öll sérstaklega og sameiginlega.</p>

## UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

### Ríkisábyrgðasjóður

Starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs var með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár. Nýjum ábyrgðum fækkaði nokkuð miðað við fyrra ár, og fjárhæð þeirra lækkaði einnig. Yfirlit yfir nýjar ríkisábyrgðir, sem veittar voru 1977, fer hér á eftir, og til samanburðar eru tölur fyrir árið 1976.

	1976		1977	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir .....	23	122	50	165
Vatnsveitur .....	3	9	7	18
Hítaveitur .....	1	58	—	—
Fiskveiðar .....	1	25	—	—
Iðnaður .....	—	—	1	40
Raforkumál, virkjanir .....	1	120	1	85
Samgöngur .....	3	635	—	—
Togarakaup .....	4	518	9	419
Byggingarsamvinnufélög .....	695	596	580	678
Annað .....	4	16	3	209
	735	2.099	651	1.614

Greiðslur úr Ríkisábyrgðasjóði jukust talsvert á árinu. Alls námu innleystar kröfur 1.394 m.kr., sem er 184 m.kr. hærra en árið áður. Endurgreiðslur skuldara jukust einnig, en nettógreiðslur úr sjóðnum hækkuðu samt um 90 m.kr. Yfirlit yfir innlausn krafna og endurgreiðslur skuldara á undanförunum árum fer hér á eftir.

M.kr.	1973	1974	1975	1976	1977
Innleystar kröfur .....	277	318	720	1.210	1.394
Endurgreiðslur skuldara .....	243	243	681	937	1.031
	34	75	39	273	363

Stærstur hluti greiðslna, sem á sjóðinn féllu, var vegna ferju-skipanna Herjólfis og Akraborgar, en auk þess var um verulegar greiðslur að ræða vegna togara og vegna sveitarfélaga. Skuldir sveitarfélaga við Ríkisábyrgðasjóð hafa farið lækkandi undan-

farin ár vegna aukinnar innheimtu frá Jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga. Þetta breyttist til hins verra á s.l. ári, en þá jukust skuldir sveitarfélaga við Ríkisábyrgðasjóð nokkuð.

Á fjárlögum var ekkert framlag sérstaklega til greiðslu af lán- um, sem ríkissjóður tók vegna smíði stóru skuttogaranna. Ríkis- ábyrgðasjóður varð því að greiða af þeim lánum. Alls námu greiðslur af þeim 340 m.kr. umfram innborganir frá togaraeig- endum.

Í tengslum við Ríkisábyrgðasjóð er Tryggingardeild útflutnings- lána. Starfsemi deildarinnar var engin á árinu.

#### Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Seðlabankinn veitir ríkissjóði ýmsa fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur, innlendar og erlendar, og Ríkisábyrgðasjóður annast vörzlu lána, sem ríkissjóður veitir af eigin fé eða fé, sem hann tekur að láni í því skyni að endurlána það. Heildarfjárhæð slíkra lána nam í árslok 1977 63.719 m.kr. og hækkaði á árinu um 23.462 m.kr. Lánveitingar á árinu námu alls 18.284 m.kr.

#### Spariskírteini

Í fjárlögum 1977 var fjármálaráðherra heimilað að gefa út ríkis- skuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð 1.700 m.kr. auk ríkis- skuldabréfa eða spariskírteina í stað þeirra, er innleyst kynnu að verða að viðbættum áföllnum verðbótum. Í samræmi við þessa heimild voru gefnir út tveir flokkar spariskírteina. Fyrri flokk- urinn var alls 610 m.kr. og var boðinn til sölu í marz. Skírteinin eru innleysanleg frá og með 25. marz 1982, en hámarkslánstími er 20 ár. Vextir fyrstu 5 árin eru 3% á ári, en meðalvextir allan lánstímann eru 3½% á ári. Síðari flokkurinn var boðinn til sölu í ágúst og var að fjárhæð 1.700 m.kr. Þau skírteini eru innleysan- leg frá og með 10. september 1982, en hámarkslánstími er 20 ár eins og í fyrri flokknum og vextir hinir sömu og þar. Skír- teinin eru verðtryggð, og miðast verðtrygging við hækkun vísi- tölu byggingarkostnaðar, frá því sem hún var 1. apríl 1977 varð- andi fyrri flokkinn, en 1. október 1977 varðandi hinn síðari. Þetta er fjórtánda árið, sem spariskírteini eru gefin út, og hafa alls verið gefnir út 25 flokkar skírteina samtals að nafnverði 6.863 m.kr. Nafnverð óinnleysta skírteina nam 6.607 m.kr. í lok ársins, en að viðbættum vöxtum og áföllnum verðbótum nam inn- lausnarvirði þessara skírteina 20.136 m.kr. Innlausnarverð inn- leysanlegra skírteina nam hins vegar 8.627 m.kr. við árslok 1977.

#### Happdrættisbréf

Á árinu voru gefin út happdrættisskuldabréf, J-flokkur, að verðmæti 250 m.kr. Happdrættisbréf þessi falla í gjalddaga eftir 10 ár og bera ekki vexti. Árlega eru hins vegar dregnir út vinningar að fjárhæð 25 m.kr. eða 10% af nafnverði bréfanna. Við innlausn bréfanna greiðist verðbót á höfuðstólinn miðað við

hækkun framfærsluvisitölu, frá því sem hún var 1. apríl 1977. Þetta er tíundi flokkur happdrættisskuldabréfa, sem út eru gefin, og heildarfjárhæð útgefinna happdrættisskuldabréfa nam í árslok 1977 1.860 m.kr. Að meðtalinni verðbót nam verðmæti útgefinna happdrættisskuldabréfa 4.543 m.kr. hinn 31. desember 1977.

#### **Erlend lán**

Ríkissjóður tók fjögur erlend framkvæmdalán á árinu, og var andvirði þeirra varið til opinberra framkvæmda samkvæmt lánsfjáráætlun og til framkvæmda Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja. Tvö þessara lána voru almenn markaðslán, tekin í Evrópu. Hið fyrra var \$ 20.000.000 eða um 3.824 m.kr., tekið fyrir milligöngu First Boston (Europe) Limited o.fl. Það er afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist síðan á árunum 1980—1987. Vextir eru 9% á ári, og útborgunargengi lánsins var 99½%. Síðara lánið var DM 50.000.000 eða um 4.002 m.kr. Það var tekið fyrir milligöngu Westdeutsche Landesbank-Girozentrale o.fl. Það er einnig afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist síðan á árunum 1980—1987. Vextir eru 7¾% á ári, og útborgunargengi var 100%. Ennfremur var fyrir milligöngu Seðlabankans tekið lán vegna opinberra framkvæmda samkvæmt lánsfjáráætlun 1977 að fjárhæð \$ 3.650.000 eða jafnvirði 777 m.kr. Það er til 9 ára, og vextir eru breytilegir. Tvö lán samtals að fjárhæð \$ 22.500.000 eða 4.434 m.kr. voru tekin í Bandaríkjunum fyrir milligöngu The First Boston Corporation. Lánveitendur eru tryggingarfélag og lífeyrissjóðir. Lánstími er 15 ár, en lánin eru afborgunarlaus fyrstu 4 árin og endurgreiðast á árunum 1982—1992. Lán þessi voru endurlánuð Landsvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja. Loks var seint á árinu tekið lán að fjárhæð \$ 10.000.000, eða 2.084 m.kr. á lántökudegi, vegna eignaraðildar ríkissjóðs að Íslenzka járnblendifélaginu h.f. Lánið var tekið hjá átta erlendum bönkum undir forystu Den Norske Creditbank o.fl. Lánstími er 8 ár og vilyrði um framlengingu, en endurgreiðsla hefst 4 árum eftir dagsetningu lánsins. Vextir eru breytilegir, miðaðir við millibankavexti í London á hverjum tíma. Af láni þessu voru notaðar \$ 3.000.000 á árinu eða 638 m.kr.

#### **Orkusjóður**

Framlög til sjóðsins námu alls 2.150 m.kr. Þar af var verðjöfnunargjald 895 m.kr., en framlag úr ríkissjóði af oliugjaldstekjum 1.255 m.kr. Lántökur Orkusjóðs urðu alls 3.732 m.kr. á árinu, en lánveitingar 4.014 m.kr. Af veittum lánum námu lánveitingar til Rafmagnsveitna ríkisins 3.532 m.kr., og lán til jarðhitaleitar námu 476 m.kr. Framlög og styrkir urðu alls 1.231 m.kr. Þar af var framlag til Rafmagnsveitna ríkisins af verðjöfnunargjaldi 891 m.kr. Framlög til rafvæðingar í sveitum og styrkingar dreifikerfa

### Hafnabótasjóður

í sveitum urðu 263 m.kr., en styrkir til jarðborana og jarðhitarrannsókna 77 m.kr.

Lánveitingar Hafnabótasjóðs drógust nokkuð saman miðað við fyrra ár. Alls voru veitt 50 lán að fjárhæð 166 m.kr. auk 8 bráðabirgðalána samtals að fjárhæð 121 m.kr. Heildarlánveitingar námu því 287 m.kr., sem er 59 m.kr. lægri fjárhæð en árið áður. Styrkveitingar námu 46 m.kr., sem er nokkru minna en árið á undan. Á árinu var tekið lán hjá Framkvæmdasjóði að fjárhæð 100 m.kr. Auk þess var tekið bráðabirgðalán hjá Atvinnuleysis-tryggingasjóði, 120 m.kr. Ríkisframlag til sjóðsins, sem lögum samkvæmt er 12% af framlögum ríkissjóðs til hafnargerða, nam 112 m.kr. Hreinar vaxtatekjur urðu 47 m.kr., sem er nær tvöfalt hærri en árið áður.

### Verðjöfnunar- sjóður fiskiðnaðarins

Á árinu 1977 varð mjög almennt framhald á verðhækkun sjávararafurða á erlendum mörkuðum í framhaldi þess endurbata, er varð árið áður eftir verðfall árána 1974 og 1975. Undantekningar urðu þó frá þessu með nokkurri verðlækkun á saltfiski, sem staðið hafði upp úr verðfalli afurða árin á undan, og með sölustöðvun skreiðar, svo að ekki fékkst niðurstaða um verðútkomu í reynd. Að öðru leyti einkenndist framvindan eins og árið áður af naumu kapphlaupi milli hækkunar framleiðslukostnaðar annars vegar og hækkunar afurðaverðs og gengissigs hins vegar. Reyndist óhjákvæmilegt að taka tillit til beggja viðhorfa við ákvörðun viðmiðunarverðs. Þegar tæpast stóð, kom ábyrgð ríkissjóðs á greiðslum verðbóta til skjalanna, en varð þó lítið úr í reynd. Vegna framleiðslu ársins 1976 var ýmist um innheimtu í sjóðinn eða útgreiðslu úr honum að ræða, svo að jafnaðist nokkurn veginn út á heildina lítið, en fyrir framleiðslu ársins 1977 er útlit fyrir, að innheimtur verði um tvöfalt meiri en útgreiðslur.

Á árinu 1976 var stofnuð deild fyrir skreið, og tekin var upp verðjöfnun á spærlings- og kolmunnamjöli. Á árinu 1977 var innan sömu deildar enn fremur tekin upp verðjöfnun á fiskmjöli og lýsi úr spærlingi og kolmunna, svo og á frystum hörpuðiski innan freðfiskdeildar.

Endanlegt uppgjör liggur fyrir um greiðslur vegna framleiðslu ársins 1976, nema að því er varðar skreið, en miklar birgðir af framleiðslu þess árs voru enn eftir í árslok 1977. Sama máli gegnir að sjálfsögðu um skreiðarframleiðsluna 1977, sem er svo til öll í birgðum. Miðað við umsamdar sölur er þó ekki ástæða til að áætla innheimtu í eða útgreiðslu úr sjóðnum fyrir framleiðslu 1977. Að öðru leyti er uppgjör fyrir framleiðslu ársins 1977 enn ekki að fullu lokið. Eru því tölur ársins 1977 í eftirfarandi yfirliti að nokkru byggðar á áætlun, svo og um skreið 1976.

*Greiðslur Verðjöfnunarsjóðs eftir framleiðsluárum*

Í m.kr.	Framleiðsla 1976		Framleiðsla 1977	
	Innheimt	Útgreitt	Innheimt	Útgreitt
Frystar fiskafurðir: . . . . .		428,0	257,7	
Freðfiskur . . . . .		513,8	155,0	
Humar . . . . .	44,3		31,2	
Rækja . . . . .	41,5		71,5	
Hörpudiskur . . . . .			—	—
Saltfiskafurðir . . . . .	251,9			634,0
Saltfiskur, óverkaður . . . . .	248,1			634,0
Söltuð ufsaflök . . . . .	3,8			—
Skreið . . . . .	214,5		—	—
Mjöl- og lýsisafurðir . . . . .		69,5	1.050,0	
Mjöl: . . . . .		69,5	797,0	
Loðnummjöl . . . . .		84,4	685,0	
Spærlings- og kolm.mj. . . . .	14,9		25,0	
Fiskmjöl . . . . .			87,0	
Lýsi: . . . . .	—	—	253,0	
Loðnulýsi . . . . .	—	—	253,0	
Spærlings- og kolm.lýsi . . . . .			—	—
Samtölur afurða . . . . .	567,1	598,2	1.307,7	634,0
Samtölur deilda . . . . .	466,4	497,5	1.307,7	634,0
Samtölur Verðjöfnunar- sjóðs, nettó . . . . .		31,1	673,7	

Aths.: Merkið . . . táknar, að verðjöfnun hafði ekki verið tekin upp.

Á árinu 1976 kom fyrsta sinni til kasta ríkissjóðs að greiða verð-ábyrgð á vegum sjóðsins. Hafði ríkissjóður ábyrgzt 150 m.kr. fyrir loðnummjöl á vetrarvertíð og 400 m.kr. fyrir freðfisk á haustvertíð október til desember. Urðu greiðslur vegna loðnumjöls 90 m.kr. og vegna freðfisks 83,1 m.kr. Framlög sem þessi eru veitt sem lán til sjóðsins, og endurheimti ríkissjóður þessi framlög af gengismun sjávarafurða í febrúar 1978, en af gengismun umfram það falla 65% til sjóðsins.

Við ákvörðun viðmiðunarverðs freðfisks fyrir fyrri hluta árs 1977 var ekki unnt að gera ráð fyrir greiðslum í sjóðinn, en örari verðhækkun en varð fyrir séð olli 205 m.kr. innheimtu fyrir það tímabil. Fyrir verðtímabilin júlí-september og október-desember varð að gera ráð fyrir verulegum verðbótageiðslum vegna mikillar hækkunar á viðmiðunarverði, er stóð í sambandi við hækkun fiskverðs og framleiðslukostnaðar. Sökum tæprar stöðu freðfiskdeildar tók ríkissjóður ábyrgð á þessum greiðslum. Áframhaldandi verðhækkunar og örara gengissig og loks gengislækkun urðu þess þó valdandi, að verðbætur freðfisks frá síðari hluta ársins eru nú áætlaðar aðeins um 50 m.kr. Fyrir frystan humar og rækju var innheimt í sjóðinn af framleiðslu beggja ár-

anna og það nokkuð umfram upphaflega spá, en sökum sölu-erfiðleika á hörpudiski er óviss útkoma á þeirri afurð.

Gagnstætt því sem verið hefur um árabíl varð óhagstæðari útkoma á saltfiski, þar sem mikil hækkun framleiðslukostnaðar fór saman við þó nokkra verðlækkun á helztu mörkuðum. Var við ákvörðun viðmiðunarverðs gert ráð fyrir verðbótageiðslum, og eru þær áætlaðar 634 m.kr. Um skreiðina ríkir enn sú óvissa, sem þegar er að vikið.

Verðlag á mjöl- og lýsisafurðum hélzt fremur stöðugt og mjög hátt á árinu 1977 og því eðlilegt og nauðsynlegt að fá af þeim greiðslur í sjóðinn. Sökum gengissigs eru þær greiðslur hærrí en upphaflega var gert ráð fyrir.

Reynslan af starfsemi Verðjöfnunarsjóðs hefur gefið tilefni til umræðna um hlutverk sjóðsins sem hagstjórnartækis og æskilega beitingu þess með hliðsjón af ytri skilyrðum og efnahagsástandi. Þykir því rétt að birta hér samandregið yfirlit yfir innheimtu í (+) og útgreiðslu úr (—) sjóðnum eftir sjóðdeildum og framleiðsluárgöngum frá upphafi. Tölur ársins 1977 svo og tölur yfir skreið 1976 eru bráðabirgðatölur.

*Greiðsluyfirlit Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins 1970—1977*  
Í m.kr.

<i>Framleiðslu-ár</i>	<i>Frystar fisk-afurðir</i>	<i>Saltfisk-afurðir</i>	<i>Skreiðar-afurðir</i>	<i>Mjöl- og lýsis-afurðir</i>	<i>Alls</i>
1970 . . . .	+325,0	+38,0	. . .	+31,7	+394,8
1971 . . . .	+541,9	+137,8	. . .	+17,1	+696,7
1972 . . . .	—53,8	—3,6	. . .	—55,4	—112,8
1973 . . . .	+233,7	+98,6	. . .	+327,9	+660,2
1974 . . . .	—508,3	+667,6	. . .	—148,0	+11,3
1975 . . . .	—1.241,0	+178,0	. . .	—380,0	—1.443,0
1976 . . . .	—428,0	+251,9	+214,5	—69,5	—31,1
1977 . . . .	+257,7	—634,0	—	+1.050,0	+673,7
<i>Alls:</i>					
Innheimt . .	+1.358,3	+1.371,9	+214,5	+1.426,7	+2.436,7
Útgreitt . . .	—2.231,1	—637,6	—	—652,9	—1.586,9
Nettó . . . .	—872,8	+734,3	+214,5	+773,8	+849,8

Aths.: Merkið . . . táknar, að deildin var ekki stofnuð þá.

Fyrstu árin fram til 1973 einkenndust af uppsöfnun í sjóðinn, þó að undanteknu árinu 1972. Síðari árin hafa á hinn bóginn einkennzt af útgreiðslum fram til 1977, að sjóðurinn tók nokkuð að rétta við. Árið 1974 vó uppsöfnun þó á móti útgreiðslu saltfiskdeildar og deildar fyrir mjöl og lýsi. Hefur freðfiskdeildin þegar á heildina er litið verið veikasti hlekkurinn, enda í nánustum



tengslum við almenn atvinnu- og kjaramál, þ. á m. ákvörðun almenns fiskverðs.

Ekki er fært milli deilda sjóðsins, sem eru sjálfstæðar fjárhags-  
einingar. Útgreiðslur umfram innheimtur, sbr. útkomu frysti-  
afurða, geta hins vegar gerzt við það, að innstæður eru gengis-  
tryggðar samkvæmt lögum frá 1972, en gengisuppfærsla er utan  
við greiðslufirlitið. Seðlabankinn gengistryggir sjóðinn af verð-  
mæti hreinnar gjaldeyriseignar og gengistryggðra skuldabréfa,  
meðan til hrekkur, en umfram það ábyrgist ríkissjóður gengis-  
trygginguna samkvæmt samningi þessara aðila frá 1975. Til árs-  
loka 1977 hafði gengisuppfærsla numið 2.125 m.kr., þar af 1.247  
m.kr. fyrir reikning Seðlabankans og 878 m.kr. fyrir reikning  
ríkissjóðs, þ.e. fyrir árið 1975 og fyrsta ársfjórðung 1976. Frá því  
að gengistrygging tók gildi, hefur sjóðreikningur borið vexti  
ríkisvixla í Bandaríkjunum og Bretlandi, og námu meðalvextir  
1976 8,14% og 1977 6,74%.

Raunverulegar greiðsluhreyfingar falla nokkuð öðruvísi á árin  
en yfirlitið eftir framleiðsluárnum segir til um. Þannig hefur að-  
eins á einu ári orðið nettógreiðsla úr sjóðnum, árið 1975 1.494 m.  
kr., en árið 1976 féll til nettóinnheimta um 172 m.kr. og árið  
1977 um 929 m.kr.

Heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs nam 2.427 m.kr. í árslok  
1976, en 3.926 m.kr. í árslok 1977. Átti saltfiskdeild meirihlutann  
bæði árin. Skipting innstæðu eftir deildum var þannig um síðustu  
áramót:

Stofnfjárdeild (óskipt) .....	81 m.kr.
Freðfiskdeild .....	367 m.kr.
Saltfiskdeild .....	2.382 m.kr.
Skreiðardeild .....	230 m.kr.
Mjöl- og lýsisdeild .....	866 m.kr.
Verðjöfnunarsjóður alls .....	<u>3.926 m.kr.</u>

## ÝMIS STARFSEMI BANKANS

### Seðlar og mynt

Í árslok voru seðlar og mynt í umferð 9.236,2 m.kr. og höfðu aukizt á árinu um 53,1%, en árið áður var aukningin 29% og árið 1975 27,2%.

Tafla 16 í töflusafni sýnir skiptingu seðlamagnsins á einstakar seðlastærðir og kemur þar fram, að hlutdeild 5000 kr. seðla í seðlamagninu er 83,4%, en hlutdeild 100 kr. seðla 3,3% og fer stöðugt minnkandi.

Að fjölda til eru 100 kr. seðlar hins vegar langflestir eða 50,8%, um 2,9 m. stk.

Seðlagreiningardeild bankans bærust til vinnslu 17,2 m. seðla á árinu 1977, samtals að fjárhæð 32.742 m.kr., og er það um 35,4% aukning frá árinu áður. Í mynttalningu voru talin 19,4 m. stk., samtals 263,0 m. kr. Aukning frá fyrra ári var 27,5%.

### Vaxtabreytingar á árinu 1977

Á árinu 1977 var reglum um vexti við innlánsstofnanir breytt þrívægis. Miðuðust breytingarnar við 21. marz, 1. ágúst og 21. nóvember.

Vaxtabreytingin 21. marz fólst fyrst og fremst í því, að felld var niður sérstök vaxtaákvörðun varðandi viðbótarlán viðskiptabankanna út á afurðir, þannig að þessi lán eru nú veitt með venjulegum víxilvöxtum. Jafnframt hækkuðu vextir útgerðarlána úr 11% í 13% á ári.

Hinn 1. ágúst var tekið upp nýtt vaxtakerfi með þeim hætti að skipta öllum innláns- og útlánsvöxtum nema vöxtum af tékkareikningum í tvo þætti, grunnvexti og verðbótaþátt vaxta. Skyldi verðbótaþættinum breytt að jafnaði á þriggja mánaða fresti með hliðsjón af verðlagsþróuninni, en grunnvextir breytast ekki, nema sérstakt tilefni sé til. Þessi ákvörðun hafði ekki í för með sér breytingu á almennum innlánsvöxtum, en hins vegar hækkuðu vextir af vaxtaaukainnlánum um 4% og vextir vaxtaaukaútlána um 4½%. Vextir af endurseljanlegum birgða- og rekstrarlánum atvinnuveganna breyttust með þeim hætti, að jöfnuð voru til fulls vaxtakjör einstakra atvinnuvega. Höfðu vextir þessara lána verið á bilinu 8—15%, en voru nú ákveðnir 11%. Víxilforvextir hækkuðu um ½% og aðrir útlánsvextir um 1%.

Frá og með 21. nóvember hækkaði verðbótapáttur vaxta um 3%, og jafnframt hækkuðu grunnvextir endurseljanlegra lána um 1% og grunnvextir víxla um ¼%.

Í kaflanum um peningamál er gerð nánari grein fyrir þessum vaxtabreytingum, og í töfluviðauka er yfirlitstafla um vexti einstakra flokka innlána og útlána (34. tafla).

**Gjaldskrár fyrir ýmsa þjónustu innlánsstofnana**

Gjöld fyrir ýmsa þjónustu, sem innlánsstofnanir veita, eru ákveðin í gjaldskrá, sem Seðlabankinn gefur út að fengnum tillögum gjaldskrárnefndar, sem í sitja fulltrúar Seðlabankans og innlánsstofnana. Samkvæmt gildandi lagaákvæðum er hækking gjaldskrártaxta háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Á árinu fór fram gagnger endurskoðun á gjaldskrá fyrir innlend viðskipti innlánsstofnana. Var gefin út ný gjaldskrá með gildistöku 1. júní 1977, en áður gildandi gjaldskrá var gefin út 15. marz 1974.

Unnið var að sams konar endurskoðun á gjaldskrá fyrir erlend viðskipti gjaldeyrisbankanna, en ný erlend gjaldskrá var ekki gefin út á árinu.

**Starfsemi banka-  
eftirlitsins**

Starfsemi bankaeftirlitsins á árinu 1977 var með svipuðum hætti og á undanförunum árum. Á árinu fóru starfsmenn þess til eftirlits í 36 sparisjóði. Framkvæmd var heildarathugun á efnahag og rekstri eins viðskiptabankans, þ.e. aðalbanka og öllum útibúum. Þá var gerð heildarúttekt á starfsemi fjögurra annarra bankaútibúa. Á árinu var athugað bókhald hjá 12 innlánsdeildum samvinnufélaga. Jafnhliða eftirlitsstörfum hjá innlánsstofnunum annast bankaeftirlitið margs konar úrvinnslu úr upplýsingum um efnahag og rekstur þeirra, sem reglulega berast eftirlitinu í skýrsluformi.

Fjöldi banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga var sem hér segir í árslok 1976 og 1977:

	<i>Árslok 1976</i>	<i>Árslok 1977</i>
Viðskiptabankar .....	7	7
Bankaútibú .....	67	70
Umboðsskrifstofur banka .....	16	17
Sparisjóðir .....	43	43
Umboðsskrifstofur sparisjóða .....	0	1
Innlánsdeildir samvinnufélaga .....	34	34
	<hr/>	<hr/>
Afgreiðslustaðir alls	167	172

**Útibú  
innlánsstofnana**

Á árinu opnaði Samvinnubanki Íslands h.f. nýtt útibú að Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík. Verzlunarbanki Íslands h.f. opnaði útibú að Grensásvegi 13, Reykjavík, og Iðnaðarbanki Íslands h.f. stofnaði nýtt útibú á Selfossi.

	<p>Umboðsskrifstofum banka fjölgaði úr 16 í 17 á árinu, með því að Útvegsbanki Íslands opnaði afgreiðslu að Smiðjuvegi 1 í Kópavogi.</p> <p>Á árinu opnaði Sparisjóðurinn í Keflavík umboðsskrifstofu að Hólagötu 15 í Ytri-Njarðvík.</p> <p>Veitt hafa verið leyfi til stofnunar eftirtalinna útibúa og umboðsskrifstofa, sem ekki höfðu tekið til starfa í árslok: Útibú Landsbanka Íslands á fyrirhuguðu miðbæjarsvæði í Breiðholti. Leyfið var veitt 1976. Útibú Útvegsbanka Íslands á Seltjarnarnesi. Umboðsskrifstofa Landsbanka Íslands á Djúpavogi og umboðsskrifstofa Búnaðarbanka Íslands í Varmahlíð, Skagafirði. Leyfi til stofnunar þriggja síðasttöldu afgreiðslustaðanna var veitt á árinu 1977.</p> <p>Starfsemi Reiknistofunnar gekk vel á árinu og varð veruleg aukning á tékkaverkefninu, þannig að nú eru allir afgreiðslustaðir frá Akranesi að Hvolsvelli að báðum meðtöldum þátttakendur í daglegum skjalaskiptum auk 11 fjarlægari staða, sem tengjast símlíðis.</p> <p>Færslufjöldi í tékkaverkefninu var um 15 milljónir á árinu og reikningar í notkun um 130 þúsund í lok ársins. Undirbúningsvinna fyrir fleiri verkefni var mikil á árinu og margs konar þróunarhugmyndir til athugunar og umræðu innan samstarfsnefndar og stjórnar stofnunarinnar.</p>
<b>Reiknistofa bankanna</b>	
	<p>Eins og greint var frá í ársskýrslu bankans fyrir árið 1976 hafði nýtt færslukerfi tékka tekið gildi hinn 17. janúar 1977. Ávísanaskiptadeild bankans var lögð niður í marzmánuði, og hafði hún þá lokið uppgjöri, en lögfræðileg tékkainnheimta af hálfu Seðlabankans fyrir innlánsstofnanir stóð út árið, og var þeim störfum lokið í desembermánuði. Dagleg skipti giróseðla og tékka, útgefina á sparisjóði, hefur haldið áfram í Seðlabankanum, og koma fulltrúar banka og sparisjóða á Reykjavíkursvæðinu áfram til daglegra skipta í bankanum.</p>
<b>Ávísanaskipti og tékkamál</b>	
	<p>Tillaga að nýju Seðlabankahúsi á lóð Sænska frystihússins, norðan Sölvhólsgötu, var samþykkt á fundi skipulagsnefndar Reykjavíkur 24. október og staðfest á fundi borgarráðs 2. nóvember. Engin ákvörðun hefur verið tekin um framkvæmdir, enda eru teikningar af innri gerð hússins enn á frumstigi.</p>
<b>Húsnæðismál</b>	
	<p>Seðlabankinn gefur út eftirtalin rit: Ársskýrslu, sem kemur út bæði á íslenzku og ensku, Fjármálatíðindi, Hagtölur mánaðarins og mánaðarlegan efnahag bankans. Auk þess gefur Seðlabankinn út fjölmargar skýrslur og álitsgerðir í fjölríti.</p> <p>Bókin Iceland 874—1974, sem kom út snemma árs 1975, er nú nær uppgengin þrátt fyrir stórt upplag. Engin ákvörðun hefur verið tekin um næstu útgáfu.</p>
<b>Útgáfustarfsemi</b>	

## Kjaramál starfsmanna

Með lögum nr. 34 frá 12. maí 1977 er starfsmönnum banka í eigu ríkisins veittur lögvarinn samningsréttur um laun og önnur starfskjör. Lögin gera einnig ráð fyrir, að starfsmenn geti beitt verkfalli í kjaradeilu, þó með ýmsum takmörkunum.

Samhliða lagasetningu þessari var undirritað samkomulag um kjarasamninga félagsmanna Sambands ísl. bankamanna milli bankaráða banka í eigu ríkisins og stjórnar S.Í.B. Samkomulagið kveður á um framkvæmd kjarasamninga, uppsagnarfrest þeirra, gildistíma, verkfallsboðun, aðild sáttasemjara og fleira.

Ofangreind lög og áminnt samkomulag eru að efni til nokkuð frábrugðin lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og er helzt að nefna ákvæði um gerðardóm í kjaradeilu og hverjum er skylt að vinna, meðan verkfall stendur.

Auk banka í eigu ríkisins hafa hlutafélagabankarnir gerzt aðilar að samkomulaginu, en starfsmenn þeirra eru allir félagar í S.Í.B. Gert er ráð fyrir, að Samband ísl. sparisjóða eða sparisjóðir hver fyrir sig geti einnig gerzt aðilar að því.

Í lok marz sagði Samband ísl. bankamanna upp samkomulagi um laun og kjör, sem gert hafði verið í júní 1976 við bankana.

Samningsaðilar gengu til samninga samkvæmt ákvæðum laga um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins og samkomulags um kjarasamninga félagsmanna Sambands ísl. bankamanna, og voru samningar undirritaðir hinn 1. nóvember, viku áður en boðað verkfall bankamanna átti að koma til framkvæmda. Auk kjarasamningsins var undirritaður sérstakur samningur um trúnaðarmenn S.Í.B. og aðildarfélaga þess.

Á síðastliðnu hausti (1977) staðfesti forseti Íslands skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð. Skipulagsskráin var síðan gefin út af dómsmálaráðherra, og er hún nr. 361 frá 30. september 1977. Stofnfé sjóðsins, 300 m.kr., er ágóði af útgáfu Seðlabanka Íslands á þjóðhátíðarmynd í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi 1974, og skal það varðveitt í Seðlabanka Íslands og ávaxtað með hagkvæmustu kjörum á grundvelli verðtryggingar eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

- a) Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skal renna til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs.
- b) Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skal renna til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns.

## Þjóðhátíðarsjóður

Að öðru leyti úthlutar stjórn sjóðsins ráðstöfunarfé hverju sinni í samræmi við megintilgang hans, og komi þar einnig til álita viðbótarstyrkir til þarfa, sem getið er í liðum a) og b).

Í stjórn sjóðsins eru fimm menn, skipaðir til fjögurra ára. Þrír eru kjörnir af sameinuðu Alþingi, einn tilnefndur af ríkisstjórn Íslands og einn af Seðlabanka Íslands. Sömu aðilar kjósa og skipa jafnmarga varamenn til sama tíma. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Stjórnin þiggur ekki laun fyrir störf sín.

Seðlabanki Íslands annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust samkvæmt nánara samkomulagi milli bankans og sjóðsstjórnar.

Í stjórn sjóðsins eiga sæti sem aðalmenn: Björn Bjarnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, tilnefndur af ríkisstjórn Íslands, og er hann formaður sjóðsstjórnar, Gísli Jónsson, menntaskólakennari, Eysteinn Jónsson, fyrrverandi ráðherra, Gils Guðmundsson, alþingismaður, kosnir af Alþingi, og Jóhannes Nordal, tilnefndur af Seðlabanka Íslands, og er hann varaformaður sjóðsstjórnar. Sveinbjörn Hafliðason var fenginn til þess að gegna störfum ritara.

#### **Viðlagasjóður**

Þótt starfsemi Viðlagasjóðs lyki formlega í árslokin 1976, starfaði skrifstofa hans áfram að frágangi mála samkvæmt umboði Viðlagatryggingar Íslands. Seðlabankinn annaðist áfram bókhald Viðlagasjóðs svo og í auknum mæli innheimtu víxla og skuldabréfa sjóðsins, en verðbréf þessi voru flest veðsett til tryggingar skuldabréfi að upphæð 1.200 m.kr., sem Seðlabankinn keypti af sjóðnum til uppgjors á yfirdráttarskuldum hans.

#### **Viðlagatrygging Íslands**

Viðlagatrygging Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 32/1975 og hefur sérstaka stjórn. Seðlabankinn hefur á hendi bókhald og endurskoðun svo og varðveizlu og ávöxtun á innstæðum stofnunarinnar, en þau störf hafa ekki verið umfangsmikil hingað til.

## STJÓRN BANKANS OG STARFSLIÐ

### Stjórn bankans

Engin breyting varð á árinu á skipan bankastjórnarinnar. Dr. Jóhannes Nordal er formaður bankastjórnarinnar til marzloka 1979. Bankastjórn kýs sér sjálf formann til ekki skemmri tíma en eins árs í senn.

Núverandi bankaráð var kjörið á Alþingi í árslok 1976 til fjögurra ára. Tók það til starfa í ársbyrjun 1977. Formaður þess er Jón Skaftason, alþingismaður, og varaformaður Sverrir Júlíusson, forstjóri. Bankaráðið hélt 22 fundi á árinu.

### Starfslíð

Starfsmenn í heilsdagsstarfi voru samtals 117 í lok ársins, og eru þá þrír starfsmenn Iðnþróunarsjóðs taldir með. Varð fækkun um einn starfsmann á árinu.

## STJÓRN SEÐLABANKA ÍSLANDS

31. desember 1977

### Bankastjórn

*Dr. Jóhannes Nordal, formaður*

*Davíð Ólafsson*

*Guðmundur Hjartarson*

### Bankaráð

*Jón Skaftason, alþingismaður, formaður*

*Sverrir Júlíusson, forstjóri, varaformaður*

*Ingi R. Helgason, hæstaréttarlögmaður*

*Pétur Sæmundsen, bankastjóri*

*Halldór Ásgrímsson, alþingismaður*

### Varamenn

*Ólafur B. Thors, borgarfulltrúi*

*Geir Magnússon, framkvæmdastjóri*

*Haukur Helgason, hagfræðingur*

*Jón G. Sólmes, alþingismaður*

*Eiríkur Tómasson, stjórnarráðsfulltrúi*

### Aðstoðarbankastjórar

*Björn Tryggvason*

*Sigurgeir Jónsson*

*Sveinn Jónsson*

### Hagfræðingur

*Bjarni Bragi Jónsson*

## AÐRIR HELZTU STARFSMENN

- Aðalbókhald: *Jóhann T. Ingjaldsson, aðalbóhafi*  
*Sigmundur Andrésson, deildarstjóri*
- Aðalfjárhirzla: *Stefán B. Stefánsson, aðalféhirðir*  
*Sighvatur Jónasson, afgreiðslustjóri*  
*Torfi Ólafsson, deildarstjóri seðlagreiningar*  
*Sígfús Styrkársson, verðbréfadeild*
- Aðalskrifstofa: *Sigurður Örn Einarsson, skrifstofustjóri*  
*Skúli Sigurgrímsson, deildarstjóri*  
*Ágústa Johnson, fulltrúi*
- Alþjóðadeild: *Sigurgeir Jónsson, aðstoðarbankastjóri*  
*Geir Haarde, hagfræðingur*
- Bankaefitirlit: *Þórður Ólafsson, deildarstjóri*
- Endurskoðunardeild: *Gunnlaugur Arnórsson, aðalendurskoðandi*  
*Bjarni Kjartansson, deildarstjóri*
- Gjaldeyriseftirlit: *Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður*  
*Jón V. Halldórsson, deildarstjóri*  
*Ísólfur Sigurðsson, deildarstjóri*  
*Sveinn Sveinsson, lögfræðingur*
- Hagfræðideild: *Bjarni Bragi Jónsson, hagfræðingur*  
*Ólafur Tómasson, forstöðumaður greiðslujafnaðardeildar*  
*Eiríkur Guðnason, forstöðumaður peningamáladeildar*  
*Sveinn E. Sigurðsson, viðskiptafræðingur*  
*Ingvar A. Sígfússon, viðskiptafræðingur*  
*Eiður H. Einarsson, viðskiptafræðingur*  
*Ingimundur Friðriksson, hagfræðingur*
- Innlend viðskipti: *Sveinn Jónsson, aðstoðarbankastjóri*  
*Ragnar Haflíðason, viðskiptafræðingur*
- Lánafulltrúar: *Garðar Ingvarsson, hagfræðingur*  
*Hjörtur Pjetursson, löggiltur endurskoðandi*
- Lánadeild: *Pétur Urbancic, deildarstjóri*
- Lögfræðideild: *Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóri*  
*Björn Ólafs, lögfræðingur*  
*Sveinbjörn Haflíðason, lögfræðingur*  
*Sígfús Gauti Þórðarson, lögfræðingur*
- Rekstrar- og starfsmannahald: *Stefán Þórarinnsson, rekstrar- og starfsmannastjóri*  
*Jón H. Friðsteinsson, deildarstjóri*
- Ríkisábyrgðasjóður: *Harald Andrésson, forstöðumaður*  
*Sigurður Thoroddsen, deildarstjóri*
- Útgáfustarfsemi og bókasafn: *Valdimar Kristinnsson, ritstjóri*  
*Haraldur Hannesson, bóka- og skjalavörður*



## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM

### Um gerð ársreikninga

Á síðasta ári voru gerðar nokkrar breytingar á rekstrar- og efnahagsreikningum, frá því sem áður hafði verið, og einnig var þá ákveðið að gefa nánari upplýsingar og sundurliðanir í sérstakri skýringaskrá sem fylgiriti með reikningunum í stað þess að auka umfang þeirra meira en orðið er með slíku efni. Er hér einkum um að ræða skýringar, er varða mat og sundurliðun eigna, hreyfingar á eiginfjárreikningum og fleiri þætti reikninganna, sem að mati stjórnenda bankans eða endurskoðenda kunna að þarfnast nánari skýringa.

### Eignarhluti í stofnunum

- Hlutafjäreign í Bank for International Settlements er talin með erlendum verðbréfum og nemur kr. 63.002.740.
- Hlutdeildarbréf fyrir framlögum til Útflutningslána sjóðs að upphæð 75 m.kr. eru talin með verðbréfum fjárfestingarlánastofnana.
- Aðild Seðlabankans að Reiknistofu bankanna er ekki eignfærð, enda að formi til aðeins um sameiginlega starfrækslu að ræða, en ekki sameign, sbr. samstarfssamning þar um.

### Fasteignir og lausafjármunir

a) *Fasteignir:* *i þús. kr.*

	Eignarhluti %	Fasteignamat 31/12/77				Bókfært verð
		Húsamat	Lóðamat	mat 1/1/77		
Austurstræti 11 .....	50	91.801	99.065	292.223	2.000	
Dugguvogur 9—11 ..	31,9	10956		18.200	3.500	
Ægisíða 54 .....	50	14.074		19.207	0	
Sölvhólgata 2 .....	100		299.048		4.079	
	Samtals	116.831	398.113	329.630	9.579	

- Bifreiðar:* Bankinn á fjórar bifreiðar, og hefur kaupverð þeirra verið afskrifað.
- Vélar og húsbúnaður:* Verðmæti véla og húsbúnaðar nam 103,3 m.kr. samkvæmt tryggingaskrá.
- Bóka- og mynisafrn:* Verðmæti bóka- og mynitsafns nam 65 m.kr. samkvæmt tryggingaskrá.

**Sérstakar ráðstafanir eiginfjár**

Spariskírteini og happdrættisskuldabréf ríkissjóðs í eigu bankans hafa nú verið færð til eignar samkvæmt vísitöluverðgildi. Hækkun til og með árinu 1976 að upphæð kr. 59.550.000 var færð á varasjóð, en hækkun ársins 1977 að upphæð kr. 48.435.000 var færð með vaxtatekjum sem eðlileg ávöxtun þess árs.

Hlutdeild gengistryggðra útlána í heildarútlánnum bankans hefur farið vaxandi á árinu 1977 og jafnframt breytt tekjugrundvelli rekstrarreiknings til hlutfallslegrar lækkunar vaxtatekna. Þessi tegund útlána, sem bókast með innlendum verðbréfum (E-fl. vbr.), skilar nú til rekstrarreiknings vöxtum, sem nema tæpum helmingi á við önnur almenn útlán bankans. Hins vegar hafa gengistryggðu lánin verið færð upp til samræmis við gengisskráningu í lok hvers mánaðar með beinni færslu á gengisreikning og gengishagnaður eða gengistap því ekki haft áhrif á rekstrarreikning. Vegna ofangreindrar þróunar var ákveðið að færa vissan hluta vaxtamunarins að upphæð 396,5 m.kr. af árshreyfingum gengisreiknings til aukningar vaxtatekna af gengistryggðum útlánnum bankans.

Á tveim undanförunum árum var afskrifað gengistap alls að upphæð 435 m.kr. Með hliðsjón af mikilli hækkun gengisreiknings var talið eðlilegt að millifæra til varasjóðs 400 m.kr. til endurgreiðslu ofangreindra afskrifta.

**Eiginfjárreikningar**

a) <i>Varasjóður:</i>			
Staða 1/1 1977 . . . . .	kr.	800.000.000	
Upphækkun spariskírteina . . . . .	—	59.550.000	
Vextir fyrir árið 1977 . . . . .	—	135.000.000	
Endurgreidd áður afskrifuð gengistöp . . . . .	—	400.000.000	
Ráðstöfun 31/12 1977 . . . . .	—	5.450.000	
			Staða 31/12 1977 kr. 1.400.000.000
b) <i>Húsbyggingarsjóður:</i>			
Staða 1/1 1977 . . . . .	kr.	235.000.000	
Vextir fyrir árið 1977 . . . . .	—	35.000.000	
			Staða 31/12 1977 kr. 270.000.000
c) <i>Arðjöfnunarsjóður:</i>			
Staða 1/1 1977 . . . . .	kr.	90.000.000	
Vextir fyrir árið 1977 . . . . .	—	10.000.000	
			Staða 31/12 1977 kr. 100.000.000
d) <i>Óráðstafaður tekjuafgangur:</i>			
Frá fyrra ári . . . . .	kr.	3.984.843	
Af rekstrarreikningi 1977 . . . . .	—	6.669.380	
Ráðstöfun á eiginfjárreikning . . . . .	— ÷	5.450.000	
			Staða 31/12 1977 kr. 5.204.223

e) <i>Gengisbreytingareikningar:</i>				
a) Gengisbreytingareikningur	.....	kr.	÷	540.559.248
b) Gengisreikningur 1/1 1977	..	460.491.556		
Hreyfingar árið 1977	+	1.494.469.133		
Afskr. endurgr. til varasjóðs	÷	400.000.000		
Vaxtaauki v/E-fl. verðbr.	÷	396.500.000	—	1.158.460.689
				<hr/>
Nettó-staða 31/12 1977		kr.		617.901.441

**Arðsjóður**

Staða 1/1 1977	.....	kr.	138.300.000
Arður af stofnfé	.....	—	60.000.000
Vextir fyrir árið 1977	.....	—	22.130.000
			<hr/>
		kr.	220.430.000
÷ hluti Vísindasjóðs, hálfar tekjur ársins	.....	—	41.065.000
			<hr/>
		Staða 31/12 1977	kr. 179.365.000

**Ábyrgð utan efnahagsreiknings**

Hinn 4. apríl 1974 samþykkti Seðlabankinn ábyrgð (Promissory Notes) á skuldbindingum Landsvirkjunar gagnvart V/o Energomachexport í Moskvu að upphæð Sfr. 15.276.826,25. Ábyrgðin er nú Sfr. 12.291.550,15, sem jafngildir kr. 1.305.952.620 samkvæmt lokagengi ársins.

## Seðlabanki Íslands

<i>Eignir</i>	Krónur
<b>Erlendar eignir í frjálsum gjaldeyri:</b>	
a) Gullmynt . . . . .	kr. 351.470.000
b) Sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn . . . . .	— 690.439.000
c) Gullframlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins . . . . .	— 1.489.431.000
d) Erlendir bankar o. fl. . . . .	— 12.713.071.800
e) Erlend verðbréf og ríkisvixlar . . . . .	— 7.527.666.000
	22 772 077 800
Krónuframlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins . . . . .	4 468 293 000
<b>Innlánsstofnanir:</b>	
a) Óinnleystir tékkar . . . . .	kr. 42.906.127
b) Reikningsskuldir . . . . .	— 2.108.123.660
c) Önnur stutt lán . . . . .	— 959.000.000
d) Verðbréf . . . . .	— 2.101.785.709
e) Endurkeyptir vixlar . . . . .	— 26.499.352.000
f) Endurlánað erlent lánsfé . . . . .	— 1.640.722.476
	33 351 889 972
<b>Fjárfestingarlánastofnanir:</b>	
a) Verðbréf . . . . .	kr. 2.391.938.652
b) Endurlánað erlent lánsfé . . . . .	— 1.211.403.865
	3 603 342 517
